



skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn






Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!



Nýr tilboðsbæklingur í dag



# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
2. mars 2011
48. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Í vondum málum**

*John Galliano rekinn frá Dior eftir að hann sagðist elska Hitler.*


fólk 22


**Tvö hótel senn opnuð**

*Tvö ný hótel hefja starfsemi í Reykjavík fyrir sumarið. Fleiri hótel eru í smíðum.*


MARKAÐURINN 4




**Chelsea vann United**

*Chelsea vann í gær 2-1 sigur á Manchester United í stórskemmtilegum leik.*


sport 21


**veðrið í dag**





**HVESSIR VESTRA** Í dag verða vestan 8-15 m/s og úrkomulítið, en hvassara SA-til í fyrstu. Gengur í vaxandi S-átt með vætu V-til seint í kvöld. Hiti víða um frostmark.


VEÐUR 4






**Í HÆSTU HÆÐUM** Engan skyldi undra að sumir gangi á milli staða í stað þess að aka nú þegar eldsneyti er dýrara en nokkru sinni fyrr. Skattlagning á bensíni hefur verið gagnrýnd, en ríkisstjórnin er að mynda starfshóp til að greina málin frekar. **Sjá síðu 4** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Heimta fé af BVS í kjölfar skýrslunnar

**Einn rekstraraðili sem telur sig hafa verið hlunnfarinn hefur sent Barnaverndarstofu erindi í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna meðferðarheimila. Annað er væntanlegt og fleiri hafa spurst fyrir.**

**STJÓRNSÝSLA** Fyrrverandi eigandi meðferðarheimilis sem rekið var á grundvelli þjónustusamnings við Barnaverndarstofu (BVS) hefur sent BVS formlegt erindi í kjölfar þess að Ríkisendurskoðun gaf út skýrslu í síðustu viku um rekstur slíkra heimila. Hann telur að með vísan til þess sem fram komi í skýrslunni sé ljóst að hann hafi verið hlunnfarinn við uppgjör á samningi sínum og krefst þess að honum verði bætt það sem upp á vanti.

Þetta staðfestir Bragi Guðbrandsson, forstjóri BVS. „Við erum þegar búin að fá eitt erindi sem varðar starfslok þar sem óskað er eftir fyrirgreiðslu á grundvelli jafnræðissjónarmiða með vísan til skýrslunnar," segir hann.

Í skýrslunni gagnrýndi Ríkisendurskoðun svokallaðar „sanngirnisbætur" til þriggja heimila, Torfastaða, Árbótar og Götusmiðjunnar. Harðasta gagnrýnin var á greiðsluna til Árbótar, sem ekki var talin nein lagaskylda eða málefnalegar röksemdir fyrir, en hinar voru þó sagðar orka verulega tvímælis.

Alls hefur þjónustusamningum fjórtán sinnum verið rift við rekstraraðila áður en samningstíminn rann út, stundum að frumkvæði þeirra sjálfra, en einungis í framangreind þrjú skipti var samið um uppgjörsgreiðslur.

Bragi segir að í erindinu sé vísað til fordæmisins sem skapast hafi af tilteknum þætti Torfastaðamálsins en hann vill ekki gefa upp hvaða rekstraraðili það er sem sendi erindið. Þá segist hann ekki vita um hversu miklar upphæðir geti verið að ræða, enda séu þær ekki nefndar í erindinu og töluverð vinna gæti verið að reikna þær út.

> Þeir segja að ef þeir hefðu bara haft vit á að notfæra sér tengsl við stjórnmálamenn til að knýja fram betri úrlausn þá blasi við að þeir hefðu fengið meira í sinn hlut.
>
> **BRAGI GUÐBRANDSSON**
> FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU

Bragi segist vita að annað svipað erindi sé á leiðinni, þar sem rekstraraðili telur sig hafa fengið lægri greiðslur en hann átti heimtingu á ef marka megi skýrsluna. „Síðan eru það fyrirspurnir sem ekki hafa leitt til erindis enn sem komið er – innhringingar og menn að skoða sína stöðu og ráðfæra sig við lögmenn," bætir hann við. Ómögulegt sé að segja til um hvort þær verði að formlegum erindum.

„Menn sem hafa áður verið í samstarfi við okkur eru ósáttir. Þeir segja að ef þeir hefðu bara haft vit á að notfæra sér tengsl við stjórnmálamenn til að knýja fram betri úrlausn þá blasi við að þeir hefðu fengið meira í sinn hlut," segir Bragi. **- sh**

Landsdómur kemur saman fyrir opnum tjöldum í fyrsta sinn eftir helgi:

# Tvö kærumál á borði landsdóms

**LANDSDÓMUR** Fyrsta opna þinghald landsdóms fer fram næsta þriðjudag klukkan eitt í Þjóðmenningarhúsinu. Fyrir dómnum liggur að úrskurða um tvö atriði.

Annars vegar þarf dómurinn að taka afstöðu til þess hvort Héraðsdómur Reykjavíkur skuli fjalla um frávísunarkröfu Geirs H. Haarde áður en úrskurðað verður um það hvort Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis, fær í hendur tugi skýrslna rannsóknarnefndar Alþingis frá Þjóðskjalasafni.

Héraðsdómur hafnaði því að taka kröfuna til greina á meðan málið væri enn á rannsóknarstigi en Geir kærði þann úrskurð til landsdóms. Hins vegar þarf landsdómur að úrskurða um þá kröfu Sigríðar að hún fái að leggja hald á tölvupósthólf Geirs úr forsætisráðherratíð hans.

Fyrst óskaði Sigríður eftir tölvupóstsamskiptum Geirs frá Þjóðskjalasafni. Hún féll síðan frá því þegar í ljós kom að þar var lítið að hafa og sneri sér að forsætisráðuneytinu.

Ráðuneytið hafnaði óskinni og Sigríður kaus að kæra þá ákvörðun beint til landsdóms, úr því að hann þurfti á annað borð að koma saman. Fljótlegra væri að fá endanlega niðurstöðu strax. **- sh**


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN





ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. visir.is

OPIÐ 24 TÍMA

Opið allan sólarhringinn í Skeifunni

Office1

ms.is

26% Gouda ostur í kílóastykkjum á tilboði





HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

## SPURNING DAGSINS



*Jón Viðar, hefðuð þið ekki betur haldið ykkur á mottunni?*

„Jú, mikið rétt, en maður veit ekki alltaf hvar mottan er.“

Slökkviliðsmenn biðu lægri hlut fyrir lögreglumönnum í íshokkíleik í tilefni ef upphafi átaksins Mottumars. Jón Viðar Matthíasson er slökkviliðsstjóri.

Tillögur um hagræðingu í skólum Reykjavíkur lagðar fram í borgarráði á morgun:

# Sameining áætluð hjá þrjátíu leikskólum

**SKÓLAR** Samkvæmt tillögum sem lagðar verða fram í borgarráði á morgun er gert ráð fyrir að þrjátíu leikskólar verði sameinaðir í fjórtán og stjórnendum þeirra, leikskólastjórum og aðstoðarleikstjórum, sagt upp en sumir endurráðnir í yfirmannastöðurnar að nýju. Hinum verður boðið að starfa áfram með aðrar starfsskyldur og lægri laun.

Einnig er gert ráð fyrir að frá næsta hausti verði frístundaheimili, sem rekin hafa verið í grunnskólum, sett undir eina stjórn í skólunum sjálfum en verði ekki stýrt annars staðar úr borgarkerfinu eins og nú er. Þá sameinast sex grunnskólar um þrjár yfirstjórnir. Þetta á við um Álftamýrar- og Hvassaleitisskóla, Borga- og Engjaskóla og Korpu- og Víkurskóla. Í tveimur tilvikum á að sameina yfirstjórnir grunnskóla og leikskóla.

Þessar tillögur „starfshóps um greiningu tækifæra í lærdómsumhverfi barna í Reykjavíkur“ voru kynntar í menntaráði borgarinnar í þriðjudag. Borgarráð mun ákveða á morgun hvort tillagan verður send til umsagnar út í hverfin og skólana.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er samstaða innan borgarstjórnar með suma þætti þessarar áætlunar en ekki um aðra. Helst óttast menn að við breytinguna muni sumir af reyndustu starfskröftum leikskólanna hverfa á braut á sama tíma og mjög stór árgangur leikskólabarna bíður þess að hefja skólagöngu sína. - gar



**LEIKSKÓLABÖRN** Talsverðar sameiningar verða í yfirstjórn leikskóla borgarinnar samkvæmt tillögu starfshóps. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fasteignamatið 100 milljónir:

## Ríkiskaup auglýsa Efri-Brú

**STJÓRNSÝSLA Ríkiskaup hafa auglýst eftir tilboðum í húseignir og 37 hektara land að Efri-Brú í Grímsnes- og Grafningshreppi.**

**Húsakosturinn samanstendur af gisti- og þjónustumiðstöð og sambyggðu íbúðarhúsi, þremur parhúsum og tveimur íbúðarhúsum, samtals rúmlega 1.400 fermetrar að stærð, auk útihúsa.**

**Ríkið keypti Efri-Brú árið 2003 undir starfsemi Byrgisins. Þar var áður rekin ferðaþjónusta. Þegar Byrgið var lagt niður 2007 fékk Götusmiðjan aðstöðu að Efri-Brú. Á síðasta ári var starfsemi hennar leyst upp.**

**Fasteignamat eignanna er rúmar hundrað milljónir og brunabótamat rúmlega 350 milljónir.** - bþs

Verndaráætlun um þjóðgarð:

## Ráðherra rökstyðji ákvörðun

**ALÞINGI Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í umhverfisnefnd hafa óskað eftir að Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra rökstyðji ákvörðun sína um staðfestingu verndaráætlunar um Vatnajökulsþjóðgarð.**



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

**Vilja þeir að ráðherrann geri það á opnum fundi umhverfisnefndar.**

**Í verndaráætluninni eru ýmsar takmarkanir á útivist, umferð og veiðum innan þjóðgarðsins. Krefja sjálfstæðismenn ráðherra meðal annars um upplýsingar um þar samráð sem hann hafði við helstu hagsmunaaðila um málið.** - bþs

# Meðaldvalartími á Sogni um fjögur ár

**Meðaldvalartími ósakhæfra brotamanna sem vistaðir eru á Sogni er um fjögur ár að meðaltali, að sögn yfirlæknis á réttargeðdeildinni. Meðalaldur þeirra sem þar dvelja er um 30 ár. Gunnar Rúnar Sigurþórsson var dæmdur til vistunar þar í gær.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Mér sýnist að meðaldvalartími einstaklinga á Sogni sé um fjögur ár og meðalaldur þeirra sem þar eru nú í kringum þrjátíu ár. Karlmenn hafa verið og eru í meirihluta.“

Þetta segir Sigurður Páll Pálsson, yfirlæknir á Sogni. Hann segir að frávikin geti verið frá minnst tveggja ára dvöl upp í átján ár. Í einstaka tilfellum hafi fólk dvalið þar ævilangt.

Sigurður segir að á Sogni séu sjö pláss. Þau séu missetin eftir tímabilum.

„Þess ber að geta að við erum með jafnmarga einstaklinga í eftirliti úti í samfélaginu. Þeir eru með skilyrðisdóma, þannig að veikist þeir eða geri eitthvað af sér, þá fara þeir aftur inn. Fjöldi einstaklinga á Sogni getur því breyst frá einni viku til annarrar.“

Sigurður segir að eigi einstaklingur alvarlega hluti að baki fái hann oft svokallaðan rýmkunardóm hjá héraðsdómstól, sem heimili honum að hafa búsetu annars staðar. Slík heimild sé háð ströngum skilyrðum um nákvæmt eftirlit frá Sogni í tiltekinn tíma. Þetta eftirlit geti varað árum saman áður en einstaklingur fær svonefndan losunardóm, sem þýðir að hann sé metinn fær um að axla ábyrgð á lífi sínu og gjörðum í samfélaginu.

Sigurður segir að miðað við hin Norðurlöndin þyrfti Sogn að hafa yfir að ráða tólf til átján plássum ef vel ætti að vera.

„Einnig má setja spurningarmerki við staðsetninguna, því þegar fólk fer í endurhæfingu úti í samfélaginu höfum við engar deildir tengdar Sogni á höfuðborgarsvæðinu, en það væri æskilegt.“ jss@frettabladid.is



**Á SOGN** Gunnar Rúnar Sigurþórsson hefur dvalið á réttargeðdeildinni á Sogni að undanförnu og mun dvelja þar áfram.

### Gunnar Rúnar á Sogn

Gunnar Rúnar Sigurþórsson, sem banaði Hannesi Þór Helgasyni í Hafnarfirði í ágúst á síðasta ári, var í gær dæmdur í Héraðsdómi Reykjaness til að sæta öryggisgæslu á Sogni. Samkvæmt krufningarskýrslu hlaut Hannes tuttugu mismunandi sár, að minnsta kosti fimm skurði og fimmtán stungusár. Dánarorsök var blóðmissir vegna alvarlegra áverka á hjarta, lunga og hægra nýra, sem honum höfðu að líkindum verið veittir með hnífi.

Gunnar Rúnar var dæmdur til að greiða foreldrum Hannesar hvoru um sig 1,8 milljónir í miskabætur, auk vaxta og verðtryggingar upp á 1,2 milljónir. Þá skal hann greiða unnustu Hannesar 1,2 milljónir króna.

Þrír geðlæknar höfðu metið Gunnar Rúnar ósakhæfan og hættulegan, enda hefði hann lýst ofbeldisfullum hugsunum gagnvart fanga meðan hann sat í gæsluvarðhaldi. Í dómnum var því kveðið á um að hann skyldi sæta öryggisgæslu.

Fjölskylda og aðstandendur Hannesar heitins sendu frá sér yfirlýsingu í gær, þar sem það var sögð óásættanleg niðurstaða að Gunnar Rúnar væri dæmdur ósakhæfur. Jafnframt var átalið að ekki skyldi tilkynnt um dómsuppkvaðningu með fyrirvara.



**SIGURVISS** Börn voru látin veifa fánum uppreisnarmanna í borginni Nalut, skammt frá Trípólí. NORDICPHOTOS/AFP

Pattstaða komin upp í Líbíu:

## Árás hrundið og sigri fagnað

**LÍBÍA, AP Liðsmenn Gaddafís virðast ekki ráða við þá stórsókn gegn uppreisnarmönnum sem Gaddafí sjálfur hefur ítrekað boðað.**

**Í fyrrinótt réðust hersveitir og málaliðar á vegum Gaddafís á borgina Zawiya, sem er skammt frá höfuðborginni. Uppreisnarmenn voru þó ekki lengi að hrinda þeirri árás og fögnuðu sigri með því að gæða sér á sælgæti og svaladrykkjum.**

**„Við óttuðumst loftárásir en af þeim varð ekki,“ sagði einn íbúa borgarinnar. Á hinn bóginn virðast uppreisnarhóparnir varla nógu skipulagðir heldur til að ráðast á Trípólí og ná henni úr höndum Gaddafís.**

**Líbíu var í gær vikið úr mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna fyrir ítrekuð mannréttindabrot gegn eigin borgurum.** - gb / sjá síðu 6

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Tvö hundruð sektaðir

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafði um helgina afskipti af rúmlega tvö hundruð ökumönnum sem gáfu ekki stefnuljós þegar við átti. Þeir eiga nú allir sekt yfir höfði sér. Lögregla fylgist þessa dagana sérstaklega með stefnuljósanotkun ökumanna.


60 ára og eldri

Leikfimi fyrir 60 ára og eldri.
Einfaldar æfingar, aðhald, stuðningur
Komdu og vertu með! -
Góður félagsskapur

Mán og mið kl. 11-12
Lokað námskeið (4 vikur)

**Verð kr. 9.900.-**



HEILSUBORG
Þegar þú vilt fá það besta út úr lífinu!
Faxafeni 14 www.heilsuborg.is


Ofbeldismenn úr Barðastrandarmálinu fá nýja fangelsisdóma:

# Dæmdir til fangelsisvistar fyrir hrottalega árás í Reykjanesbæ

**DÓMSMÁL** Tveir rúmlega tvítugir menn hafa verið dæmdir í tveggja og tveggja og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir þátttöku í hrottalegri árás á 64 ára mann, eiginkonu hans og dóttur. Árásin átti sér stað í Reykjanesbæ.

Annar mannanna, Axel Karl Gíslason, var dæmdur til tveggja og hálfs árs fangelsisvistar, og hinn, Viktor Már Axelsson, í tveggja ára fangelsi.

Annar mannanna var einnig dæmdur fyrir fjárkúgun eftir að hann reyndi að innheimta símleiðis skuld sem mennirnir töldu barnabarn mannsins í Reykjanesbæ skulda sér.



**DÆMDIR FYRIR ÁRÁS** Viktor Már Axelsson og Axel Karl Gíslason.

Maðurinn sem ráðist var á var að setja kornabarn dóttur sinnar inn í bíl fyrir utan heimilið þegar piltarnir réðust að honum. Var honum hótað lífláti með hnífi auk þess sem hann var kýldur í andlit og ítrekað sparkað í líkama hans og höfuð. Þeir spörkuðu einnig í konu mannsins og dóttur.

Bræður Viktors og Axels hlutu einnig dóma í málinu. Annar þeirra var dæmdur fyrir að hóta lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra lífláti. Hann var dæmdur í þriggja mánaða fangelsi.

Hinn var dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir aðild sína að þjófnaði en hann rauf þar með skilorð.

Axel og Viktor afplána nú fangelsisdóm vegna þátttöku í Barðastrandarmálinu svonefnda þar sem ráðist var á aldraðan úrsmið og honum haldið föngnum á heimili sínu. - jss

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Ég veit þú kemur!

## Sigríður og Sigurður syngja uppáhaldslögin

Mið. 01.06. » 17:00

Tveir af flottustu dægurlagasöngvurum þjóðarinnar, Sigríður Thorlacius og Sigurður Guðmundsson, flytja söngperlur frá 6. og 7. áratugnum í nýjum búningi með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hljómsveitarstjóri er Bernharður Wilkinson. Ekki missa af þessum frábæru söngvurum syngja uppáhaldslögin sín.





JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

BAKHJARLAR

BORGUN · VÍS · Morgunblaðið

**OPNUNARTÓNLEIKAR HÖRPU**

Mið. 04.05. » 20:00
Fim. 05.05. » 20:00

· **Þorkell Sigurbjörnsson:** UPPSELT
*Velkomin Harpa (frumflutningur)*
· **Edvard Grieg:** *Píanókonsert*
· **Ludwig van Beethoven:** *Sinfónía nr. 9*

**Vladimir Ashkenazy** hljómsveitarstjóri
**Víkingur Heiðar Ólafsson** einleikari
**Christiane Oelze, Sesselja Kristjánsdóttir, Kolbeinn Jón Ketilsson, Bjarni Thor Kristinsson** einsöngvarar

**KAUFMANN Á LISTAHÁTÍÐ**

Lau. 21.05. » 17:00

· **Aríur og forleikir úr Tosca eftir Puccini, Carmen eftir Bizet, Cavalleria Rusticana eftir Mascagni, Lohengrin eftir Wagner, o.fl.**

**Jonas Kaufmann** einsöngvari
**Peter Schrottner** hljómsveitarstjóri

**MAHLER-VEISLA**

Lau. 28.05. » 17:00

· **Gustav Mahler:**
*Söngvar úr Des Knaben Wunderhorn*
· **Gustav Mahler:** *Sinfónía nr. 4*

**Camilla Tilling** einsöngvari
**Markus Poschner** hljómsveitarstjóri

**PÁLL ÓSKAR OG SINFÓ**

Fim. 09.06. » 20:00
Fös. 10.06. » 20:00
Lau. 11.06. » 20:00

· **Diskóið og Sinfónían mætast!**

**Páll Óskar Hjálmtýsson** söngvari
**Bernharður Wilkinson** hljómsveitarstj.

Miðasala hefst 4. mars.

**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala Hörpu, Aðalstræti 2 » Sími: 528 5050 » Opið 12-18 virka daga

**GENGIÐ 01.03.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,52 | 116,08 |
| Sterlingspund | 188,26 | 189,18 |
| Evra | 159,86 | 160,76 |
| Dönsk króna | 21,439 | 21,565 |
| Norsk króna | 20,638 | 20,760 |
| Sænsk króna | 18,328 | 18,436 |
| Japanskt jen | 1,4061 | 1,4143 |
| SDR | 181,71 | 182,79 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,399

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Íbúðalánasjóði veitt heimild til að mæta skulda- og greiðsluvanda heimilanna:

# Afskriftaþörf Íbúðalánasjóðs enn óljós

**ALÞINGI** Fram er komið frumvarp sem veitir Íbúðalánasjóði heimild til að færa niður veðkröfur á hendur einstaklingum í 110 prósent af verðmæti fasteignar.

Með því er sjóðnum veitt nauðsynleg lagastoð til að taka þátt í aðgerðum stjórnvalda vegna skulda- og greiðsluvanda heimilanna.

Drög að samkomulagi stjórnvalda og fjármálastofnana um aðgerðir voru undirrituð í byrjun desember á síðasta ári og verklagsreglur ákveðnar um miðjan janúar. Þá var ekki talin þörf á að breyta lögum um Íbúðalánasjóð. Síðar kom í ljós að slíkrar breytingar þyrfti við.

Frumvarpinu fylgja löng greinargerð og fylgiskjal frá fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Í þeim er meðal annars fjallað um afskriftaþörf Íbúðalánasjóðs, margar tölur nefndar í því sambandi og ýmsir fyrirvarar gerðir.

Í greinargerðinni segir að kostnaður við niðurfærslu sjóðsins vegna aðgerðanna sé áætlaður tæpir 22 milljarðar en í áætlunum sjóðsins sjálfs komi fram að líklega kunni kostnaðurinn að verða lægri, jafnvel fimmtán milljarðar.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins segir að Íbúðalánasjóður áætli að afskriftaþörf vegna frumvarpsins geti að hámarki orðið um 27 milljarðar. Segir jafnframt að endanlegar tölur um afskriftir vegna þessa úrræðis muni ekki liggja fyrir fyrr en seint á árinu. - bþs



**KÍKT Á ÚRVALIÐ** Heimild Íbúðalánasjóðs til niðurfærslu lána eiga að ná til viðskipta sem voru gerð fyrir árslok 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ingibjörg S. Pálmadóttir:

## Skuldauppgjör við Landsbanka

**FJÁRMÁL** Ingibjörg S. Pálmadóttir segist hafa gert upp allar skuldir sínar við Landsbankann. Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Ingibjörg sendi frá sér í gær vegna frétta af yfirtöku skilanefndar Landsbankans á íbúð í New York. Sú íbúð var skráð eign Ingibjargar.



INGIBJÖRG S. PÁLMADÓTTIR

„Undirrituð hefur gert upp allar sínar skuldir við Landsbankann með samkomulagi um eignir og peningagreiðslur. Umrædd íbúð í New York er hluti af því uppgjöri. Þá er rétt að komi fram, að Landsbanki Íslands var ekki með veð í nefndri íbúð sem er partur af uppgjörinu,“ segir í yfirlýsingu Ingibjargar. Hún er stærsti einstaki eigandi 365 miðla sem gefa út Fréttablaðið. - gar

**SJÁVARÚTVEGUR**

### Fiskverð hækkað

Á fundi Úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna í gær var ákveðið að hækka verð á slægðum og óslægðum þorski og slægðri ýsu, sem ráðstafað er til eigin vinnslu eða seld til skyldra aðila, um fimm prósent. Jafnframt var ákveðið að hækka verð á karfa um sjö prósent. Verð þetta gildir frá og með 1. mars 2011.

**LEIÐRÉTTING**

Í frétt blaðins í gær um heimgreiðslur til barnafjölskyldna í Reykjavík misritaðist kostnaður borgarinnar vegna 2ja ára leikskólabarna. Hann er 160.000 krónur á mánuði en ekki ári.

# Boða aðgerðir vegna eldsneytishækkunar

**Ríkisstjórnin skipar starfshóp til að meta viðbrögð við verðhækkunum á eldsneyti. Skilar fyrstu tillögum 1. apríl. Bensínverð í hámarki og helmingur rennur í ríkissjóð. Hærra verð og skattahlutfall víða í nágrannalöndunum.**

**FRÉTTASKÝRING**

Mun ríkið lækka eldsneytisgjöld til að mæta verðhækkunum?

Starfshópur fjármálaráðuneytis um viðbrögð við verðhækkunum á eldsneyti mun skila fyrstu tillögum sínum hinn 1. apríl næstkomandi. Það var ákveðið á fundi ríkisstjórnar í gær, en hann verður skipaður fulltrúum frá fjármálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti, iðnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

Hópurinn mun kanna og meta verðþróun á eldsneyti og áhrif á þróun flutningskostnaðar og samgangna. Þá verður rýnt í hvernig auknar tekjur ríkissjóðs af eldsneyti megi nota til að niðurgreiða flutningskostnað, og almenningssamgöngur í samstarfi við sveitarfélög og efla hlut innlendra vistvænna orkugjafa.

Lokaskýrsla hópsins skal berast fyrir gerð næstu fjárlaga.

Eldsneytisverð er nú í sögulegu hámarki hér á landi þar sem bensínlítrinn er á um 227 krónur þar sem hann er dýrastur og lítrinn af dísilolíu er á tæpar 232 krónur. Síhækkandi heimsmarkaðsverð á olíu er stór áhrifavaldur, en einnig hefur verið deilt á álögur íslenska ríkisins. Rúmur helmingur af andvirði hvers bensínlítra sem seldur er rennur í ríkissjóð í formi skatta og gjalda, en þar munar sérstaklega um virðisaukaskatt sem leggst ofan á önnur gjöld og veldur þannig hlutfallshækkunum.

### Þróun skattlagningar á eldsneyti

**Skattar sem hlutfall af útsöluverði bensíns og dísilolíu 1997-2011**




Heimild: Fjármálaráðuneytið

Samkvæmt tölum fjármálaráðuneytis má rekja um 58 prósent hækkana á bensíni frá því í desember síðastliðnum til hækkana á sköttum og gjöldum.

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, spurði fjármálaráðherra á þingi á mánudag hvort mögulegt sé að gjöld verði lækkuð tímabundið til að vinna gegn hækkunum á eldsneytisverði.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra svaraði því til að ekki væri hægt að gefa sér að hækkanirnar væru tímabundnar og því þyrfti að skoða málin í heild sinni með stofnun starfshópsins.

„Ég viðurkenni fúslega að haldi verðþróun á innkaupsverði af þessum toga áfram hlýtur að koma til greina að mæta því með einhverjum hætti því að það er ekki ætlunin að láta virðisaukaskatt leggjast ofan á endalaust hækkandi vöruverð.“

Ráðherra tók þó fram að opinberar álögur hér á landi væru síst minni hér á landi en annars staðar. Svíþjóð trónir þar á toppnum, en 57 prósent af andvirði hvers bensínlítra og 56 prósent af hverjum olíulítra renna í ríkissjóð í formi skatta.

Þá hafi skattheimtuhlutfall hér á landi verið mun hærra á árum áður og náði hámarki árið 1999 þegar hlutfall skatta af útsöluverði nam 72 prósentum.

thorgils@frettabladid.is

Skólastjórn harmar ummæli:

## Áminntur fyrir bloggfærslu

**FÓLK „Af hálfu skólans eru þau ummæli sem þarna eru höfð eftir fordæmd og skiptir engu máli hvort þau eru sett fram í gamni eða alvöru,“ segir skólastjórn Flensborgarskóla, sem áminnt hefur kennarann Baldur Hermannsson fyrir ummæli á bloggsíðu sinni. Baldur vék þar að máli nímenninganna sem ákærðir voru fyrir meinta árás á Alþingi. Stakk Baldur upp á því að fólkið yrði sett í gapastokk eða búr. „Og sýna kellingunum kynferðislega áreitni. Ekki má gleyma því,“ bætti menntaskólakennarinn við og hefur nú fengið formlega áminningu fyrir vikið.** - gar



BALDUR HERMANSSON

Álögur á borgarbúa hækka:

## Útsvarið fer í 14,48 prósent

**REYKJAVÍKURBORG** Útsvar í Reykjavík mun hækka úr 14,4 prósent í 14,48 prósent 1. júlí næstkomandi. Borgarstjórn samþykkti þetta í gær með tíu atkvæðum meirihluta fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar og með atkvæði fulltrúa Vinstri grænna. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiddu atkvæði á móti. Með hækkuninni er útsvar í höfuðborginni komið upp í það hámark sem leyfilegt er samkvæmt lögum. Hækkunin á að skila borgarsjóði um 115 milljóna króna tekjuauka á síðari hluta þessa árs. - gar




**VEÐURSPÁ**



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**FÍNT UM TÍMA**

Ágætis veður víðast á landinu í dag en gengur í hvassa sunnanátt um vestanvert landið með slyddu eða rigningu seint í kvöld. Á morgun verður stíf suðvestanátt með úrkomu sunnan- og vestanlands en úrkomlítið norðaustan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 7° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 7° |
| Gautaborg | 2° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 8° |
| Mallorca | 13° |
| New York | 8° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | -1° |
| París | 9° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson hendrik@frettabladid.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is, Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir sigurlaug@365.is, Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Guðný Gunnlaugsdóttir gunny@365.is

# Byrjaðu daginn á viðskiptagreind

**Opinn morgunverðarfundur Skýrr og Targit, föstudaginn 4. mars, kl. 8.00–10.15**

**Viðskiptagreind er aðferðafræði sem er notuð til að safna gögnum skipulega, greina með rafrænum hætti og dreifa þeim upplýsingum sem þekkingu. Viðskiptagreind snýst sem sagt um að breyta hráum gögnum úr upplýsingakerfum í verðmætar upplýsingar til að bæta ákvarðanir og árangur í rekstri.**

Meðal samstarfsaðila Skýrr á sviði viðskiptagreindar er Targit, sem er öflugt danskt hugbúnaðarhús. Einn fremsti ráðgjafi Targit er kappi að nafni Martin Sörensen og hann er væntanlegur til Íslands núna í vikunni. Af því tilefni efna Skýrr og Targit til opins morgunverðarfundar fyrir atvinnulífið.

Fundur Skýrr og Targit um viðskiptagreind verður haldinn föstudaginn 4. mars, frá kl. 8.00 til 10.15. Ljúffengur morgunverður að hætti hússins verður framreiddur frá kl. 8.00, en formleg dagskrá hefst stundvíslega kl. 8.30.

Fundurinn verður í ráðstefnusal Skýrr að Ármúla 2 í Reykjavík (gengið inn frá Háaleitisbraut). Aðgangur að fundinum er ókeypis og öllum opinn, meðan húsrými leyfir.

**Skráning fer fram á vefsvæði Skýrr (skyrr.is) eða með því að senda póst til skyrr@skyrr.is.**




8.00 *Húsið opnað – Morgunverður*
Hollt og gott að hætti Café Skýrr

8.30 *Skýrr 2011 býður góðan dag*
Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr

8.40 *Viðskiptagreind í hnotskurn*
Sturla Sigurðsson, ráðgjafi hjá Skýrr




8.45 *Farsíma/mobile-lausnir fyrir viðskiptagreind*
Sturla Sigurðsson, ráðgjafi hjá Skýrr

9.00 *Viðskiptagreind hjá Skeljungi*
Sindri Sigurjónsson, forstöðumaður viðskiptaþróunar hjá Skeljungi



9.30 *Targit og viðskiptagreind: Nýjar lausnir, nýtt viðmót, ný nálgun*
Martin Sörensen, ráðgjafi hjá Targit





*Fundarstjóri*
Sigríður Þórðardóttir, forstöðumaður viðskiptagreindar hjá Skýrr

TARGIT business intelligence

569 5100
skyrr@skyrr.is

SKÝRR
*Velkomin*

KJÖRKASSINN



*Ert þú góður kokkur?*

| | |
|---|---|
| Já | 67% |
| Nei | 33% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Hreyfir þú þig reglulega?*

Segðu þína skoðun á visir.is

vísir

Heilbrigðisnefnd segir fyrirhugað nafn nýrrar stofnunar ekki ganga upp:

# Heiti heldur Landlæknir – lýðheilsa

**ALÞINGI** Meirihluti heilbrigðisnefndar telur fyrirhugað nafn sameinaðrar stofnunar Lýðheilsustöðvar og landlæknisembættisins ótækt.

Samkvæmt frumvarpi um sameininguna á stofnunin að heita Embætti landlæknis og lýðheilsu. Það telur meiri hlutinn ekki ganga upp, hvorki málfarslega né lagalega. Leggur hún til að stofnunin heiti Landlæknir – lýðheilsa og að forstöðumaður hennar verði landlæknir en lögin um stofnunina beri heitið lög um landlækni og lýðheilsu. Í nefndaráliti meirihlutans er lagt til að landlækni verði veittar heimildir til skipunar fagráða og að svo verði búið um hnúta að skipun slíkra ráða verði ekki of þung í vöfum.

Í umfjöllun um lýðheilsusjóð segir meirihlutinn að nauðsynlegt sé að leita fleiri tekjustofna til fjármögnunar en gert sé ráð fyrir. Hluti áfengisgjalds og hluti af söluandvirði tóbaks rennur til sjóðsins. Komu upp hugmyndir um að lagt yrði sérstakt „tappagjald“ á gosdrykkjaflöskur sem renna myndi í sjóðinn. Tappagjald eða gjald af sætum drykkjum gæti til dæmis nýst vel til forvarna í tannverndar- og manneldismálum. Ekki er þó lagt til að slíkt gjald verði tekið upp. - bþs



**HEILSUVERNDARSTÖÐIN** Hið nýja embætti Landlæknir – lýðheilsa á að vera til húsa við Barónstíg.

Þýskur ráðherra segir af sér:

# Stal texta fyrir doktorsritgerð

**ÞÝSKALAND, AP** „Þetta er erfiðasta skref lífs míns,“ sagði Karl-Theodor zu Guttenberg þegar hann sagði af sér sem varnarmálaráðherra Þýskalands í gær.

Hann sá sér ekki annað fært en hætta í kjölfar mikillar gagnrýni sem hann varð fyrir eftir að upplýst var að hann notaði texta frá öðrum í doktorsritgerð sinni án þess að geta heimilda.

Angela Merkel kanslari féllst með tregðu á afsögn Guttenbergs en lofaði hann jafnframt í hástert fyrir pólitíska hæfileika. - gb





SQL REPORTING SERVICES

NTV OG OPIN KERFI KYNNA:

SQL REPORTING SERVICES

14. til 16. mars kl. 9-16. Verð: 147.000 kr. eða 3 MS leyfisdagar

3 daga námskeið þar sem farið er yfir uppsettningu á Reporting Services, notkun á þróunartólum í Reporting Services og viðhald Reporting Services lausna. Þetta námskeið hentar þeim sem koma að þróun, innleiðingu og viðhaldi á skýrslum og gagnavinnslu í SQL Reporting Services. Meðal þess sem farið er yfir er:

» Þróunartól í SQL Reporting Services
» Stofna og útfæra skýrslur
» Stofna og meðhöndla dataset
» Hönnun og útfærsla á skýrslum fyrir notendur
» Útgáfustýring og áskriftir



Kennari á námskeiðinu er Grétar Árnason Microsoft ráðgjafi og reyndur fyrirlesari. Grétar hefur sinnt ráðgjöf og þjónustu hjá mörgum af stærstu fyrirtækjum landsins um árabil og hefur mikla reynslu af þróun og þjónustu SQL BI lausna.

OPIN KERFI

Microsoft CERTIFIED Partner — Learning Solutions

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - HLÍÐASMÁRA 9 - 201 KÓPAVOGI - 544 4500 - NTV.IS


# Alþjóðasamfélagið hjólar í Gaddafí

**Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið, Bandaríkin, Bretland og fleiri Evrópuríki hafa samþykkt refsiaðgerðir gegn Gaddafí og skipuleggja enn frekari aðgerðir. Hernaðaraðgerðir virðast þó ekki inni í myndinni – enn sem komið er.**

**LÍBÍA** Aldrei þessu vant hefur alþjóðasamfélagið svonefnda verið nokkurn veginn á einu máli um nauðsyn þess að fordæma Múammar Gaddafí Líbíuforseta og beita þrýstingi til að koma honum frá völdum.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti um helgina bann við því að selja vopn til Líbíu og skipaði aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna að frysta hugsanlegar eigur Gaddafís og fjölskyldu hans.

Öryggisráðið samþykkti einnig að fela Alþjóðlega sakamáladómstólnum í Haag að hefja rannsókn á því, hvort framferði Gaddafís gegn þjóð sinni undanfarið geti talist til glæpa gegn mannkyni.

Leiðtogar Evrópusambandsins ætla að hittast á föstudaginn að ræða hvort grípa eigi til aðgerða gegn Gaddafí, en Evrópusambandið hefur þegar samþykkt bæði ferðabann til Líbíu og frystingu eigna helstu ráðamanna landsins.

Þjóðverjar gengu lengra og hafa lagt til tveggja mánaða viðskiptabann til að koma í veg fyrir að Gaddafí geti notað olíutekjur til að ráða til sín málaliða, sem fengju það verk að kúga þjóðina til hlýðni.

Bretar hafa ásamt fleiri Evrópuþjóðum unnið að því að flugbann verði samþykkt yfir Líbíu til þess að vernda íbúa landsins gegn hugsanlegum loftárásum liðsmanna Gaddafís.

Rússar tóku hins vegar af skarið í gær og sögðust ekki ætla að samþykkja slíkt bann, nema þá hugsanlega með samþykki Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Bandarískir ráðamenn hafa sagt Gaddafí hafa misst allt tilkall til þess að stjórna landinu og skora á hann að láta af völdum. Bandaríkin hafa sömuleiðis gert sig líkleg til hernaðaraðgerða gegn Líbíu og meðal annars flutt tvö herskip sín á Miðjarðarhafi nær ströndum Líbíu.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur þó ekki tekið umræðu um flugbann á dagskrá og engar hernaðaraðgerðir gegn Líbíu hafa heldur verið ræddar í Öryggisráðinu. Atlantshafsbandalagið hefur lýst því yfir að engar hernaðaraðgerðir gegn Líbíu komi til greina án heimildar frá Sameinuðu þjóðunum. gudsteinn@frettabladid.is

## Þrýstingurinn á Gaddafí vex

**Bandaríkin:** Tilfæringar bæði herskipa og flugflota til undirbúnings hugsanlegu hjálparstarfi eða jafnvel hernaði. Hald lagt á um 30 milljarða dala af eigum Líbíumanna.

**Bretland:** Unnið að því að koma á alþjóðlegu flugbanni yfir Líbíu til að vernda almenning frá loftárásum Gaddafís.

**Frakkland:** Tvær flugvélar sendar til aðstoðar uppreisnarmönnum í Benghazi.

**Evrópusambandið:** Vopnasölubann, frysting eigna og ferðabann á Gaddafí og félaga hans.




Heimild: SÞ ©Graphic News

Fyrsti miðinn í tónlistarhúsið Hörpu seldur við hátíðlega athöfn í gær:

# Miðasölukerfið þoldi álagið illa

**MENNING** Fyrsti aðgöngumiðinn í tónlistarhúsið Hörpu var seldur við hátíðlega athöfn í gær. Miðasölukerfið sem átti að nota til að selja fyrstu miðana virkaði þó illa undir álaginu. Um hundrað manns enduðu með því að bíða lengi í röð, sem lá út úr anddyri Hörpunnar, áður en þeir gátu keypt miða.

Verið var að selja miða á tvenna opnunartónleika Hörpunnar og óperutónleika með þýska tenórnum Jonasi Kaufmann.

Steinunn Birna Ragnarsdóttir, tónlistarstjóri Hörpu, afhenti fyrstu miðana klukkan tólf ásamt blómvendi í tilefni dagsins.

Uppselt er á opnunartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu 4. og 5. maí. Mikið álag var einnig á miðasölukerfi Hörpunnar á netinu og gekk afgreiðsla þar afar hægt. - sv



**FYRSTI MIÐINN KEYPTUR** Ragnhildur Ósk Pálsdóttir Erwin varð fyrst til þess að kaupa aðgangsmiða í tónlistarhúsið Hörpu í miðasölunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


Aðgerðir og meðferðir vegna krabbameins í kvenlíffærum fara fram á kvennadeild LSH
Kjartan Hrafn Kjartansson,
starfsmaður Íslandsbanka,
á konu sem hefur sigrast á krabbameini
HVITA HUSID / SIA
ÞAÐ GETA ALLIR GEFIÐ LÍF
Íslandsbanki gefur Líf til að tryggja góðan aðbúnað þegar mikið liggur við
Líf er styrktarfélag kvennadeildar Landspítala – háskólasjúkrahúss. Nánast hver einasta kona á landinu, og þar með hver fjölskylda, þarfnast þjónustu kvennadeildar LSH einhvern tímann á ævinni, hvort sem er í gleði vegna barnsfæðingar eða í sorg vegna fósturláts, barnsmissis eða veikinda. Líf efnir því til landssöfnunar.
Þú gefur Líf með því að gerast styrktarfélagi á www.gefdulif.is eða gefa til söfnunarinnar sem verður í beinni útsendingu í opinni dagskrá á Stöð 2 föstudaginn 4. mars.
LÍF Styrktarfélag
Íslandsbanki

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvenær verða opnunartónleikar tónlistarhússins Hörpu?*

**2.** *Hvar er bensínverð hæst í Evrópu?*

**3.** *Hvar mun Big Lebowski hátíðin fara fram um aðra helgi?*

**SVÖR:**

*1. 4. maí 2. Í Noregi 3. Í Keiluhöllinni*

Undirskriftir duga ekki til að halda lögreglubílnum í Búðardal eftir 45 ára viðveru:

# Öryggistilfinning Dalamanna dofnar

**LÖGREGLUMÁL** „Fólk upplifir nú mikið öryggisleysi eftir að hér hefur verið lögreglubíll á staðnum frá árinu 1966,“ segir Baldvin Guðmundsson, íbúi í Búðardal, en þaðan hvarf eini lögreglubíllinn í gær til Borgarness vegna hagræðingar.

Um miðjan febrúar voru Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra afhentir undirskriftalistar með tæplega 1.400 nöfnum þar sem áformunum var mótmælt. Einn forvígismanna söfnunarinnar, Sigurður Sigurbjörnsson, sagði að bágur fjárhagur sýslumannsembættisins í Borgarnesi mætti „ekki bitna á almennum mannréttindum og öryggistilfinningu Dalamanna og nærsveitunga“.



**BÚÐARDALUR** Áfram verður lögregluvarðstöð í Búðardal en hún verður mannlaus og lögreglubíllinn er sömuleiðis horfinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Fulltrúar sveitarstjórnarinnar funduðu einnig með ráðherranum. Þeir sögðu að á fundinum hefði komið fram að engar ákvarðanir hefðu enn verið teknar um málið. Sjónarmið Dalabyggðar yrðu skoðuð áður en lengra yrði haldið.

„Ögmundur virðist bara hafa sett upp eitthvert pókerfés á þessum fundi og nú er lögreglubílinn farinn til Borgarness,“ segir Baldur, sem kveðst áhyggjufullur fyrir hönd byggðarlagsins, ekki í síst í ljósi vaxandi umferðar í kjölfar opnunar heilsársvegar norður um Arnkötludal. Hann kveðst tala af reynslu um aðstæður á svæðinu enda hafi hann starfað sem sjúkraflutningamaður á árum áður. „Þeir benda á að það séu áttatíu kílómetrar úr Borgarnesi í Búðardal en ef þarf að fara út á Skarðsströnd þá eru það orðnir 150 kílómetrar. Það er einfaldlega allt of langt.“ **- gar**









Þingkona fer með leitarhundinn sinn Skutul á fyrstu þyrluæfinguna:

# Ólína og hundurinn hífð í þyrluna

**FÓLK** „Ég var hræddust um hundinn, svo brá mér svolítið þegar ég sá myndirnar eftir á. En þetta gekk allt vel,“ segir Ólína Þorvarðardóttir þingkona, sem var í vikunni í fyrsta sinn hífð upp í þyrlu ásamt áhöfn TF-LÍF. Skutull, hundur Ólínu, var með í för.

Þyrluæfingin var á Arnarnesi við mynni Skutulsfjarðar og var tilgangur hennar að þjálfa útkallshunda á Vestfjörðum í að vinna við þessar erfiðu aðstæður. Verið var að leggja lokahönd á þjálfun Skutuls og fleiri hunda hjá Björgunarhundasveit Íslands. Ólína er sjálf björgunarsveitarkona til margra ára.

„Það getur verið mjög erfitt fyrir hunda að fara inn í hávaðasama þyrlu og halda ró sinni þegar þeir eru hífðir upp,“ segir Ólína. „Það má ekki koma niður á getu þeirra í því að vinna verk sín og finna týnda menn í framhaldinu.“




**HÓPURINN MEÐ HUNDANA** Ólína og fleiri þátttakendur í æfingunni með leitarhunda sína. MYND/ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

Fyrsta þyrluæfing Skutuls gekk áfallalaust. Hann byrjaði þó að brjótast um í sigvestinu rétt áður en hann og eigandi hans voru hífð upp í þyrluna. Ólína segir eðlishvöt hundsins þá hafa tekið við þar sem hann róaðist um leið og þau tókust á loft.

Björgunarhundasveitin er sérsveit innan Landsbjargar og starfar á landsvísu. Á fjórða tug hunda eru í sveitinni, þar af um tuttugu á útkallslista. **- sv**


# Icesave III

*– samningaleiðin eða dómstólaleiðin?*

Arion banki býður til hádegisfundar um Icesave samninginn fimmtudaginn 3. mars

*Fundarsetning*
**Höskuldur H. Ólafsson,** bankastjóri Arion banka.

*Hvað er Icesave? Samningurinn – Samningsleysið*
**Jóhannes Karl Sveinsson**, lögfræðingur hjá Landslögum, sat í samninganefnd Íslands vegna Icesave III.

*Icesave seen from the perspective of international financial markets; perception and implications*
**Andrew Speirs**, framkvæmdastjóri hjá ráðgjafarfyrirtækinu Hawkpoint. Hann hefur 24 ára reynslu af fjárfestingarbankastarfsemi þar sem hann starfaði hjá Morgan Grenfell, Deutsche Bank og Hawkpoint. Sérsvið hans er að veita fjármálaráðgjöf í tengslum við fjárhagslega endurskipulagningu og skuldaaðlögun fyrirtækja, kröfuhafa og stjórnvalda um víða veröld.

*Að lokinni framsögu verða pallborðsumræður*
Auk fyrirlesara taka þátt **Sigurður Hannesson,** stærðfræðingur og fulltrúi InDefence hópsins og **Vilhjálmur Þorsteinsson,** frumkvöðull og fjárfestir.

Fundarstjóri: **Stefán Pétursson**, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Arion banka.
Fundurinn er haldinn í **Arion banka** Borgartúni 19 og stendur frá kl. 11:30 til 13:00.
**Boðið verður upp á kaffi og meðlæti frá kl. 11.15.**

Nauðsynlegt er að skrá mætingu á fundinn þar sem sætaframboð er takmarkað.
Skráning fer fram á vefnum **www.arionbanki.is** eða í gegnum þjónustuverið í síma **444 7000.**

Arion banki

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN




# Með ánægju

Við erum brosandi út að eyrum eftir að viðskiptavinir okkar settu Vínbúðina í efsta sæti í flokki smásölufyrirtækja og annað sæti allra fyrirtækja í Íslensku ánægjuvoginni.

Við þökkum ykkur fyrir jákvæða umsögn sem verður okkur hvatning til að gera framtíðina enn ánægjulegri!

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM45579



**RENNIR SÉR Á SANDBRETTI** Það þarf ekki snjó til að skemmta sér á skíðum eins og ferðamenn í Síle fengu að kynnast í vikunni þegar þeir renndu sér á sandinum. NORDICPHOTOS/AFP

Bridgesambandið setur saman hóp til að keppa á heimsmeistaramóti í apríl:

# Reyna að fá Buffet og Gates í bridge

**ÍÞRÓTTIR** Ísland tekur á þessu ári þátt í heimsmeistaramótinu í bridge. „Við höfum ekki verið með síðan við urðum heimsmeistarar árið 1991," segir Jafet S. Ólafsson, formaður Bridgesambandsins. Þá vakti heimsathygli sigur Íslands í sveitakeppninni Bermuda Bowl (Bermúdaskálinni).

Jafet bendir á að bridge sé eina hópíþróttin þar sem Íslendingar hafi orðið heimsmeistarar, en bridge var tekin upp sem Ólympíuíþrótt fyrir sjö árum.

Einar Jónsson, landsliðsþjálfari í bridge, hefur með landsliðsnefnd, valið fjögur pör í lokalandsliðshóp fyrir þetta ár. Núna fer Bermúdaskálin fram í Hollandi í október.



JAFET ÓLAFSSON

Endanlegt val briggja para sem fara á mótið fer fram í apríl, en meðal paranna sem þegar hafa verið valin eru þrír sem voru í heimsmeistaraliðinu 1991. Það eru Jón Baldursson, Þorlákur Þorlákur Jónsson og Aðalsteinn Jörgensen.

Bridge-geta Íslendinga er víða umtöluð að sögn Jafets. Þannig hafi fjárfestirinn Warren Buffet fyrir nokkrum árum aftekið fjárfestingar hér, en kvaðst vita það eitt um landið að þar væru mjög góðir bridge-spilarar.

„Hann sagðist stundum spila við Íslendinga á netinu," segir Jafet. Hið sama á svo við um milljarðamæringinn og stofnanda Microsoft, Bill Gates. „Og við erum einmitt að reyna að fá þá hingað til lands til að spila í janúar á næsta ári." - óká

Framsókn og Hreyfingin:

# Fall sparisjóða verði rannsakað

**ALÞINGI** Fjórir þingmenn úr Framsóknarflokki og Hreyfingunni hafa lagt fram frumvarp um að fram fari rannsókn á aðdraganda og orsök rekstrarerfiðleika og gjaldþrots sparisjóða.

Er forseta Alþingis gert að skipa þriggja manna nefnd til verksins. Hliðstætt mál var lagt fram á síðasta þingi en var ekki rætt. Þá er í ályktun um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis kveðið á um að slík rannsókn fari fram. Þeirri ályktun hefur ekki verið fylgt eftir. - bþs

Hafnar ásökun um hroka:

# „Heggur sá er hlífa skyldi"

**ÁRBORG** Eyþór Arnalds, formaður bæjarráðs Árborgar, hafnar því að hafa sýnt hroka og beitt hótunum í tengslum við þverpólitíska samráðsnefnd um sorpmál í sveitarfélaginu eins og Helgi S. Haraldsson, áheyrnarfulltrúi Framsóknarflokks í bæjarráði, fullyrti um leið og hann sagði sig frá starfi samráðsnefndarinnar.

Eyþór segir Helga sitja sem áheyrnarfulltrúi í boði Sjálfstæðisflokksins enda hafi flokkurinn, sem er með meirihluta í bæjarstjórn, veitt fulltrúum allra flokka seturétt í bæjarráði. „Til þess er engin skylda og heggur því hér sá sem hlífa skyldi," segir Eyþór. „Samráð tekur einfaldlega tíma og er enginn hroki fólginn í því að benda á það." - gar

## Sorpbrennslu hætt í Svínafelli

Bæjarráð Hornafjarðar og rekstraraðilar sorpbrennslustöðvarinnar í Svínafelli í Öræfum hafa ákveðið að hætta starfseminni vegna umræðu um mengun sem stafar af sorpbrennslum. Flosalaug, sem hefur verið hituð með orku sem sorpbrennslan gefur, verður jafnframt lokað.



**ÚR FJÓSINU** Mælingar á mjólk í Svínafelli sýndu að hún stenst öll viðmið um heilnæmi. Myndin tengist ekki fréttinni beint. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri á Hornafirði, segir að íbúar í sveitarfélaginu hafi haft áhyggjur af umræðunni um mengun frá sorpbrennslu síðan hún kom upp. Þegar var byrjað að ræða viðeigandi viðbrögð og lokun stöðvarinnar í Svínafelli sé niðurstaðan.

Sorpbrennslustöðin Brennu-Flosi í Svínafelli í Öræfum hefur starfað frá árinu 1993. Samhliða uppbyggingu brennsluofnsins byggði fjölskyldan í Svínafelli sundlaugina Flosalaug sem hituð var með orku frá brennsluofninum.

Hjalti segir að missir sé af lauginni því hún hafi verið mikilvægur hlekkur í ferðaþjónustu á svæðinu. „En það er ekki hægt að líta framhjá því að það er frekar þéttbýlt í Svínafelli og þessi umræða um mengun hefur valdið okkur áhyggjum. Og fyrst við getum tekið á frekar einfaldan hátt tekið upp annað kerfi í sorphirðu og sorpeyðingu þá var þetta niðurstaðan." - shá



**SORPBRENNSLAN FUNI** Ekkert af innkölluðu díoxínmenguðu kjöti skilaði sér til baka enda hafði allt verið selt neytendum. Talið er útilokað að neysla þess hafi haft heilsuspillandi áhrif. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON


Í UPPHAFI AÐALFUNDAVERTÍÐAR

Harvard, Radissonblu, **Hótel Saga**
Fimmtudaginn 3. mars, kl. 8-10



**Hvað vilja fjárfestar?**
**Vilhjálmur Bjarnason**
framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta



**Hvað vill Kauphöllin?**
**Páll Harðarson**, Ph.D.
forstjóri Kauphallar NASDAQ OMX á Íslandi



**Hvernig er löggjöf og réttarfar fyrir fjárfesta?**
**Þórarinn V. Þórarinsson**, hrl.
ADVOCADUS hf.

*Allir velkomnir!*

Samtök fjárfesta
hluthafar.is


# Töldu reykinn frá Funa ekki heilsuspillandi

**Mengun frá sorpbrennslunni Funa virðist meiri en nokkurn sveitarstjórnarmann á Ísafirði grunaði og bærinn mun axla ábyrgð sem honum ber. Áhyggjur af ímynd Vestfjarða komu fram á íbúafundi vestra.**

**UMHVERFISMÁL** Bæjaryfirvöld á Ísafirði grunaði ekki að mengun frá sorpbrennslunni Funa kynni að vera heilsuspillandi fyrir íbúa á svæðinu og til þess má leita skýringa á því af hverju málið var ekki kynnt sérstaklega fyrir íbúum á svæðinu.

Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, er þeirrar skoðunar að það hafi verið misráðið að fá undanþágu árið 2003 frá reglum um díoxínmengun. Hún segir að stofnunin muni almennt ekki mæla fyrir undanþágum í framtíðinni fyrir starfsemi sem hugsanlega er mengandi.

Þetta var meðal þess sem kom fram á fjölsóttum borgarafundi á Ísafirði vegna Funamálsins fyrir helgi. Fundurinn, eins og fyrri kynningarfundur á Kirkjubæjarklaustri, var að frumkvæði sóttvarnalæknis, Umhverfisstofnunar og Matvælastofnunar.

Daníel Jakobsson, bæjarstjóri á Ísafirði, lýsti málinu frá sjónarhóli bæjaryfirvalda. Kom fram í máli hans að öllum hafi verið ljóst að mengun frá Funa væri óásættanleg en engan hafi grunað að það kynni að hafa áhrif á heilsufar fólks. Hann hafnaði því að upplýsingum hefði verið stungið vísvitandi undir stól eða að fjárhagslegir hagsmunir hefðu verið teknir fram yfir hagsmuni íbúa. Hugsanlega hefði átt að kynna betur að díoxín mældist tugfalt yfir mörkum árið 2007, en það hefði ekki verið gert í þeirri trú að mengunin ógnaði ekki hagsmunum fólks. Hann sagði málið ekki til fyrirmyndar og það hefði átt að vera búið að finna lausn á sorpmálum bæjarins. Daníel lýsti áhyggjum sínum af því að ímynd Ísafjarðar og Vestfjarða hefði borið skaða af Funamálinu. Ímyndina yrði að vinna til baka með öllum tiltækum ráðum.

Haraldur Briem sóttvarnalæknir útskýrði að rannsóknir erlendis bentu eindregið til þess að íbúar á svæðinu þyrftu engu að kvíða varðandi heilsuspillandi áhrif frá Funa. Mengunina bæri hins vegar að taka alvarlega. Þess vegna myndi sóttvarnalæknir Vestfjarða annast rannsóknir á þeim sem unnu í brennslunni og fleira fólki á Ísafirði. Tekin verða blóð- og sýni úr brjóstamjólk en blý verður einnig mælt í hári eða nöglum en díoxín er líklegt til að finnast þar sem blý mælist.

Til stendur að taka jarðvegssýni í Skutulsfirði og von á niðurstöðum eftir tvo til þrjá mánuði. Þá var skorað á bæjaryfirvöld að greiða þeim bætur sem hafa orðið fyrir tjóni.

Daníel bæjarstjóri segir að bærinn muni axla þá ábyrgð sem honum beri og vilji liðka fyrir, til dæmis við að skipta út ónýtu fóðri.

svavar@frettabladid.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




KS FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT 1.FLOKKUR
U.Þ.B. 3.2 KG./ **U.Þ.B. 1920 KR.** POKINN

# K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT

## 1.FLOKKUR *100 KR. VERÐLÆKKUN*

# VERÐ NÚ **598** KR.KG.

**Góður tilbúinn matur fyrir 3-4**

Aðeins **998** kr. bakkinn



**BÓNUS ÍTALSKT LASAGNE**



**BÓNUS HEILSURÉTTUR**



**BÓNUS ÍTALSKAR KJÖTBOLLUR**



**BÓNUS BURRITOS 4 STK.**




KJARNAFÆÐI **BACONKURL**
MERKT VERÐ 998 KR.KG
**698** KR.kg




KATLA **BOLLUMIX**
**259** KR.350g




BÚRFELLS **SALTKJÖT**
**398** KR.kg




HALTA **ÞEYTIRJÓMI**
**259** KR.250ml




KJARNASULTUR **JARÐARBERJA**
**BLÁBERJA** OG **BLÖNDUÐ SULTA**
**279** KR.400g

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu vellutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

★ GULLTILBOÐ 1

# SEVILLA

Helgarferð til hinnar einstöku borgar Sevilla sem er í hjarta Andalúsíu á Spáni og er aldrei fegurri en á vorin. Gist verður á hinu 3 stjörnu Hotel Bellavista Sevilla.

**3 nætur, 5.-8. maí**

FULLT VERÐ 112.700 KR.

**75.700 KR.***

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x37

**Innifalið:** Beint leiguflug með Icelandair, flugvallaskattar og gisting á Hotel Bella-vista Sevilla ásamt fararstjórn

Eingöngu fáanlegt á n1.is.

*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.





3 STJÖRNU HÓTEL

EINSTÖK BORG Í HJARTA ANDALÚSÍU

# NÚ ER GAMAN AÐ

★ SILFURTILBOÐ 1

# MACBOOK

## 13" 2M4GHZ

- 2,4GHz Intel Core 2 Duo
- 2GB DDR3 vinnsluminni
- 250GB harður diskur
- NVIDIA GeForce 320M 256MB
- Rafhlaða endist allt að 10 klst.
- Íslenskt lyklaborð

TILVALIN FERMINGAR-GJÖF!

PUNKTAR GILDA x30

FULLT VERÐ 174.990 KR.

**144.990 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**



★★

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

★ N1TILBOÐ

Vr: A844 85060734

### MP3 SPILARI

FULLT VERÐ
8.990 KR.

**3.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x5



Lítill og nettur MP3 spilari með 2 GB minni (tekur 400-500 lög). Spilarinn er með útvarpi með 20 stöðva minni.

★ N1TILBOÐ

Vr: 1143 83248

### SJÓNAUKI

FULLT VERÐ
2.990 KR.

**990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x2



Lítill og nettur sjónauki með 8x21 stækkun. Taska fylgir með.

★ N1TILBOÐ

Vr: A312 89159459,
A312 89159458

### CD

PUNKTAR GILDA x2

**Ballið á Bessastöðum**

FULLT VERÐ
2.490 KR.

**490 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



**Það er bara þú**
**Tvöföld ballöðuplata**

FULLT VERÐ
2.790 KR.

**790 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**



★ N1TILBOÐ

Vr: A312 89159457,
A703 89149450

### DVD

FULLT VERÐ
2.790 KR.

**790 KR. PR. STK.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

- The Social Network
- The Expendables



PUNKTAR GILDA x2



★ GULLTILBOÐ 2

ICELANDAIR

# MANCHESTER

Helgarferð til hinnar skemmtilegu Manchesterborgar. Þar finna allir eitthvað við sitt hæfi. Þar er gaman að rölta um og versla, að ógleymdum fótboltanum! Gist á 3 stjörnu hótelinu The Portland.

**3 nætur, 15.–18. apríl**

FULLT VERÐ 65.900 KR.

**39.900 KR.***

PUNKTAR GILDA x26

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallaskattar og gisting á The Portland

Eingöngu fáanlegt á n1.is.

*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

SPENNANDI VERSLUNAR- OG SKEMMTIBORG

3 STJÖRNU HÓTEL



# VERA N1 KORTHAFI

★ SILFURTILBOÐ 2

## KAFFIVÉL

### MAGIMIX CITIZ BLACK NESPRESSO

Nýjasta kaffivélin frá Magimix. Þessi skemmtilega vél er auðveld í notkun og þrifum og notar Nespresso kaffiskot.

FRÁBÆRT KAFFI

PUNKTAR GILDA x15

FULLT VERÐ 43.400 KR.

**28.400 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**




★ SILFURTILBOÐ 3

## VIDEO UPPTÖKUVÉL

### CANON LEGRIA FS36

Canon FS36 upptökuvél með 8GB innbyggðu minni. Léttasta og minnsta stafræna upptökuvélin sem Canon hefur framleitt til þessa.



FULLT VERÐ 59.900 KR.

**44.900 KR.**

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

PUNKTAR GILDA x15

EINFÖLD OG ÞÆGILEG

★ N1 TILBOÐ

PUNKTAR GILDA x2

Vr: A703 89159451

**ÆFINGAR FYRIR ALLA**

FULLT VERÐ 1.990 KR.

**0 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

DVD diskur sem inniheldur einfaldar en greinargóðar leiðbeiningar fyrir helstu tæki og lóð. Leiðbeinendur eru þau Dísa í World Class og Arnar Grant.







## SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Tilboðin gilda í mars eða meðan birgðir endast

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

N1

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hækkun eldsneytisverðs brennur á neytendum.

## Í hendi ríkisins

Almenningur á Íslandi finnur óþyrmilega fyrir hækkunum á eldsneytisverði, enda er rekstur fjölskyldubíls stór liður í heimilisbókhaldi flestra. Fyrirtækin finna sömuleiðis fyrir hækkunum, sem fyrr eða síðar munu hafa áhrif á verðlagningu þeirra á vöru og þjónustu.

Undanfarin misseri hefur ríkið bætt duglega við skattlagningu á eldsneyti. Nú stefnir í ofanálag í miklar verðhækkanir vegna óvissuástands í olíuauðugum arabaríkjum. Félag íslenzkra bifreiðaeigenda hefur bent á að stjórnvöld geti lítið gert við hækkandi heimsmarkaðsverði, en þau hafi hins vegar í hendi sér að lækka skattana til að koma til móts við neytendur.

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra á þingi í fyrradag hvort til greina kæmi af hálfu ríkisstjórnarinnar að grípa til skammtímaaðgerða til að milda áhrif olíuverðshækkana á hag heimila og fyrirtækja. Svör ráðherrans ollu flestum neytendum vafalaust vonbrigðum, svo og umræðan sem á eftir fór, þar sem flestir þingmenn einblíndu um langtímamarkmið um að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis en virtust ekki horfast í augu við þann veruleika að þessa dagana er einkabíllinn eini samgöngukostur býsna margra. Holur hljómur var í málflutningi fjármálaráðherrans og fleiri um eflingu almenningssamgangna, nú þegar Strætó á höfuðborgarsvæðinu er einmitt nýbúinn að draga úr þjónustu – meðal annars vegna hækkandi eldsneytisverðs!

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Steingrímur dró upp tölur um að eldsneyti væri einna ódýrast á Íslandi af vestrænum ríkjum. FÍB birti reyndar leiðréttingar á þeim tölum í gær, sem leiða annað í ljós. Þannig er dísilolía á íslenzkum eldsneytisstöðvum sú fimmta dýrasta sem völ er á. Samanburður af þessu tagi er auk þess fullkomlega marklaus vegna þess að ekkert tillit er tekið til þess að Ísland er eitt samanburðarríkjanna í þeirri stöðu að gjaldmiðillinn hrundi og þar með kaupmáttur almennings.

Sumar hækkanir á eldsneytissköttum undanfarin ár hafa verið réttlættar með því að þar sé verið að hugsa um umhverfið og beina fólki með hærra verði yfir í annan samgöngumáta. Hækkun á heimsmarkaðsverði gerir auðvitað sama gagn; tíu króna hækkun vegna ófriðar í Norður-Afríku hlýtur að vera jafnáhrifarík og tíu króna skattahækkun. Þess vegna ætti ríkið að geta dregið úr skattheimtunni til að lina höggið á neytendur, með góðri samvizku gagnvart umhverfinu.

Ýmislegt bendir til að kerfi skattlagningar á eldsneyti sé ekki nógu sveigjanlegt. Steingrímur viðurkenndi einn vanda; að nú væri dísilolían orðin mun dýrari en benzínið. Það var alls ekki meiningin þegar núverandi kerfi olíugjalds var komið á. Dísillinn átti að vera talsvert ódýrari, enda nútímadísilvélar mun umhverfisvænni en benzínvélar.

Óskandi væri að starfshópurinn sem ríkisstjórnin hefur nú falið að skoða málið fyndi leið til að bregðast við sveiflum á heimsmarkaðsverði. Það er hægt að gera og tryggja ríkissjóði engu að síður þær tekjur af eldsneytissköttum sem að var stefnt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Bestun Birtingahús

Hot Yoga
Spinning
Freestyle Step

World Class Iceland

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Súrt**

Umræðan á Íslandi eftir hrun tekur á sig æ súrrealískari myndir. Björgólfur Thor Björgólfsson var fyrir örfáum árum einn auðugasti maður heims. Hann hreyfði sig helst ekki nema það kostaði einhverja milljarða. Nú heldur Björgólfur úti bloggsíðu og er þar með fólk á launum við að bera blak af honum og níða þess á milli skóinn af öðrum útrásarvíkingum.



**Nei þú**

Síðast í gær birtist á bloggsíðu Björgólfs pistill um það hvað Jón Ásgeir Jóhannesson er vonlaus bisnessmaður og skilur eftir sig mikla skuldaslóð. Og hver var kveikjan að þeim skrifum? Jú, blogg eftir Bubba Morthens, trúbador, sem finnst Jón Ásgeir vera grunsamlega mikill toppnáungi. Svo eru einhverjir hissa á að allt hafi hrunið undan þessum mönnum og okkur hinum í leiðinni.

**Versta vörnin**

Og meira af þessum mönnum. Pálmi Haraldsson í Fons stendur í málaferlum við Svavar Halldórsson á RÚV vegna fréttaflutnings sem hann telur óvæginn. Vel má vera að hann hafi eitthvað fyrir sér í því – það er dómarans að ákveða. Pálmi ber meðal annars fyrir sig að hafa alls ekki tekið eitthvert lán eins og sagði í frétt Svavars, heldur hafi Fons gert það. Staðreyndin er hins vegar sú að Pálmi og Fons eru eins óaðskiljanleg fyrirbæri í hugum flestra (og í raunveruleikanum) og salt og pipar, Gög og Gokke eða sumarið og sólin. Þess vegna er þessi málsvörn Pálma líklega sú versta í sögunni.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Hugsaðu málið, Ögmundur

Stjórnlagaþing



Hjörtur Hjartarson

sagnfræðingur

Í Fréttablaðinu 26. febrúar er haft eftir innanríkisráðherra, Ögmundi Jónassyni, að skipi Alþingi stjórnlagaráð gangi það gegn „dómi Hæstaréttar um ógildingu kosningarinnar" til stjórnlagaþings 27. nóvember. Látum liggja milli hluta að Hæstiréttur dæmdi ekki kosningarnar ógildar; hið rétta er að stjórnvaldsnefnd skipuð hæstaréttardómurum ákvað að ógilda kosningarnar. En þetta veit ráðherrann auðvitað. Tíðindin eru að æðsti maður dómsmála í landinu heldur því fram að umrædd nefnd hafi með ákvörðun sinni bundið hendur Alþingis, og banni því með einhverjum hætti að skipa stjórnlaganefnd eða stjórnlagaráð. Þessi afstaða stríðir gegn almennum hugmyndum um þrískiptingu valds og stjórnskipun Íslands, og felur í sér að framkvæmdavaldið – eða dómsvaldið, vilji menn halda því til streitu að Hæstiréttur hafi ógilt kosningarnar – gangi freklega inn á svið löggjafarvaldsins.

Ákvörðuninni um að ógilda kosningarnar til stjórnlagaþings hefur verið hlítt til fullnustu þannig að ekki verður gengið lengra.

Er mögulegt að meining ráðherrans sé út af fyrir sig ekki sú að Alþingi geti ekki, ef það svo kýs, skipað í stjórnlagaráð, en að það gangi gegn ákvörðun hæstaréttardómaranna að skipa þau 25 sem náðu kjöri í stjórnlagaþingskosningunum? Ef svo er, þá versnar enn í því.

Ef löggjafanum er á annað borð frjálst að skipa fólk í stjórnlagaráð bryti það gegn jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar að undanskilja þau 25 sem náðu kjöri í kosningunum. Ekki aðeins væri það ólöglegt heldur ósanngjarnt og ólýðræðislegt. Frambjóðendurnir 25 bera enga ábyrgð á þeim hnökrum sem voru á kosningunum til stjórnlagaþings. Því síður hefur ákvörðunin um að ógilda kosningarnar sett blett á trúverðugleika þeirra. Þau náðu kjöri í almennum kosningum sem enginn dregur í efa að hafi skilað réttri niðurstöðu og farið fram án þess að nokkur brögð væru í tafli.

Með öðrum orðum, ef manna á stjórnlagaráð almennum borgurum, þá er lýðræðislegt, sanngjarnt og fullkomlega löglegt að í því sitji þau 25 sem náðu kjöri í kosningunum 27. nóvember. Núverandi afstaða innanríkisráðherra er hins vegar ótæk.

Ég skora á Ögmund að hugsa málið upp á nýtt. Hann getur í þessu efni óhræddur lagst á árar með þeim sem ætla að leggja grunn að heilbrigðara samfélagi á Íslandi. Í því felst engin vanvirðing við Hæstarétt. Fullyrðingar um slíkt eru rakalausar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



Síminn

# Gott samband á Fabrikkunni

Simmi og Jói á Hamborgarafabrikkunni þurfa að einbeita sér að því að gera gestina ánægða og vilja ekki eyða tíma sínum í áhyggjur af upplýsingatækni og samskiptakerfum

## I love Iceland!

Alvogen valdi Ísland til að hýsa og reka tölvukerfin sín

## Snjallsímar

Vertu með heiminn í vasanum

## VIST ráðstefna Símans 10. mars

ALVOGEN

# Ísland kemur alltaf á óvart




**Nýverið samdi lyfjafyrirtækið Alvogen við Símann um rekstur og hýsingu tölvu- og upplýsingakerfis fyrirtækisins. Joe Rutz er forstöðumaður upplýsingatæknimála hjá Alvogen og mikill Íslandsvinur.**

Á tímum þegar orðið „landamæri“ er í raun merkingarlaust þegar upplýsingatækni er annars vegar, segir Rutz að vel fari á því að hýsing og rekstur upplýsinga- og tölvukerfis Alvogen hafi fengið stað utan Bandaríkjanna. Alvogen er alþjóðlegt lyfjafyrirtæki með skrifstofur í átta löndum, þar á meðal Íslandi, og höfuðstöðvar í New Jersey í Bandaríkjunum. „Við erum jú alþjóðlegt fyrirtæki,“ segir Rutz. „Fyrirkomulagið sem felst í samstarfinu við Símann endurspeglar það fullkomlega, bæði að takmarkanir af völdum landamæra eru engar og um leið sýnir Alvogen að það leitar uppi samstarfsaðila sem falla vel að stefnu fyrirtækisins. Það er okkur jafn mikilvægt grundvallaratriði að finna réttu samstarfsaðilana eins og að finna rétta starfsfólkið. Velgengni Alvogen veltur einfaldlega á þessum atriðum.“

**Lausn sem nær að vaxa með okkur**

Alvogen er fyrirtæki í örum vexti og kominn tími til að taka stefnumarkandi ákvörðun um upplýsingakerfin. „Þetta var í rauninni einfalt mál. Annaðhvort þurftum við að bæta við okkar eigin búnað og þróa hann áfram í takt við þarfir fyrirtækisins, eða þá að ganga til samstarfs við aðila sem svarar ekki bara kröfum okkar í dag heldur hefur burði til að vaxa með Alvogen og veita þannig þá þjónustu sem við væntum til lengri tíma litið,“ bendir Rutz á.

**Íslandsvinur og rúmlega það**

Þegar talið berst áfram að Íslandi er auðheyrt að Joe Rutz er nú þegar Íslandsvinur, og rúmlega það. „Ég hef komið fimm sinnum til Íslands og ég hreinlega elska það. Allt við landið – náttúran og umhverfið gera mig kjaftstopp í hvert sinn sem ég kem, og þá ekki síður fólkið sem er alveg einstaklega hlýlegt og vingjarnlegt.“ Rutz fer allur á flug þegar talið berst að einni heimsókn hans til landsins á síðasta ári. „Ég var á landinu með konunni minni þegar seinna eldgosið ykkar hófst, það var magnað. Það er ógleymanlegt að verða vitni að svona nokkru en sem betur fór hafði það ekki áhrif á ferðatilhögun okkar. Með hliðsjón af fyrri heimsóknum mínum til Íslands er óhætt að segja að ég hlakka til þeirrar næstu. Sem betur fer er ekki langt þangað til að henni kemur, ég verð á ferðinni í mars og bíð þess spenntur að sjá með hvaða hætti Ísland kemur mér á óvart að þessu sinni,“ segir Joe Rutz, forstöðumaður upplýsingatæknimála hjá Alvogen að lokum.

T PLÚS

# Í traustu tækniumhverfi




**Í byrjun þessa árs var verðbréfafyrirtækið T Plús stofnað Akureyri, eitt fárra slíkra utan Reykjavíkursvæðisins. Nýráðin framkvæmdastjóri T Plús er Katrín Ýr Pétursdóttir.**

**Þjónusta í þágu viðskiptavina**

„Við erum verðbréfafyrirtæki sem sérhæfir sig í vörslu- og uppgjörsþjónustu verðbréfa,“ segir Katrín. „Við bjóðum upp á fjölmarga þjónustuþætti, allt frá varðveislu verðbréfa fyrir einstaklinga, fyrirtæki og fagfjárfesta upp í daglegan rekstur og umsjón verðbréfakerfa fyrir fyrirtæki með stærri verðbréfaumsvif svo sem banka og verðbréfafyrirtæki.“ Katrín bendir á að T Plús leggi þunga áherslu á að vernda hagsmuni viðskiptavina sinna. „Það er því mjög mikilvægt að tækniumhverfið sé traust,“ segir hún, en við uppsetningu starfsemi T Plús leitaði fyrirtækið til Símans varðandi tæknimálin. „Í þessu sambandi er mjög gott að vita að við séum í þjónustu hjá traustu fyrirtæki.“

**Nýtur lífsins fyrir norðan**

Katrín Ýr er sjálf ekki frá Akureyri heldur alin upp fyrir sunnan. „Ég flutti hingað ásamt fjölskyldunni árið 2007, og hafði áhuginn á að komast sem oftast á skíði talsvert að segja við ákvörðunartökuna,“ segir hún í léttum tón. „En mestu skiptir að hér er ég að sinna starfi í takt við menntun mína og starfsreynslu, hjá nýju og spennandi fyrirtæki. Fjölskyldan nýtur hér lífsins og það er ekki hægt að biðja um meira.“

Ábyrgðarmaður: Halldór Harðarson, texti: Jón Agnar Ólason, ljósmyndir: Gassi, Fréttablaðið, Auðunn Níelsson og úr einkasafni, hönnun og uppsetning: ENNEMM. ©Síminn 2011

ANDROID

# Gerðu snjallsímann þinn ennþá snjallari



Android er algengasta stýrikerfið fyrir snjallsíma í dag. Hugbúnaðurinn er þróaður af Google og býður upp á ótalmarga möguleika. Það þýðir að þú leitar uppi staðreyndir jafnt sem staðsetningar í símanum, rétt eins og þú ert vanur að gera þegar þú „gúglar" í tölvunni.

Hvort sem þú vilt vera virkur á Facebook, mæla vegalengdir þegar þú ferð út að skokka, fá leiðbeiningar um bindishnúta, kokteilblöndun eða bara fylgjast með nýjustu fréttum, þá býður Android upp á allt þetta og ótalmargt fleira. Forritin - og möguleikarnir - eru bókstaflega endalausir. Allt í símanum þínum!

**Android Market**
Android símum fylgja fjölmörg ókeypis smáforrit og viljir þú bæta einhverju við finnur þú það á Android Market á skjá símans. Smáforritin sem eru í boði á Íslandi eru ókeypis og hlaðast niður á örskammri stundu. Þitt er að skoða, velja og njóta möguleikanna sem eru fólgnir í Android símanum þínum. Þú finnur úrval Android síma á siminn.is








HREIMUR EUROVISIONFARI

# Með heiminn í vasanum



Ég er með **gítarstilli**, sem ég get notað til að stilla gítarinn, og meira að segja hefur þetta gengið svo langt að ég hef notað gítar-app í símanum mínum. Það var þegar ég þurfti óvænt að flytja „Lífið er yndislegt" og ekkert hljóðfæri var nálægt. Maður setur „mini-jack" í símann, tengir við græjur og svo strýkur maður bara skjáinn á símanum til að slá gripið.

Ef ég missi af leik þá er ég með **Enska boltann** í símanum og fæ allt sent sem tengist Liverpool. Ef það er víti, rautt spjald, færi, mark ofl. fæ ég SMS með vídeó-hlekk með atvikinu. Svo ... það er ekki séns að ég missi af neinu.

**Golf**, golf og meira golf. Þó að maður vinni hörðum höndum að því að lækka forgjöfina, sem gengur stundum alveg #$!?&%$, þá er það þannig að öll golfforritin í símanum gera leikinn bara skemmtilegri. Núna var ég að fá upplýsingar um að það væri að koma Android forrit frá Golfheimum og ég bíð spenntur eftir að prófa það næsta sumar.

Það er alltaf eitthvað nýtt í boði og síminn minn verður snjallari með degi hverjum!

NÝTT Á ÍSLANDI

# BlackBerry App World

## Snjallar viðbætur beint í BlackBerry símann þinn

BlackBerry notendur á Íslandi geta nú fengið aðgang að App World og valið þar úr fjölmörgum snjöllum og skemmtilegum smáforritum. Á App World finnur þú ótal leiðir til að gera ómissandi síma ennþá meira ómissandi.

Þegar App World hugbúnaðurinn hefur verið sóttur er hann alltaf aðgengilegur í símanum þínum.




Á App World getur þú sótt úrval smáforrita sem tengjast þínum lífsstíl og viðfangsefnum. Þau eru ýmist ókeypis eða ekki. Hægt er að greiða fyrir smáforrit í gegnum PayPal reikning eða með kreditkorti. Ekki þarf að gefa upp kreditkort þegar ókeypis smáforrit eru sótt.

Kíktu á App World og fullnýttu hina fjölmörgu möguleika sem búa í Blackberry símanum þínum:
blackberry.com/appworld
mobile.blackberry.com



„Símtalið er oft fyrsti snertiflötur viðskiptavinarins við okkur og því vildum við að tónninn yrði gefinn þegar á þeim tímapunkti“

## Þarfir Fabrikkunnar




## Dæmi um fjölbreytt þjónustuframboð Símans í VIST

UT lausnir · Netlausnir · Samskiptalausnir




# Hamborgarafabrikkan er í VIST hjá Símanum

Í VIST nýtir fyrirtækið sér tækni og sérþekkingu Símans svo það geti einbeitt sér að því að matreiða fyrsta flokks hamborgara og veita viðskiptavinum sínum góða þjónustu.

**Greining**
Sérfræðingar Símans aðstoðuðu
þarfir og aðstæður fyrirtækisins.




# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Miðvikudagur 2. mars 2011 – 4. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

Vistvæna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


**Bókabúð Máls og menningar**
Birgjar íhuga málssókn 2

**Gistirými í borginni**
Herbergjum fjölgar en gestum fækkar 4


**Sprotafyrirtæki**
Sölumennskan er mikilvæg 6


# Ríkið þarf að efla skuldabréfamarkað

Hagræðing á markaði með ríkisskuldabréf er óplægður akur. Gæti skilað hundraða milljóna sparnaði. Þurfum að bíða eftir afnámi hafta, segir framkvæmdastjóri í Seðlabankanum.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Fjármálaráðuneytið hefði hag af því að efla viðskiptavakt með ríkisskuldabréf í samræmi við aukna útgáfu þeirra. Aukinn seljanleiki bréfanna á markaði gæti sömuleiðis verið liður í afnámi gjaldeyrishafta. Þetta er mat Páls Harðarsonar, forstjóra Kauphallarinnar. Ráðuneytið dró úr viðskiptavakt með ríkisskuldabréf síðastliðið haust.

„Það var að mínu viti misráðið að draga úr gæðum viðskiptavaktar þegar ríkið horfði fram á mikla útgáfu ríkisbréfa. Ég tel allar líkur á að það fái kostnaðinn af öflugri viðskiptavakt margfalt til baka í formi lægri fjármögnunarkostnaðar. Fjárfestar eru einfaldlega viljugri að kaupa bréf ef seljanleiki þeirra er mikill. Með þessu gæti ríkið náð fram umtalsverðum sparnaði. Öflugri vakt styður einnig við afnám gjaldeyrishafta enda bréfin mun eigulegri fyrir vikið,“ segir Páll.

Ríkið greiðir nú um 110 milljónir króna á ári til fárra en stórra viðskiptavaka sem leggja fram kaup- og sölutilboð í ríkisskuldabréf upp á sex hundruð milljónir króna á degi hverjum. Verði upphæðin tvöfölduð og vaktin efld má gera ráð fyrir að það geti skilað ríkinu verulegum ábata. Miðað við 120 milljarða fjármögnun á fimm ára kúlubréfi sem greiðist upp á eindaga þarf krafa bréfanna að lækka um tvo punkta, 0,02 prósent, til að skila milljónunum 110 til baka. Lækki krafan meira er ágóðinn eftir því meiri, jafnvel margfeldi af útlögðum kostnaði auk smitáhrifa út á markaðinn.

Gísli Hauksson, framkvæmdastjóri fjármálafyrirtækisins GAMMA, tekur undir hugmynd Páls: „Það er gífurlega mikilvægt að auka veltu og bæta verðmyndun með ríkisskuldabréf. Það er betra fyrir fjárfesta þegar viðskiptavökum fjölgar og vaktir stækka. Fjárfestar verða að hafa trú á því að það sé seljanleiki á markaðnum svo menn læsist ekki inni þrátt fyrir óvænt tíðindi,“ segir hann.

Gísli bætir við að kostnaðurinn af efldri viðskiptavakt sé lítill í samanburði við ábatann sem geti orðið. „Eftir því sem verðmyndun verður virkari koma fleiri fjárfestar inn á markaðinn. Þeim mun auðveldara verður fyrir þá að hreyfa sig á þessum markaði. Þá munu menn þora að taka þátt í nýjum útboðum. Ég held að hundrað milljónir króna sé mjög lágur herkostnaður miðað við hagræðið fyrir skattgreiðendur,“ segir hann og útilokar ekki að ástæðan fyrir því að ekki sé gripið til þessa ráðs sé sú að kostnaðurinn sé sýnilegri á móti óáþreifanlegum langtímaábata. „Þetta er eitt af þeim atriðum sem eru óáþreifanleg. En ég tel yfirgnæfandi líkur á að ríkið fái fjármunina til baka, jafnvel nokkrum sinnum,“ segir hann.


PÁLL HARÐARSON


GÍSLI HAUKSSON

Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri alþjóða- og markaðssviðs Seðlabankans, segir skuldabréfamarkaðinn hafa sjaldan verið jafn líflegan og nú um stundir.

„Seljanleiki er eitt en breidd í fjárfestahópnum er annað. Við búum í litlu landi og fjárfestahópurinn einsleitur. Það er erfitt að auka dýptina á markaðnum án þess að stækka hann út fyrir landsteina. Það gæti hugsanlega bætt seljanleikann ef við fengjum erlenda aðalmiðlara sem gætu stækkað fjárfestahópinn út fyrir landsteinana. En það er ekki líklegt fyrr en eftir að gjaldeyrishöftum hefur verið aflétt. Þau eru ákveðin hindrun á að menn vilji fjárfesta hér,“ segir hann og bætir við að samningar við aðalmiðlara séu endurskoðaðir á hverju vori. Þar á meðal verði tekið til skoðunar hvort viðskiptavakt með ríkisskuldabréf verði efld.

„En svo verða menn að hugsa þetta mjög vel. Því það er spurning hvort menn vilja hafa risastórar krónustöður í höndum útlendinga eins og fyrir hrun. Það er einmitt það sem við erum að vinda ofan af í gegnum áætlun um afnám gjaldeyrishafta,“ segir Sturla.



**BLOKKIR Í BYGGINGU** Íbúðalánasjóður gerir ráð fyrir bata á fasteignamarkaði þegar líða tekur á árið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## Bættar horfur á markaðnum

„Áætlun gerir ráð fyrir heldur meiri eftirspurn eftir lánum hjá Íbúðalánasjóði. Það er í takt við tölfræðina hér síðustu mánuði,“ segir Sigurður Jón Björnsson, sviðsstjóri fjármálasviðs hjá Íbúðalánasjóði.

Sjóðurinn hefur birt útgáfuáætlun ársins. Þar er gert ráð fyrir að útgáfa íbúðabréfa sjóðsins nemi á bilinu 30 til 38 milljörðum króna að nafnverði á árinu, sem jafngildir 40 til 50 milljarða að markaðsvirði. Þá er áætlað að ný útlán nemi 27 til 35 milljörðum króna, sem er aukning á milli ára.

Sigurður segir fátt koma á óvart í áætluninni og gerir ráð fyrir að hún verði uppfærð eftir því sem á líður árið. - jab

## Góð kaup í hlutabréfum

Líkur eru á meiri hækkun á hlutabréfamarkaði en með kaupum á skuldabréfum og vöxtum á innlánsreikningum, samkvæmt spá Íslenskra verðbréfa um horfur og fjárfestingarkosti á árinu. Taldar eru meiri líkur á hóflegri veikingu krónunnar en styrkingu en það hefur áhrif á ávöxtun erlendra og verðtryggðra eigna.

Í spánni segir að innlendur hlutabréfamarkaður sé þjakaður af fáum valkostum. Þeir fáu kostir sem kunni að bjóðast á árinu geti hækkað nokkuð.

Vitnað er til þess að fjárfesting og neysla á heimsvísu er á uppleið og hafi það alla jafna jákvæð áhrif á hlutabréfaverð. - jab

## HELST Í ÚTLÖNDUM



**MEIRI VERÐBÓLGA Í ESB**
Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins spáir því að verðbólga verði 2,2 prósent þetta árið og því yfir viðmiðunarmörkum, einkum vegna hærra olíuverðs og hærra verðs á hráefnum. Jafnframt spáir framkvæmdastjórnin því að hagvöxtur verði heldur meiri en áður var spáð, eða 1,6 prósent.



**VERÐBÓLGA VEX Í KÍNA**
Vaxandi verðbólga í Kína er helsta áhyggjuefni þeirra erlendu fyrirtækja, sem starfa þar í landi samkvæmt skoðanakönnun sem bandaríska verslunarráðið gerði. Fyrirtækin hafa ekki síst áhyggjur af því að verðbólgan geti af sér launahækkanir. Fyrirtækin segja samkeppni um vinnuafl í Kína hafa aukist og verð á hráefni hefur sömuleiðis hækkað.

**TOYOTA INNKALLAR MEIRA**
Japanski bílaframleiðandinn Toyota hefur ákveðið að innkalla 145 þúsund Corolla-bifreiðar í Brasilíu vegna eldsneytisleka. Í síðustu viku þurfti Toyota að innkalla 2,17 milljónir bifreiða í Bandaríkjunum vegna galla í bensínfótgjöf. Alls hefur Toyota þá þurft að innkalla meira en 14 milljónir bifreiða víðs vegar um heim vegna ýmissa galla síðan seint á árinu 2009.



# Tekjur drógust saman

## Hagnaður Íslandspósts í fyrra nam 93 milljónum króna. Útlit fyrir að bréfasendingum fækki enn.

Hagnaður af rekstri Íslandspósts á árinu 2010 nam 93 milljónum króna. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) var hins vegar um 348 milljónir króna, að því er fram kemur í tilkynningu félagsins.

„Heildartekjur félagsins á síðasta ári námu 6,3 milljörðum króna og drógust saman um eitt prósent frá fyrra ári. Heildareignir voru 5,0 milljarðar króna í árslok 2010 og eigið fé nam 2,7 milljörðum króna,“ segir þar en fram kemur að félagið hafi greitt ríkissjóði 40 milljóna króna arð á árinu. Bent er á að verulegur samdráttur hafi orðið í bréfasendingum á undanförnum árum. „Frá hausti 2008 til ársloka 2010 hefur bréfum í einkarétti fækkað um 20 prósent. Spáð er áframhaldandi magnminnkun og má gera ráð fyrir að bréfapósti muni fækka enn frekar um allt að 25 prósent til ársins 2015.“ - óká

# Ný iPad-tölva handan við hornið

Bandaríski tæknirisinn Apple sviptir í dag hulunni af næstu kynslóð iPad-spjaldtölvunnar.

Fyrsta kynslóð tölvunnar kom á markað í apríl í fyrra. Beðið hefur verið með nokkurri eftirvæntingu eftir þessari nýjustu spjaldtölvu og mikið spekúlerað í því hvað hún muni bera og innhalda.

Netmiðillinn MacRumors er eðli málsins samkvæmt meðal þeirra öflugustu í fréttaskrifum um væntanlegar tækninýjungar frá Apple. Þar sagði í vikubyrjun að vísbendingar væru um að tölvan, eða einhver eintök hennar, verði hvít að lit.

Netmiðillinn Engadget bætir því við að búkurinn verði líklega tíu grömmum léttari og rétt örlítið þynnri en forverinn, minnið stærra, hraðvirkari A5-örgjörvi og hugsanlega myndavélar bæði að framan og aftan, sú að framan ætluð fyrir vefspjall. Myndavélarnar voru einmitt það sem notendur fyrstu iPad-tölvunnar fundu helst að henni. Bandaríska dagblaðið San Francisco Chronicle hnýtir við að forstjórinn, Steve Jobs, muni ekki kynna tölvuna þar sem hann sé í veikindaleyfi. Líklegasti staðgengill hans sé Phil Schiller, aðstoðarforstjóri markaðsmála hjá Apple, en hann kynnti iPhone 3Gs til sögunnar fyrir tveimur árum þegar Jobs gat það ekki. - jab



**FRÉTTABLAÐIÐ Í IPAD** Búist er við tíðindum úr herbúðum Apple vestur í Bandaríkjunum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 0,90%[A] | 11,45% | 11,40% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,50% | 11,50% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,40%[B] | 11,45% | 11,45% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,15% | 9,50 til 11,40% | 9,50 til 11,40% |
| BYR | PM-reikningur 2,20% | 10,45 til 11,40% | 11,25 til 11,45% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 2,45% [C] | 11,45% | 11,45% |
| S24 …og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,35% | 10,20% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Skuldug félög Sigurðar Bollasonar

Þrjú einkahlutafélög Sigurðar Bollasonar fjárfestis töpuðu 1,4 milljörðum króna árið 2009, samkvæmt nýbirtum ársreikningum. Félögin fengu um tíu milljarða lán hjá viðskiptabönkum í júlí og ágúst 2008 til kaupa á hlutabréfum í Existu, Glitni og Landsbankanum.

Hlutabréfin voru sett að veði fyrir lánunum, sem voru á gjalddaga í fyrra. Bréfin urðu verðlaus eftir bankahrunið, rúmum mánuði eftir að síðustu viðskiptum lauk.

Vaxtagjöld námu samtals 1,4 milljörðum króna króna fyrir lánum félaganna árið 2009 og skýrir það tapið.

Sigurður er sonur Bolla Kristinssonar, sem kenndur er við verslunina Sautján. Hann stundaði áður viðskipti með Magnúsi Ármann og Þorsteini M. Jónssyni.

Skýrsla var tekin af Sigurði í tengslum við rannsókn sérstaks saksóknar á meintri markaðsmisnotkun Landsbanka um miðjan janúar. Eftir skýrslutökuna sagðist Sigurður hafa borið mikið fjárhagslegt tjón af viðskiptunum. - jab

**Félög Sigurðar Bollasonar**

| Félag | Eign í félagi | Upphæð láns 2008* | Staðan 2009* | Mismunur |
|---|---|---|---|---|
| Dot | Glitni | 4,6 | 5,3 | 0,7 |
| BSU | Landsbankanum | 3,7 | 4,8 | 1,1 |
| S102 | Exista | 1,8 | 2,1 | 0,3 |
| Samtals | | 10,1 | 12,2 | 2,1 |

* Í milljörðum króna

# Birgjar BMM íhuga mál gegn bóksölum

## Eigið fé Bókabúðar Máls og menningar var neikvætt í lok árs 2009. Eigendur gátu ekki gert upp við birgja eftir jólin.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Ef tap Bókabúðar Máls og menningar [BMM] var svo mikið að ekki var hægt að borga neinum eftir söluna í desember þá var ljóst fyrir löngu að fyrirtækið var gjaldþrota,“ segir Steinþór Steingrímsson, stjórnarformaður fyrirtækisins Ekki spurning. Fyrirtækið gefur meðal annars út borðspilið Spurt að leikslokum.

Stjórnendur fyrirtækisins íhuga að láta reyna á 64. grein laga um gjaldþrotaskipti. Greinin kveður á um að þeir sem láta hjá líða að leita gjaldþrotaskipta þegar svo er ástatt hjá þeim beri skaðabótaábyrgð gagnvart lánardrottnum. Ákvörðun verður tekin þegar búið verður að gera upp þrotabúið. Skiptastjóri tók við búinu í síðustu viku. Hann hefur ekki tekið saman kröfuhafalista.

„Við munum að sjálfsögðu reyna að stýra því eins vel og við getum að hafa áhrif á virði lagersins og lágmarka tap birgja,“ segir Jóhannes Sigurðsson, annar eigenda Kaupangs sem rak verslun BMM frá því haustið 2009 þegar Penninn-Eymundson hætti þar rekstri. Kaupangur á jafnframt húsnæðið sem hýsti verslun BMM. Verslunin greiddi húsaleigu til Kaupangs. Hún var nærri tvöfalt hærri en jafnan er í sambærilegu húsnæði við Laugaveg. Jóhannes neitaði að tjá sig að öðru leyti um reksturinn.

Eigendur BMM greindu starfsfólki frá því fyrir hálfum mánuði að reksturinn væri í kröggum og fyrirtækið á leið í þrot. Þetta kom bókaútgefendum á óvart þótt þeir hafi árangurlaust reynt að fá gert upp eftir jólaverslunina. Allir eiga þeir kröfu á þrotabúið nema bókaútgáfan Uppheimar sem krafði BMM um staðgreiðslu. Um vinnureglu var að ræða hjá útgáfunni.

Kristján B. Jónasson, formaður Félags íslenskra bókaútgefenda, undrast reyndar að eigendur BMM hafi ekki haft samband við forleggjara þegar þeir sáu hver stefndi. Slíkt hafi tíðkast um langt skeið. Útgefendur hafi yfirleitt verið reiðubúnir til að koma til móts við bóksala.

Bókaútgefendur og aðrir sem Fréttablaðið hefur rætt við segja tímasetningu gjaldþrotsins einkennilega og benda á að reksturinn hafi farið í þrot skömmu eftir að greiðslukortafyrirtækin gerðu upp eftir jólaverslunina.



**BÓKAVERSLUN Í KRÖGGUM** Rekstur Bókabúðar Máls og menningar var í kröggum í lok árs 2009. Há húsaleiga er talin hafa sett reksturinn á hliðina. Sömu eigendur eiga húsnæðið og ráku verslunina. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

**Starfsfólki gekk illa að fá borgað**

BMM tapaði 10,3 milljónum króna í þá fjóra mánuði sem nýir eigendur ráku verslunina árið 2009 og var eigið féð neikvætt um 9,8 milljónir króna. Skuldir námu 124 milljónum króna. Þar af voru 94 milljónir skuldir gagnvart birgjum og 14 milljónir við eigendur, sem bæði áttu verslunina og húsnæðið. Ársreikningur síðasta árs liggur ekki fyrir. Eftir því sem næst verður komist var bóksala BMM ágæt í fyrra og nam veltan tæpum 300 milljónum króna. Jóhannes Sigurðsson, stjórnarformaður BMM, segir þetta ekki rétt en neitar að tjá sig um afkomuna að öðru leyti. Fyrrverandi starfsfólk BMM segir að í ljósi veltunnar hafi fjárstreymi verið einkennilegt því launagreiðslur hafi dregist oft og starfsfólk löngum þurft að leita til Kaupangs til að fá laun sín greidd.


ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53910 03/2011




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

Eignastýring MP banka

# ÁRANGUR OKKAR TALAR SÍNU MÁLI




**Meðalávöxtun er 14,4% á síðustu 8 árum.***

Súluritið sýnir ávöxtun leiðar 1 hjá eignastýringu MP banka 2003-2010.
Leið 1, varfærin stýring, má fjárfesta í skuldabréfum 50-100% og hlutabréfum 0-50%.
Öll innlend hlutabréf leiðarinnar voru seld fyrir mitt árið 2008.
Starfsfólk eignastýringar hefur vakandi auga fyrir nýjum tækifærum sem kunna að myndast á hlutabréfamarkaði á næstunni.
Meðalverðbólga er 6,4% á síðustu 8 árum.

* Nafnávöxtun eignastýringarleiðar 1, 2003-2010 skv. útreikningi MP banka. Ávöxtun miðast við söfn í stýringu allt árið. Ávöxtun er sýnd án þóknana en þær eru mismunandi eftir stærð safna. Um 65% viðskiptavina eignastýringar MP banka eru nú í leið 1. Athugið að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

# 14,4%

## Meðalávöxtun á síðustu 8 árum*

MP banki hefur langa reynslu af eignastýringu fyrir einstaklinga, félög og sjóði. Aðferðafræði eignastýringar MP banka hefur skilað viðskiptavinum framúrskarandi árangri óháð markaðsaðstæðum hverju sinni.

**Kynntu þér eignastýringu MP banka á www.mp.is eða hafðu samband í síma 540 3200.**

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is




**Láttu óháða sérfræðinga verðmeta fyrirtækið þitt**

Samkvæmt samkomulagi **Beinu brautarinnar** um úrvinnslu skuldamála lítilla og meðalstórra fyrirtækja er hægt að fá þriðja aðila til að leggja mat á virði fyrirtækja.

Arev nýtur trausts á fjármálamarkaðnum en félagið hefur veitt hundruðum íslenskra fyrirtækja ráðgjöf í á annan áratug og er í góðu samband við allar helstu lánastofnanir landsins.

**Þjónusta Arev:**
- Óháð ráðgjöf og verðmat
- Tilboð í verðmat fyrirtækis skilað innan 24 klst.
- Verðmat hægt að nota í samningum við banka
- Aðstoð í samningaviðræðum við banka

Nánari upplýsingar hjá Jóni Scheving Thorsteinssyni – jst@arev.is.

Arev verðbréfafyrirtæki hf. – Kt: 530596-2229 – Bankastræti 5, 101 Reykjavík – Sími: (+354) 551 2500 – www.arev.is

# Hótelherbergjum hefur fjölgað um 80 prósent

**Framboð á gistingu í Reykjavík hefur aukist mjög síðustu ár. Óli Kristján Ármannsson rýnir í tölurnar. Hótel eru enn í smíðum. Með hruninu jókst framboð á „svartri“ gistingu.**

Árið 2000 voru í boði 1.489 hótelherbergi á þriggja og fjögurra stjörnu hótelum í Reykjavík, samkvæmt tölum Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF). Árið 2010 voru herbergin svo orðin 2.686 og hafði fjölgað um 80 prósent.

Enn er svo von á aukningu í ár. Þannig er verið að breyta fyrrum húsnæði kexverksmiðjunar Fróns við Skúlagötu í gistiheimilið Kex Hostel. Þar á að bjóða upp á ódýra gistingu og vera hægt að hýsa allt að 150 gesti. Stefnt er á að opna Kex fyrir sumarið.

Sömuleiðis er stefnt að því að opna í vor nýtt 30 herbergja hótel við Austurstræti 6 í Reykjavík, samkvæmt upplýsingum frá GP arkítektum sem annast breytingar á húsnæðinu.

### ER ÞÖRF FYRIR ÞETTA ALLT?

Þá eru fleiri hótel í smíðum. Þannig er áætlað að við Mjölnisholt verði opnað 69 herbergja hótel, en ekki liggur fyrir hvenær. Icelandair ætlar svo vorið 2012 að opna 111 herbergja hótel Marina við höfnina í Reykjavík, Mýrargötu 2 til 8.

Að auki hefur verið áætlað að rísi fjögurra til fimm stjörnu hótel við Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík. Upphaflega var áætlað að hótelið, sem átti að vera nálægt 250 herbergjum að stærð, risi árið 2013. Koma verður í ljós hvort sú áætlun stenst, því ekki hefur enn verið gengið frá fjármögnun eða samningum um rekstur á hótelinu.

**GISTINÆTUR Á HÓTELUM 1999-2010**




*Heimild: Hagstofa Íslands*

Síðan vaknar spurningin hvort þörf sé fyrir allt þetta hótelrými í borginni. Erna Hauksdóttir, framkvæmdastjóri SAF, hefur haldið utan um tölur um herbergjaframboð í Reykjavík, en tölur hennar um þá þróun má sjá hér að neðan. Þar kemur fram að frá því um 2000 hefur framboð á þriggja stjörnu hótelrými tvöfaldast og framboð á fjögurra stjörnu hótelum aukist um 55 prósent. Alls er þetta 80 prósenta aukning hótelrýmis á tíu árum.

Tölur Hagstofunnar sýna hins vegar að frá hruni hefur gistinóttum á hótelum á höfuðborgarsvæðinu fækkað. Erna bendir á að herbergjanýting á hótelum hafi farið úr 69 prósentum niður fyrir 55 prósent á ársvísu.

„Ein skýring á þessu er hve búið var að byggja gífurlega mikið af íbúðum fyrir hrun sem síðan var bara skellt út á markaðinn,“ segir hún. „Þetta hefur auðvitað áhrif.“

SAF birti nýverið gögn um umfang framboðs gistingar án tilskilinna leyfa á höfuðborgarsvæðinu. Þar kom fram að á svæðinu væru í boði yfir 12 hundruð rúm án leyfa, en er þá bæði horft til gistiheimila án starfsleyfa og heimagistingar.

### ÞURFUM AÐ GETA TEKIÐ Á MÓTI

Erna segir hins vegar erfitt að segja til um hvort útlit sé fyrir offjárfestingu í gistirými í borginni. „Hverju nýju gistirými fylgir náttúrlega heilmikil markaðssetning,“ segir hún og bendir á að ef laða eigi til landsins stóraukinn fjölda ferðamanna, líkt og spár gera ráð fyrir, verði gisting að vera til staðar. „Þetta er svona spurning um hvað kemur á undan, hænan eða eggið.“

Spilar þá væntanlega líka inn í þróun framboðs gistirýmis hver verður framgangur efnahagsbata landsins, því með auknum bata gæti dregið úr framboði á „svartri“ gistingu.

Í gögnum SAF kemur hins vegar fram að umfang gistirýmis án starfsleyfa á höfuðborgarsvæðinu jafnist á við tvö 300 herbergja hótel.

„Það er mikilvægt að ljóst sé á hverjum tíma hvert framboð gistirýmis sé en grunur hefur leikið á að mikið sé um gististaði án starfsleyfa,“ segir í umfjöllun SAF, en ráðist var í samantekt á framboðinu þar sem þær upplýsingar var hvergi að finna hjá opinberum stofnunum. Ástæðan er sögð þríþætt, vegna samkeppnismála, öryggismála og til að tryggja réttar hagtölur.

**HÓTEL Í REYKJAVÍK – FJÖLDI HERBERGJA**

| Fjögurra stjörnu hótel | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grand Hótel Reykjavík | 99 | 99 | 99 | 99 | 99 | 99 | 108 | 108 | 313 | 314 | 314 | 314 |
| Hilton Reykjavík Nordica | 172 | 172 | 172 | 172 | 284 | 284 | 252 | 252 | 252 | 252 | 252 | 252 |
| Hótel 101 | | | | | 38 | 38 | 38 | 38 | 38 | 38 | 38 | 38 |
| Hótel Borg | 49 | 50 | 51 | 51 | 51 | 51 | 51 | 56 | 56 | 56 | 56 | 56 |
| Hótel Holt | 42 | 42 | 42 | 42 | 42 | 42 | 42 | 42 | 42 | 40 | 40 | 40 |
| Hótel Loftleiðir | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 | 220 |
| Hótel Óðinsvé | 37 | 37 | 37 | 37 | 37 | 43 | 43 | 43 | 43 | 43 | 43 | 43 |
| Hótel Skjaldbreið | 33 | 33 | 33 | 33 | 33 | 33 | 33 | 33 | 33 | 33 | 33 | 33 |
| Hótel Þingholt | | | | | | | | 52 | 52 | 52 | 52 | 52 |
| Radisson SAS Hótel Saga | 216 | 216 | 211 | 211 | 211 | 211 | 211 | 211 | 211 | 211 | 211 | 211 |
| Radisson SAS 1919 | | | | | | | 70 | 88 | 88 | 88 | 88 | 88 |
| **Alls** | **868** | **869** | **865** | **865** | **1015** | **1021** | **1068** | **1143** | **1348** | **1347** | **1347** | **1347** |
| **Þriggja stjörnu hótel** | **1999** | **2000** | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** | **2006** | **2007** | **2008** | **2009** | **2010** |
| Fosshótel Barón | 89 | 89 | 89 | 120 | 120 | 121 | 121 | 139 | 139 | 139 | 139 | 139 |
| Fosshótel Lind | 34 | 34 | 34 | 56 | 56 | 56 | 56 | 56 | 56 | 56 | 56 | 56 |
| Hótel Arnarhvoll | | | | | | | | | 104 | 104 | 104 | 104 |
| Hótel Björk | 35 | 35 | 35 | 55 | 55 | 55 | 55 | 55 | 55 | 55 | 55 | 55 |
| Hótel Cabin | 153 | 153 | 153 | 153 | 153 | 153 | 153 | 187 | 253 | 253 | 253 | 253 |
| Hótel Frón | 28 | 28 | 28 | 28 | 28 | 48 | 56 | 86 | 86 | 86 | 86 | 86 |
| Hótel Klöpp | | | 46 | 46 | 46 | 46 | 46 | 46 | 46 | 46 | 46 | 46 |
| Hótel Leifur Eiríksson | 29 | 29 | 29 | 47 | 47 | 47 | 47 | 47 | 47 | 47 | 47 | 47 |
| Hótel Park Inn Ísland | 119 | 119 | 119 | 119 | 119 | 119 | 119 | 119 | 119 | 119 | 119 | 119 |
| Hótel Plaza | | | | | 81 | 81 | 81 | 104 | 104 | 104 | 183 | 183 |
| Hótel Reykjavík Centrum | | | | | | | 89 | 89 | 89 | 89 | 89 | 89 |
| Hótel Reykjavik | 79 | 79 | 79 | 79 | 79 | 79 | 79 | 79 | 79 | 79 | 79 | 79 |
| Hótel Vík | 23 | 23 | 23 | 23 | 23 | 23 | 23 | 23 | 23 | 23 | 23 | 23 |
| Hótel 4th floor | | | | | | | 17 | 17 | 17 | 17 | 17 | 17 |
| Metropolitan Hótel (City) | 31 | 31 | 31 | 31 | 31 | 31 | 31 | 31 | 31 | 31 | 31 | 31 |
| Room with a view | | | | | | | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 | 12 |
| **Alls** | **620** | **620** | **666** | **757** | **838** | **859** | **985** | **1090** | **1260** | **1260** | **1339** | **1339** |




ÍSLENSKU AUGLÝSINGAVERÐLAUNIN
2011 – LÚÐURINN

LÚÐURINN ER 25 ÁRA!

Glæsileg Lúðrahátíð á Hilton Reykjavík Nordica föstudaginn 4. mars kl. 20.
ÍMARK dagurinn, ráðstefna sama dag kl. 9-16.

Veitt verða verðlaun fyrir athyglisverðustu auglýsingar ársins annars vegar og árangursríkustu auglýsingaherferðir ársins hins vegar.

Nánari upplýsingar á imark.is.

ÍMARK

Auglýsingasími
512 5050




Allt sem þú þarft...

# Europris




499
**RÚÐUVÖKVI**
4 ltr, 12°C

**TILBOÐIN GILDA 2.3 - 9.3. 2011**
**EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.**

## ÓDÝRT FYRIR ALLA!




7990
**ÖRYGGISSKÁPUR**
Stafræn- og lyklalæsing
Hægt að festa á vegg



31 ltr
899
**GEYMSLUKASSI, 31 LTR**
46,5x36x25,5 cm
Litir: Fjólublár, glær og grár




2,3 kg
599
**ÞVOTTAEFNI**



18.990
**LYFTINGALÓÐ, 43 KG**
Lóðasett í tösku



2999
**PAPPÍRSDÚKUR**
50 m, hvítur
50 metrar



frá 1990
**LAMPAR**
Borðlampi, 33 cm, kr 1990
Gólflampi, 145 cm, kr 4990




4 ltr
599
**HREINSIEFNI**
Klór / grænsápa
Verð pr stk



6590
**FERÐATASKA**
Hentar sem handfarangur í flug
H: 38 cm, l: 45,5 cm, br: 20 cm
Pláss fyrir fartölvu með 15,4" skjá
Á hjólum




8 rúllur
149
**SALERNISPAPPÍR**
Alfa

www.europris.is

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Glerártorgi, Akureyri



HANDSÅPE
HÅNDSÅPE
199
HANDSÁPA
500 ml
nopa
ORIGINAL
wash n'
249
ÞVOTTAEFNI
750 gr, fyrir hvítan og litaðan þvott
nopa
249
FLJÓTANDI ÞVOTTAEFNI
1 ltr
990
GILLETTE VENUS
Dömurakvél
499
Bio tex
BIO TEX
Oxi enzym
750 ml
MEGA PACK
105 Tablets
Sun
Classic
1990
SUN ÞVOTTAEFNI FYRIR UPPÞVOTTAVÉLAR
105 töflur
EXTRA VALUE
4
Natusan
990
BLAUTKLÚTAR
4 í pk, Natusan
259
ANDLITSKLÚTAR
25 í pk
Palmolive
Palmolive
Naturals
499
STURTUSÁPA
500 ml
GLISS
GLISS
GLISS
GLISS
399
GLISS
Sjampó / hárnæring
599
SJAMPÓ/HÁRNÆRING
Wella, 400 ml
wella
wella
3 Tørkeruller
199
ELDHÚSRÚLLUR
3 rúllur
OBH NORDICA
3990
VÖFFLUJÁRN
3990
SLÉTTUJÁRN
GRUNDIG
3990
HÁRBLÁSARI
1800 W
BRAUN
7990
RAKVÉL



**Ný námskeið í kerrupúli** hefjast 7. mars. Þar geta nýbakaðar mæður í fæðingarorlofi komið með barnið í vagni og fengið markvissa þjálfun í fallegu umhverfi. Hist er við innganginn á Húsdýragarðinum. www.kerrupul.is



FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Umhverfisvænn
FERNOX MAKES WATER WORK
frostlögur
fyrir hita og kælikerfi
- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni – umhverfisvænt
- Léttir dælingu

Heildsöludreifing • Skemmuvegur 10 • Sími 567 1330 • www.hringas.is
Hringás

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS
Amerísk gæðavara

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Leðurskór. Svartir.
Verð á par 14.990 kr.
California, með hrágúmmísóla. Til í svörtu og hvítu. Stærðir 35-46. Verð 12.990
**Opið mán. – fim. kl. 11–17**
**fös. og lau. kl 11–16**
Verona sportskór. Til í svörtu og hvítu. Stærðir 36-42. Verð 7.900 kr.
**Bonito ehf. Praxis,**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2878 - www.praxis.is**

**Þótt hávaði sé áberandi í Mexíkó eru íbúarnir afslappaðir að mati Steingríms Jónssonar tölvunarfræðings.**

# Ruslakarlar með kúabjöllur



Steingrímur með tveimur Mexíkóum sem stunda nám við HR. Öðrum þeirra lánaði hann grímuna sína. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mexíkóar eru sérlega skemmtilegir og þægilegir í umgengni,“ segir Steingrímur Jónsson tölvunarfræðingur eftir að hafa dvalið í Mexíkó frá því í september á síðasta ári fram í janúar. Sem dæmi um liðlegheit innfæddra nefnir hann að þegar strætisvagnarnir eru svo troðfullir að fólk kemst bara inn að aftan þá láta þeir fargjaldið ganga fram eftir vagninum og skiptimyntin gengur sömu leið til baka.

Steingrímur er nemandi í alþjóðaviðskiptum við HR og var í námi í borginni Guadalajara í Mexíkó þar sem íbúar eru um fjórar og hálf milljón. Hann segir götulífið þar hávaðasamt. „Ruslakarlarnir eru með kúabjöllur sem þeir hringja í gríð og erg og þá hleypur fólk út með ruslið ef það hefur gleymt því kvöldið áður. Karlinn sem labbar um og brýnir hnífa er með sérstaka flautu og aðrir þeyta lúðra. Svo er gríðarleg umferð og bílflautur gjalla.“

Mexíkóar eru margir og vinnuaflið ódýrt, að sögn Steingríms. „Varla er til götuhorn þar sem ekki eru karlar að þvo framrúður farartækja og víða stendur fólk tilbúið að hjálpa bílstjórum að bakka út af stæðum,“ segir hann.

Veðráttunni lýsir Steingrímur þannig að í byrjun september hafi komið helliskúrir svo göturnar hafi breyst í stórfljót um stund á milli þess sem sólin skein. „En frá því í október þar til við komum heim rigndi aldrei, heldur var alltaf 27 stiga hiti, sól og hægur vindur. Afskaplega notalegt,“ lýsir hann.

Eitt af því sem Steingrímur kynntist var lucha-libre, mexíkósk fjölbragðaglíma, sem hann segir gríðarlega vinsæla. Hann fór tvisvar að horfa á hana og varð sér úti um grímu sem tilheyrir íþróttinni.

*gun@frettabladid.is*

Jeppadekk
-20%
**afsláttur** af jeppadekkjum!
Bremsuklossar
-15%
**afsláttur** af bremsuklossaskiptum
Smurþjónusta
1000 kr.
**afsláttur** af smuri!
BÍLKÓ
Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110
Þjónustumiðstöð bílsins

**Land Rover** mun afhjúpa dýrasta og íburðarmesta Range Rover í sögu fyrirtækisins á bílasýningunni í Genf sem hefst í vikunni. Bíllinn ber heitið Range Rover Autobiography Ultimate Edition. Aðeins 500 slíkir bílar verða framleiddir í heiminum.




YOGASTÖÐIN HEILSUBÓT
IÐKIÐ YOGA



Nýtt byrjendanámskeið 7. mars
www.yogastodinheilsubot.is
Síðumúla 15 / 588-5711 / 691-8565




Færanlega forvarnahúsið ferðast á milli staða og kennir ungum ökumönnum hvernig bregðast eigi við óvenjulegum aðstæðum í umferðinni. Í aftari vagninum er til dæmis að finna veltibíl en í fremri vagninum er kennslustofa.


Castello
PIZZERIA




***Fjölskyldutilboð***
Stór pizza m/2 áleggsteg. 12" hvítlauksbrauð/margaritu, stór brauðstandgir og 2L coke **3560 kr** (SÓTT)

Stór pizza m/2 áleggsteg. **1790 kr** (SÓTT)

***Hádegis Tilboð***
Lítil pizza m/3 áleggsteg. og Coke í dós **1090 kr**

***Heimsendingar Tilboð***
Stór pizza m/2 áleggstegundum, stór brauðstangir og 2L gos **3190 kr**

Mið pizza m/2 áleggstegundum, lítill brauðstangir og 1L gos **2490 kr**

**20% Afsláttur af sóttum pizzum**

**Opnunartímar**

**Dalvegur 2 Kóp**
Opið alla daga
11-01

**Dalshraun 13, Hafn**
Sun-Fim: 11-23
Fös-Lau: 11-23:30

**www.castello.is**
**S:577 3333**


# Upplifunin er besti kennarinn

**Færanlegt forvarnahús er kennslustofa á hjólum þar sem ökunemar geta lært að bregðast rétt við mismunandi aðstæðum í umferðinni.**

Um áramótin 2010 tók gildi ný reglugerð sem skyldar alla ökunema til að sækja námskeið í ökugerði. „Fyrstu ökunemarnir komu á námskeið á Kirkjusandi í maí á síðasta ári," segir Einar Guðmundsson, forstöðumaður forvarnasviðs Sjóvár.

Kennslan fer fram í svokölluðu færanlegu forvarnahúsi. „Það er flutningabíll með aftanívagni. Í fremri vagninum er kennslustofa og í þeim aftari veltibíll," segir Einar, en hvert námskeið er í fimm skipti.

Enn sem komið er hefur færanlega forvarnahúsið aðstöðu á þremur svæðum á landinu, á Kirkjusandi í Reykjavík, á Ásbrú í Reykjanesbæ og á Bakkaflugvelli í Landeyjum. „Í vor er ætlunin að bjóða upp á námskeið í Aðaldal við Húsavík en síðan er ætlunin að finna stað í hverjum landsfjórðungi," segir Einar.

En hvað lærir fólk í þessum ökugerðum? „Við leggjum mikið upp úr að ungmennin fái að upplifa hvernig er að missa stjórn á bíl í hálku og það gerum við í svokölluðum skrikvagni. Þau verða sjálf að finna út úr því hvað þau eru að gera rangt og mörg eru hissa þegar þau komast að því að það eina sem virkar er að minnka hraðann," segir Einar en skrikvagninn má stilla til að líkja eftir mismunandi mikilli hálku, bleytu og möl.

Hann áréttar að ökunemum sé ekki kennt hvernig aka eigi í hálku heldur sé þeim sýnt hvernig forðast megi slys. „Reynslan sýnir að þeir nemendur sem fá plagg upp á að þeir hafi lært að aka í hálku ofmetnast og aka hraðar í hálku. Við viljum heldur að nemarnir átti sig á því hve lítið þarf til að missa veggripið," segir Einar.

Í færanlega forvarnahúsinu fara nemarnir einnig í veltibíl og finna þannig hvernig beltin bjarga. Þeir fá að fara í beltasleða sem líkir eftir árekstri og prófa ölvunargleraugu. „Allt þetta opnar augu þeirra fyrir því hve miklu máli skiptir að vera með fulla athygli við aksturinn," segir Einar og vill meina að slík kennsla í gegnum upplifun sé áhrifaríkasta leiðin til að móta nýja ökumenn. *- sg*



Einar Guðmundsson, forstöðumaður forvarnasviðs Sjóvár.



Í skrikbílnum má sjá hvernig bíll bregst við í hálku.


FRÍ loftmæling og ástandsskoðun hjólbarða Í MARS

Reykjavík • Skeifunni 5 • 581 3002
Egilsstaðir • Þverklettum 1 • 471 2002
Akureyri • Draupnisgötu 5 • 462 3002

DEKKJAHÖLLIN
REYKJAVÍK - EGILSSTAÐIR - AKUREYRI

REYNSLUAKSTUR



Austurrísku Alparnir mynduðu fallega umgjörð um reynsluakstur Chevrolet Captiva og juku aðeins á akstursánægjuna.

# Stællegur sportjeppi

**Stórt ár er fram undan hjá Chevrolet. Sjö nýir bílar verða kynntir í tilefni af 100 ára afmæli fyrirtækisins. Fyrstur var Captiva sem blaðamenn frá allri Evrópu fengu að kynnast í austurrísku Ölpunum í febrúar.**

Fjöllin í kringum austurrísku borgina Innsbruck mynda fullkomna umgjörð um reynsluakstur hins nýja Chevrolet Captiva, sportjeppa með sídrifi. Þar var enda bæði hægt að prófa kraft og þægindi bílsins á langferð um hraðbrautir og auk þess láta reyna á bílinn í torfærum og snjó.

Captiva hefur fengið sportlegra og frísklegra útlit. Mestu breytingarnar á bílnum er þó að finna undir húddinu. Captiva verður framleiddur með fjórum vélum, en hingað til lands verður aðeins flutt 2,2-turbo dísilvélin með 184 hestöflum.

Aksturseiginleikar bílsins eru mjög ánægjulegir. Hann liggur vel og sjálfskiptingin er mjúk. Krafturinn er nægur þó hröðunin yfir 80 km sé fremur seig.

Akstursupplifunin er ljómandi og á sér stoð að sumu leyti í fallega hannaðri innréttingu bílsins. Má segja að fólk fái mikið fyrir lítið því mælaborðið er næstum ríkmannlegt en í því er bakkmyndavél og snertiskjár sem hægt er að tengja við Garmin-GPS.

Tvö þúsund metrum yfir sjávarmáli hafði verið útbúið svæði þar sem blaðamenn fengu að prófa búnað bílsins á sérstakri snjó- og ísilagðri braut. Þar var hægt að prófa skriðvörnina í ísilögðum beygjum og stóðst bíllinn þá raun með sóma. Einnig fengu menn að prófa hvernig hin nýja tækni, brekkuhjálp og skriðhemill, virkaði vel, en hún auðveldar ökumönnum verulega að taka af stað í miðri brekku og að fikra sig niður brattar hæðir.

Chevrolet Captiva er sjö sæta bíll en vel er gengið frá öftustu sætunum svo þau falla vel ofan í gólfið þegar ekki er verið að nota þau. Þannig getur farangurshólf bílsins verið allt frá 97 upp í 1.565 lítrar.

Á heildina var reynslan af Captiva ánægjuleg. Eini gallinn er beinskiptingin, sem var fremur stíf og langt á milli gíra. Það kemur þó ekki að sök enda verður aðeins sjálfskipting í boði hér, en hinn nýi bíll er væntanlegur til Íslands í lok maí.

*solveig@frettabladid.is*

**Chevrolet Captiva**

**Vél:** 2,2 l dísil
**Skipting:** sjálfskipting
**hestöfl:** 184
**Tog:** 400 nm
**Eyðsla, bl. akstur:** 7,7 l/100 km
**0-100 km/klst:** 10,1 sek.
**Koltvísýringur:** 203 g/km
**Farangursrými:** 97/769/1577 l
**Verð:** 5.990.000 krónur

**Plús:** Eyðslugrannur miðað við sportjeppa. Lætur vel að stjórn bæði á vegum úti og í torfærum.

**Mínus:** Beinskiptingin er hálf leiðinleg. Kemur þó ekki að sök því bíllinn verður ekki fáanlegur með henni hér á landi.



Mælaborðið er fagurlega hannað.



Captiva er sjö manna bíll en lítið fer fyrir öftustu sætunum þegar þau hafa verið felld niður.


**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíóíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905

ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

UWAGA KIEROWCY
Kurs na prawo jazdy kategorii C i CE dla Polaków rozpocznie sie 4 marca o godz 18.00. Kurs bedzie tlumaczony na jezyk polski.Informacje pod nr tel.7728079.



ÖKU SKÓLINN Í MJÓDD
Tel: 5670300



BÍTIÐ
MEÐ HEIMI OG KOLLU
ALLA VIRKA DAGA KL. 6.50
BYLGJAN 989





ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?

Þarft þú að láta skoða bílinn þinn? Á meðan skoðunin fer fram getur þú látið fara vel um þig í biðstofunni, fengið þér kaffisopa og gluggað í blöðin eða tímarit.

**Við hvetjum þig til að koma tímanlega með bílinn í skoðun**

Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 16 ár

Aðalskoðun

HVITA HUSID / SIA - 11-0157

**Reykjavík** Skeifunni 5, Sími 590 6930
**Hafnarfjörður** Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900
**Kópavogur** Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935
**Reykjanesbær** Holtsgötu 52 (við Njarðarbraut) Sími 590 6970

Opið kl. 8–17

www.adalskodun.is

**Kaffi nýtist í ýmislegt** Til dæmis er gott að taka með sér nokkrar baunir þegar velja á ilmvatn. Gott er að þefa af baununum til að núllstilla lyktarskynið á milli þess sem ólíkir ilmir eru prófaðir.



# Svalandi kaffidrykkir

**Fátt er betra en rjúkandi heitt kaffi, eins og við vitum öll, en kaffi er líka gómsætur og svalandi kaldur drykkur. Hér fylgja þrjár uppskriftir af köldum kaffidrykkjum sem koma skemmtilega á óvart og tilvalið er að bera fram eftir góða máltíð í stað eftirréttarins og heita kaffisins sem hefðin krefst.**

## ÝMSIR ÍSKAFFIDRYKKIR

**FYRIR 4**



**Kælandi cappuccino**
1½ bolli kalt kaffi
1½ bolli súkkulaðiís
¼ bolli súkkulaðisíróp eða súkkulaðisósa
1 bolli þeyttur rjómi

*Setjið kaffi, súkkulaðiís og síróp í blandarann. Þeytið þar til blandan er mjúk. Hellið yfir mulinn ís í fjögur glös. Skreytið með þeyttum rjóma og berið fram.*



**Ísmolakaffi**
1½ bolli kalt kaffi
2 bollar mjólk
¼ bolli súkkulaðisíróp
¼ bolli sykur

*Hellið kaffinu í ísmolabakka og frystið í gegn, helst yfir nótt.*

*Hellið öllum innihaldsefnunum í blandara og þeytið þar til blandan er mjúk. Hellið í glösin og berið fram.*

**Ískaffi með vanillu**
4 bollar nýlagað kaffi
½ teskeið vanillu-essens (má sleppa)
¼ bolli sykur
¼ bolli sjóðandi vatn
3 bollar mulinn ís
½ bolli rjómi

*Setjið kaffið í ísskápinn þar til það er orðið vel kalt, í um það bil 30 mínútur. Kælið fjögur glös. Setjið vanillu-essens og sykur út í sjóðandi vatnið og hrærið þar til það er uppleyst. Dreifið ískurlinu og kaffinu jafnt í glösin fjögur. Hrærið sykur/vanillu upplausninni út í ásamt rjómanum.*







GERÐU FULLKOMINN ESPRESSO HEIMA HJÁ ÞÉR

Að búa til espresso er list. Til þess þarf 6,7 grömm af eðalkaffi, nákvæma tímasetningu, rétt hitastig og mátulegan þrýsting. illy hefur hannað kaffivélar og kaffihylki sem hafa fullkomið vald á þessari list.
Við köllum það Iperesspresso - aðferðina.

Útkoman er ilmandi og bragðmikið kaffi með silkimjúkri áferð í hverjum einasta sopa.

*Vélarnar fást í Byggt og búið Kringlunni, Byko Akureyri, Epal Skeifunni, Hjá Jóa Fel Garðabæ og Holtagörðum og Kokku Laugavegi.*

*Kaffið í vélarnar fæst einnig í verslunum Hagkaups og Fjarðarkaupum Hafnarfirði.*

illy
ARTE E SCIENZA DELL'ESPRESSO



Aðalheiður segir kosti þess að hella upp á kaffi vera ótvíræða. Hún getur þess að á vefsíðunni kaffitar.is sé hægt að fræðast um ýmsar nýjungar, meðal annars Sparikaffiklúbbinn sem gefur kost á úrvalskaffi í áskrift og þátttöku í námskeiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Uppáhelling aftur vinsæl

**Espresso, latte og cappuccino hafa verið mál málanna í kaffimenningu Íslendinga undanfarin ár. Uppáhelling, með örlítið breyttu sniði, er hins vegar að ryðja sér aftur til rúms þökk sé útsjónarsemi Japana.**

Kaffimenning Íslendinga hefur tekið örum breytingum síðustu ár. Um það bera kaffihús og heimili landsins vitni þar sem „fínni“ drykkir á borð við espresso, latte og cappuccino hafa einkum átt upp á pallborðið á kostnað uppáhellingar. Nú bendir hins vegar ýmislegt til að uppáhelling gæti verið að ryðja sér aftur til rúms hérlendis, þó með örlítið breyttu sniði. Aðalheiður Héðinsdóttir, forstjóri Kaffitárs, veit allt um málið.

„Þegar espresso-vélarnar komu fyrst á markað voru kaffihúsin fljót að innleiða espresso-menninguna, hér sem og annars staðar. Heimilin fylgdu í kjölfarið, þannig að margir eiga orðið litlar espresso-vélar, og ekkert nema gott um það að segja enda kaffið sem úr þeim kemur með eindæmum gott. Hins vegar urðum við sem höfum lengi starfað í geiranum þess brátt áskynja að vissir annmarkar eru á þessum takkavélum. Bruggunartíminn er til dæmis alltaf sá sami, sem gerir það að verkum að viss efni í sumu kaffi fá ekki tíma til að leysast upp og bragðið skilar sér því ekki alltaf sem skyldi,“ segir hún og bætir við að þar komi gamla, góða uppáhellingin til sögunnar.

> „Japanar hella upp á einn bolla í einu, mæla nákvæmlega magnið af kaffi og vatni sem í hann fer og nota sérstakan Hario-ketil, með löngum og mjóum stúti.“

„Upp á síðkastið hefur ákveðin vitundarvakning átt sér stað um kosti uppáhellingar. Hana má rekja alla leið til Japans þar sem þróuð hefur verið aðferð til að fá meira út úr uppáhelltu kaffi. Japanar hella upp á einn bolla í einu, mæla nákvæmlega magnið af kaffi og vatni sem í hann fer og nota sérstakan ketil, Hario-ketil, með löngum og mjóum stúti sem gerir fólki kleift að hella hægar og þannig stýra vatnsflæðinu betur,“ útskýrir Aðalheiður og segir að með því móti verði kaffibragðið eins og best verður á kosið. „Auk þess sem þetta minnir á japanska te-athöfn og er skemmtilega sjónrænt.“

Viðskiptavinum Kaffitárs gefst nú kostur að fá uppáhellt kaffi, af einhverri sparitegund, með þessari aðferð, en hún hefur á undanförnum vikum verið innleidd á kaffihúsum fyrirtækisins. „Sérfræðingur á okkar vegum, Tumi Ferrer, hefur búið til sérstaka uppskrift sem stuðst er við og kúnnarnir geta notið þess að prófa,“ bendir Aðalheiður á og bætir við að þótt tíma geti tekið að ná aðferðinni sé hún árangursrík og fljótleg.

*roald@frettabladid.is*

Hvað er lífrænt ræktað kaffi? Lífrænt kaffi er ræktað án notkunar rotvarnarefna eða tilbúins áburðar. Rökin fyrir slíkri ræktun eru þau að menga umhverfið minna og rækta vöru sem er hollari fyrir neytandann. Á Íslandi fæst lífrænt kaffi hjá Kaffitári, í kaffihúsinu Hljómalind og á fleiri stöðum, auk þess sem heilsudeildir stórmarkaðanna bjóða upp á ýmsar tegundir af lífrænt ræktuðu kaffi.







Bollaleggingar



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

» Bolli er ekki bara bolli og rétta útlitið getur breytt öllu. Smekkur manna er mismunandi og bollarnir frá Kahla eru misstórir, mislitir og fjölbreyttir í laginu svo flestir geta fundið þann rétta fyrir sig. Spáðu í bollana hjá Kokku, í verslun okkar eða á kokka.is

kokka
laugavegi 47

laugavegi 47 opið mán.-fös. 10-18, lau. 10-16 | www.kokka.is kokka@kokka.is

## Nudd

KÍNVERSKA NUDDSTOFAN Kínverskur nuddari sem í heimalandi sínu menntaði sig bæði í vestrænum læknisfræðum og kínversku nuddi. Hann getur hjálpað þér að losna við ýmsa verki og hvíla með nuddi og nálastungu. Hamraborg 20A Sími: 564 6969

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Útskurðarnámskeið fyrir byrjendur í miðbæ Reykjavíkur hefst 8.mars. Námskeiðsverði stillt í hóf. Nánar uppl í s. 895 7885.

Glerskurðarnámskeið laust næsta laugardag. Listgler kópavogi uppl: 5545133 / 8614854

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Vil kaupa þvottavél og þurrkara barkalausan,í sömu tegund, nýlegt,uppl. 864-3974

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**TILBOÐSDAGAR**
20% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM HNÖKKUM 30% AFSLÁTTUR AF ART HJÁLMUM HESTAR OG MENN ÖGURHVARFI 1 SÍMI 567 3300

## Húsnæði í boði

**Til leigu** 81,6 fm 3ja herbergja íbúð við Bárugranda í Reykjavík. Leiga 140 þús. á mánuði, verðtryggt. Innfalið hússjóður og hiti í íbúð. Trygging skv. samkomulagi við leigusala. Langtímaleiga.
**LAUS STRAX!**
Upplýsingar veitir Magnús í síma 699-0775

## Fasteignir

### Til sölu veitingarekstur!

Hef fengið til sölumeðferðar veitingastað, bar/skemmtistað ásamt veisluþjónustu með 3 sölum. Frábær staðsetning. Vel bókað, frábær tími framundan og hagstæðir leigusamningar. Selst allt saman eða í sitthvoru lagi.

Upplýsingar einungis veittar á skrifstofu að Bolholti 4, hjá Magnúsi Einarssyni, lgf.



**Magnús Einarsson, Lgf.**
**Landmark Fasteignasala**
**897 8266 / 512 4904**
**magnus@landmark.is**

LANDMARK FASTEIGNASALA
www.landmark.is - sími: 512 4900 - Bolholti 4

EIGNAMIÐLUN Reykjavík — Frá 1957
Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali
Sími: 588 9090 · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík · www.eignamidlun.is

### Álftamýri 46 - falleg íbúð




Mjög góð og töluvert endunýjuð 3ja herbergja 73,9 fm endaíbúð á annari hæð á besta stað í húsinu (Álftamýramegin). Nýtt gler og ný opnanleg gluggafög eru í íbúðinni, endurnýjað haustið 2010. Ofnar voru endurnýjaðir í íbúð og sameign árið 2007. **OPIÐ HÚS Í DAG (MIÐVIKUDAG) FRÁ KL. 17:00 - 18:00**
**V. 18,4 m. 6458**

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

Íbúð, tveggja herbergja, til leigu í efra Breiðholti til lengri tíma eftir samkomulagi. Laus strax. Umhverfið kyrrlátt og útsýnið frábært. Flísalagt baðherbergi með kari og sturtu. Venjulegur húsbúnaður, internettenging, aðgangur að þvottaherbergi. Hússjóður innifalinn. Stutt í Bónus og allar þjónustustofnanir. Verð kr. 100.000 á mánuði sem greiðist fyrirfram. Auk þess trygging kr. 200.000 í peningum, víxli eða bankaábyrgð. Upplýsingar í síma 864 0306 eða 553 0305.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Um 30 fm stúdíóíbúð á Skeggjagötu 105 Rvk. Sérinngangur. Langtímaleiga. Leiga 55 þús. Trygging í peningum. Laus strax. Uppl. í s. 696 1855.

**Hafnafjörður**
3 herb. 93 fm íbúð til leigu. Leiga kr. 120 þ. á mán. Allt innifalið. Uppl. í s. 895 5708 Bergþór eftir hádegi.

Til leigu herbergi á heimili(með öllu) í 108 RVK. 30 þús, per mán.+ 1 mán. trygg. Uppl. í s. 696 8068.

Kjallaraherb. til leigu í 101. Uppl. í s. 773 3182.

**Akureyri**
Orlofsíbúð til leigu í miðbæ Akureyrar. S. 891 8363.

40 fm íbúð í Furugrund í Kópavogi til leigu strax. 80 þús. á mán. + tveggja mán. fyrirfram í tryggingu. Uppl. í s. 866 5212.

Vel staðsett hús til leigu í SA London í amk 6 mánuði: http://www.gumtree.com/london/28/74783528.html

## Húsnæði óskast

62 ára karlmaður óskar eftir 2-3 herb. íbúð í Breiðholti. Uppl. í s. 699 4329.

## Geymsluhúsnæði

**FRYSTIGEYMSLUR**
**Vantar þig að láta geyma í frysti? Erum með útleigu á frystiplássi fyrir bretti, getum tekið allt að 100 bretti. Aðgangur að geymslum alla daga.**
**Nánari upplýsingar veitir Gunnar í síma 690 3408**

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

Ca. 25fm bílskúr í þingholtunum hentar sem geymsla. Leigu fjárhæð 25.000 á mán. uppl í s. 862 3399.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.
Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.
Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com
stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

## Atvinna

# Bifvélavirki

Óskum eftir að ráða bifvélavirkja til að annast almennt viðhald og eftirlit með hópferðabílaflota okkar.

Við leitum að röskum og metnaðarfullum aðila sem getur unnið sjálfstætt.

Ökuréttindi til aksturs hópferðabíla æskileg.

Vinsamlegast sendið umsóknir á job@snaeland.is fyrir 5. mars nk.

**SNÆLAND GRÍMSSON**
Langholtsvegi 115 · 104 Reykjavik · Iceland
Sími 588 8660 · www.snaeland.is

Snæland Grímsson ehf. er eitt af elstu ferðaþjónustufyrirtækum landsins og rekur öflugan flota af hópferðabílum auk þessa að reka eigin ferðaskrifstofu sem er sérhæfð í móttöku og skipulagningu ferða fyrir erlenda ferðamenn

## Útboð

# SAMNINGSKAUP

**F.h. Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar:**

***Óskað er eftir áhugasömum aðilum til að taka að sér bæði ferjusamgöngur til og frá Viðey og veitingarekstur í Viðeyjarstofu.***

Gögn á geisladiski verða seld á kr. 3.000, frá og með 1. mars 2011 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Skilafrestur þátttökutilkynninga og tillögugerðar er 29. mars 2011, kl 14:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupaskrifstofa

Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Kökuhúsið Auðbrekku**
**Óskum eftir að ráða reglusaman og duglegan starfskraft í uppvask og afgreiðslu. Vinnutími 10-17:30 Upplýsingar á staðnum. S. 554 2708 & 693 9091.**

PORTIÐ CAFÉ & RESTAURANT KRINGLUNNI
**Óskum eftir að ráða starfsmann í þjónustu.**
Fullt starf í boði - Vaktavinna. Lágmarksaldur er 25 ár. Reynsla af þjónustustörfum skilyrði.
Íslenskukunnátta skilyrði. Icelandic skills required.
Áhugasamir sendið umsókn, á netfangið info@portid.is

Pizza Hut

**Vaktstjóri á Pizza Hut**

**Pizza Hut leitar af vaktstjóra í framtíðarstarf.**

**Starfið felst í: Stjórnun vakta, Þjónustu í sal,**

**Mannastjórnun í samráði við veitingastjóra.**

**Hæfniskröfur: Reynsla af stjórnun, mikil þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, tölvukunnátta, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 25 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is merkt „vaktstjóri" fyrir 10 mars. Upplýsingar veitir Þórey veitingastjóri í síma 822-3642.**

Sparta hárstofa Laugarásvegi 1 s. 553 1755. Stóll til leigu, Uppl í s. 896 3963 Særún.

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Ég diskódrottningin sjálf er 30 ára í dag, tek á móti knúsi, kossum og gjöfum í allan dag elsku bollurassarnir mínir!**



Bið einkatíma í yoga. www.yogaheilsa.is sími 691 8565.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Gefðu vatn**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



frá 359
KLÚTAR OG HANDKLÆÐI
Klútar, 3 í pk, kr 359
40x60 cm, kr 499
50x90 cm, kr 749
65x130 cm, kr 1299
frá 349
STURTUKÖRFUR
Með sogskálum
459
SNAGI
Með sogskál
249
RÚLLUHALDARI
Með sogskál
2 saman
9990
ELDHÚSSTÓLAR
frá 4990
STÁLHILLUR
3 hillur, 33x28,5x81 cm, kr 4990
4 hillur, 33x28,5x112 cm, kr 7990
3 hillur, 64x28,5x81 cm, kr 7990
2790
KOLLUR
Hægt að leggja saman
6990
KOLLUR
45x45x50 cm
2999
BAÐHERBERGISMOTTA
50x80 cm
15.990
HILLA MEÐ FJÓRUM SKÚFFUM
74x36x73 cm, svört
Með þremur körfum, 40x35x87 cm, kr 9990
Bekkur með þremur skúffum. L: 110 cm, kr 16.990
home
home
1699
BAÐKARSMOTTA
39x79 cm
Sturtumotta 55x55 cm, kr 1990
Verð pr stk
3590
STURTUSETT
Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!



4 pör

1990

SOKKAR - TRYSIL
St 25-27/28-31/32-35/36-40/41-46



frá 5990

KULDAGALLAR
Blár/svartur
Fyrir 12 - 16 ára, kr 5990
S-XXL, kr 7990



3000 W

8990

VIFTUOFN
3000 W





1490

ELDIVIÐUR, 5 Í PK





599

UPPKVEIKIKUBBAR
100 stk

## SENDUM UM ALLT LAND!

Pöntunarsími í Reykjavík **511 3322**

Pöntunarsími á Akureyri **466 2533**

Visa / MasterCard

STIGA

STIGA SLEÐI
Power Special



12.990

## Nú 6 verslanir

- Korputorgi - S: 533 3353
- Fiskislóð 3 (Granda) - S: 511 3322
- Glerártorgi, Akureyri - S: 466 2533
- Dalvegi 10-14, Kópavogi- S: 544 2333
- Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði - S: 533 3360
- Austurvegi 69, Selfossi - S: 483 3366



Hugsum um smáfuglana

Fuglafóður í úrvali

*Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.*

Europris ÓDÝRT FYRIR ALLA!

# Fagna aldarfjórðungsafmæli á Íslenska markaðsdeginum

Íslenski markaðsdagurinn verður haldinn á föstudaginn, en í ár eru sannkölluð tímamót hjá markaðsfólki og ÍMARK. Félagið fagnar 25 ára afmæli sínu en um leið verður Lúðurinn, íslensku auglýsingaverðlaunin, afhentur í 25. skipti.

Gunnar B. Sigurgeirsson, formaður ÍMARK, segir í samtali við Markaðinn að dagskráin hafi sjaldan verið glæsilegri enda mikið lagt í viðburðinn. Þrír erlendir fyrirlesarar verða á ráðstefnunni, þar á meðal Scott Bedbury, sem er fyrrum markaðsstjóri Starbucks og Nike og hugmyndasmiður herferðarinnar Just Do It fyrir síðarnefnda fyrirtækið.

„Koma Scotts er hvalreki fyrir íslenskt markaðsfólk. Fólk sem kemur að markaðsmálum mun vafalítið sækja sér þekkingu og styrkingu í starfi með því að sækja ráðstefnuna,“ segir Gunnar.

LÚÐURINN
ÍSLENSKU AUGLÝSINGAVERÐLAUNIN

Meðal umfjöllunarefna á ráðstefnunni eru hinir svokölluðu nýmiðlar og notkun þeirra í markaðsstarfi.

„Markaðsfólk hefur mikinn áhuga á nýmiðlum og vill vita meira um það hvernig á að fóta sig á þeim vettvangi,“ segir Gunnar. „Það gildir það sama um þá og aðrar leiðir til að koma skilaboðum á framfæri til neytenda.“

Gunnar segir að fyrirlesarar á ráðstefnunni muni vafalítið fjalla um þetta og vonandi gefa áheyrendum dæmi um hvernig hægt sé að koma skilaboðum á áhrifaríkan hátt til neytenda með farsímum, samfélagsvefjum og fleiri slíkum miðlum.

Gunnar bætir því við að vissulega hafi harðnað á dalnum í auglýsinga- og markaðsgeiranum, en nú sé ljóst að þeir sem héldu sínu striki séu að koma betur undan kreppu en þeir sem drógu úr markaðsstarfsemi.

„Vissulega hafa fyrirtæki þurft að laga sig að breyttu ástandi frá því í lok árs 2008 hafa sum fyrirtæki virkilega styrkt sína stöðu með öflugu markaðsstarfi og munu sannarlega njóta ávaxtanna þegar markaðurinn réttir úr kútnum. Öflugt og markvisst markaðsstarf er svo sannarlega mikilvægur partur af verðmætasköpun fyrirtækja.“

Ráðstefnan hefst kl. 9 á Hilton Nordica og stendur til kl. 16. - þj

# Lifandi vinnustofur og hópefli

## Opni háskólinn og Practical taka höndum saman.



GUÐRÚN HÖGNADÓTTIR

Opni háskólinn í HR og viðburða- og hvatafyrirtækið Practical kynna nýtt samstarf sitt í Opna háskólanum við Menntaveg eitt milli klukkan hálffimm og fimm á morgun fimmtudag.

Guðrún Högnadóttir, framkvæmdastjóri Opna háskólans, segir í tilkynningu að samlegðaráhrif fyrirtækjanna séu mikil, Opni háskólinn hafi frá stofnun einbeitt sér að endurmenntun og fræðslu fyrir íslensk fyrirtæki en Practical getið sér gott orð fyrir hópefli og starfsdaga.

Áhersla verði lögð á „lifandi vinnustofur“, fyrirlestra og hópefli þar sem þátttakendur taki virkan þátt í dagskránni í stað þess að vera í hlutverki áhorfenda. Meðal annars á að bjóða upp á vinnustofur um árangur undir álagi, árangursrík samskipti og eflingu stjórnendateyma.

- óká

FYRIRTÆKIÐ




**BJÓÐA BETUR** Þeir Játvarður og Davíð halda ótrauðir inn á fjarskiptamarkaðinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Áherslan á þjónustu

## Hringdu er nýtt fyrirtæki á íslenska fjarskiptamarkaðnum.

Nýtt fjarskiptafyrirtæki að nafni Hringdu tók til starfa í síðasta mánuði og stefnir að því að bjóða viðskiptavinum sínum upp á ódýrari valkosti í internetþjónustu og heimasíma. Frændurnir Davíð Fannar Gunnarsson og Játvarður Jökull Ingvarsson stofnuðu Hringdu eftir að hafa áður reynt fyrir sér með fyrirtækið callit.is, sem sérhæfir sig í ódýrum símtölum til útlanda.

„Það má segja að hugmyndin að Hringdu hafi sprottið út frá því,“ segir Játvarður í samtali við Markaðinn. „Við fórum að skoða það verð sem var í boði á markaðnum og sáum að við gætum boðið upp á internet-þjónustu og heimasíma á góðu verði.“

Hringdu nýtir sér dreifikerfi Símans, en er að öðru leyti óháð öðrum fyrirtækjum á markaðnum.

Játvarður segir að lykillinn að því að lítið fyrirtæki, nýtt á markaði, geti boðið betra verð sé takmörkuð yfirbygging og elja.

„Við vinnum bara fjórir hjá fyrirtækinu eins og er, og erum að fram á öll kvöld. Þannig erum við að láta þetta ganga.“

Hann segir viðbrögðin hafa komið þeim nokkurn veginn í opna skjöldu og þeir hafi þurft að hafa sig alla við til að sinna viðskiptavinum. „Þetta byrjaði með miklum látum hjá okkur, en við leggjum mikla áherslu á að geta sinnt okkar kúnnum. Það skiptir meira máli að sinna okkar fólki vel heldur en að sprengja sig á kostnað þjónustunnar strax í upphafi.“ - þj

**Til leigu** Skrifstofuhúsnæði á besta stað í Reykjavík




Til leigu er skrifstofuhúsnæði að Rauðarárstíg 27. Um er að ræða húsnæði á fjórum hæðum sem leigist út að hluta til eða í heild.

Á jarðhæð til leigu 333 fm.
2. hæð samtals 479 fm.
3. hæð samtals 479 fm.

4. hæð samtals 479 fm.
Gott aðgengi og næg bílastæði bakatil.

**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 692 2323 eða 692 0900.**

# Fimm atriði um sölumennsku

SPROTAR

Ingvar Hjálmarsson



Orðið „sölumennska“ mætir oft fordómum í samfélaginu. Margir tengja orðið við óheiðarlega og ágenga sölumenn með stáltána á milli stafs og hurðar að pranga upp á þig einhverju sem þú hefur enga þörf fyrir. Staðreyndin er hins vegar sú að þetta er eitt mikilvægasta atriðið sem við kemur sprotafyrirtækjum. Þessi grein mun fara yfir fimm mikilvæg atriði þegar kemur að því að selja vöruna þína.

Byrjum á því að skilgreina góða sölumennsku. Góð sölumennska er ekki það að geta selt öllum hvað sem er. Góð sölumennska er það að finna réttu viðskiptavinina sem hafa raunverulega þörf fyrir það sem þú ert að selja og vinna svo með þeim að því að brúa bilið milli þeirra þarfa og þinna lausna.

Sem frumkvöðull ertu alltaf að selja. Ef þú ert ekki að selja hugmyndina þína til einhverra sem þú vilt vinna með, þá ertu að reyna að fá einhvern til að kaupa vöruna þína, selja bankanum það að hann eigi að lána þér, selja fjárfestum að þeir eigi að setja pening í fyrirtækið þitt, selja sjóðum það að þeir eigi að styrkja þig og þannig má lengi telja. Sölumennska er lykilþáttur í öllum þessum atriðum.

1. Efldu með þér hugarfar. Þetta er eitt höfuðeinkenni besta sölufólksins. Vertu alltaf tilbúinn að selja það sem þú hefur upp á að bjóða. Með rétta hugarfarinu ertu betur í stakk búinn til að koma auga á tækifæri, kynna það sem þú hefur upp á að bjóða, fást við mótbárur eða annað sem við kemur söluverkefnum.

2. Kláraðu undirbúninginn. Með réttum undirbúningi eykurðu líkurnar á góðum árangri. Þetta atriði á við í öllum stigum söluferlis. Eyddu góðum tíma í að skilja hvað viðskiptavinir þínir vilja og hvaða vandamál þú ert að leysa fyrir þá. Þegar þú ert að selja fyrirtækjum þarftu að skilja vel rekstur fyrirtækisins. Þú þarft að vita hverjir mega taka ákvarðanir hjá fyrirtækjunum, hvernig viðskiptamódel þeirra er og hverjar eru helstu lausnir þeirra. Þetta er allt vinna sem þú vinnur áður en þú hefur samband við þá sem þú ætlar að selja. Vertu tilbúinn með mögulegar spurningar og mótbárur sem viðskiptavinir gætu spurt og hafðu svörin á reiðum höndum. Skipuleggðu vel hvaða eiginleikar úr þínum lausnum/vörum eiga best við hvert sölusamtal sem þú átt. Vertu alveg viss um að þú vitir við hvern þú ert að fara að tala og hvað þú ætlar að segja við hann.

3. Hlustaðu! Margir telja einkenni góðs sölufólks vera að geta talað alla í kaf. Þetta er ekki rétt niðurstaða. Einkenni frábærs sölufólks er að það hlustar meira en það talar. Í stað þess að byrja á því að telja upp alla mögulega eiginleika á vörunni þinni, prófaðu þá að spyrja viðskiptavininn hverju þeir eru að leita að. Með því að spyrja réttu spurninganna skapar þú tækifæri fyrir þig að brúa bilið milli þess sem viðskiptavinurinn leitar að og þú ert að bjóða upp á. Fólki finnst oft skemmtilegra að tala en að hlusta þannig að með réttu spurningunum þá tryggirðu athygli fólks. Ef þú spyrð réttu spurninganna þá fá viðskiptavinirnir oft sjálfir hugmyndina um að kaupa það sem þú ert að selja því það áttar sig á þörfinni sem þú ert að uppfylla. Í hverju sölusamtali skaltu fylgjast með samtalinu sem þú ert að eiga og hlusta á sjálfan þig. Reyndu að lesa líkamstjáningu fólksins sem þú ert að tala við og gera þér þannig grein fyrir því hvort athyglin sé til staðar.

4. Trúðu á það sem þú ert að selja. Einlægni í samskiptum er gullin regla. Hún á líka við í sölumennsku. Ef þú ætlar að ná árangri í sölumennsku þá verður þú að hafa trú á því sem þú ert að bjóða. Þú þarft að trúa því að þín lausn sé rétta lausnin fyrir þann viðskiptavin sem þú ert að tala við. Þú skalt heldur ekki vera feiminn að viðurkenna það ef þín lausn á ekki við. Fólk er almennt mjög meðvitað um hvenær þeir sem það á samskipti við eru einlægir eða ekki. Ef þú hefur ekki trú á vörunni – láttu þá laga hana.

5. Temdu þér skapandi hugsun. Nýttu þér skapandi hugsun til að hugsa leiðir um hvernig eigi að selja vöruna. Gerðu eitthvað öðruvísi en samkeppnin. Taktu allt fyrirtækið með í hugarflug um hvernig mætti selja vöruna. Vertu skapandi í að taka burtu áhættuþætti viðskiptavinarins við að kaupa vöruna þína. Ekki fara beint í það að bjóða afslátt – athugaðu frekar hvort þú getur ekki bætt einhverjum verðmætum við vöruna þína sem enginn annar getur boðið.

Þetta eru allt leiðir sem þú getur nýtt þér til að tryggja framgang sprotans þíns. Án sölu er engin vara. Þessa þætti geturðu líka notað þegar þú ræður þitt eigið sölufólk í vinnu til að meta gæði þess. Frumkvöðlar þurfa líka kjark og hugrekki til að ákveða að fá aðra til að selja vöruna fyrir sig – oft getur það verið heillavænleg ákvörðun. Mundu að heimsins besta vara selur sig ekki sjálf – hún þarf söluhugsun og jafnvel sölumenn.

**GREINARÖÐ UM NÝSKÖPUN**

Markaðurinn birtir röð greina um mikilvæg atriði fyrir sprotafyrirtæki.

Ingvar Hjálmarsson hefur tíu ára reynslu úr heimi margs konar fyrirtækja, bæði sprota og stærri fyrirtækjum. Þar hefur hann unnið að rekstri, vöruþróun, vörustýringu, sölu- og markaðsmálum og fleiri þáttum. Hægt er að senda höfundi línu á ingvarh@gmail.com



GAMLA MYNDIN



**NÝJASTA NÝTT** Eggert Hauksson, Sigurður B. Stefánsson og Baldur Guðlaugsson, stjórnarmenn í Ávöxtunarfélaginu, og Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Kaupþings, kynntu nýjungina á vormánuðum 1985. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Upphaf nýrra tíma:

# Einingahlutabréf leyfa almenningi að spila með í verðbréfaviðskiptum

Ekki er ýkja langt síðan nær hver Íslendingur stökk á tækifærið til að drýgja tekjurnar með því að koma sínu fé í hendur alls konar sjóða sem tóku að sér að ávaxta eyrinn með fjárfestingum í verðbréfum eða hlutabréfum.

Illa fór hjá mörgum í framhaldinu enda var ekki mikil reynsla að baki þess háttar viðskiptum. Það var árið 1985 sem Ávöxtunarfélagið og Kaupþing buðu fyrst upp á hin svokölluðu einingahlutabréf sem opnuðu almenningi leið inn á markaðinn. Pétur Blöndal, þáverandi framkvæmdastjóri Kaupþings, sagði í blaðaviðtali að með þessu væri „leystur vandi þeirra sparifjáreigenda sem hvorki hafa nægt fjármagn, tíma eða sérþekkingu til að taka þátt í verðbréfakaupum“ en vildu engu að síður ávaxta fé sitt vel og örugglega.

Allt var gert til að auðvelda áhugasömum inngöngu á markaðinn þar sem hægt var að kaupa einingaskuldabréf í gegnum póst. Þú sendir bara ávísun og fékkst svo bréfið sent til baka í ábyrgðarpósti. Gerist varla einfaldara. - þj

UTAN DAGSKRÁR

Nýr forstjóri 66°Norður:

# Fyrsta verkið Þýskalandsför

**VIÐSKIPTI** Helgi Rúnar Óskarsson hefur tekið við starfi forstjóra Sjóklæðagerðarinnar 66°Norður af Halldóri G. Eyjólfssyni.

Fyrsta verk Helga sem forstjóra var að fara til Þýskalands á ISPO, stærstu sölusýningu íþrótta- og útivistarvara í Evrópu, að því er fram kemur í tilkynningu 66°Norður.

Helgi Rúnar er viðskiptafræðingur, útskrifaður frá San Diego State University árið 1993. Síðustu tvö ár hefur hann starfað sem sjálfstæður ráðgjafi. - óká



**HELGI RÚNAR ÓSKARSSON** Nýr forstjóri 66°Norður.


4 vikna
Lúxusnámskeið
NORDICASPA
fyrir konur og karla

- Fimm tímar í viku
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur



Handklæði og herðanudd í pottunum

Námskeið hefjast 7. mars Verð: 34.900

Skráning er hafin í síma 444 5090

NORDICASPA
www.nordicaspa.is




Ríki- og sveitarfélög
Íþrótta- og félagasamtök

VALITOR
Lausnir án landamæra

**76** kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu frá 18. til og með 24. febrúar.

**890** milljarðar króna, 7,68 milljarðar dala, er verðið sem tölvurisinn Intel greiddi fyrir tölvuöryggisfyrirtækið McAfee.

**40.000** 7-Eleven verslanir eru nú í heiminum. Ný verslun er opnuð á fjögurra klukkustunda fresti.

BANKAHÓLFIÐ

## Fossafélagið Titan

Skúli Mogensen fjárfestir hélt forvitnilegt erindi á Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs á dögunum. Þar kom hann inn á framsæknar hugmyndir athafnamannsins Einars Benediktssonar, sem á öðrum áratug síðustu aldar stóð fyrir stofnun Fossafélagsins Titans og hafði umfangsmiklar virkjanaframkvæmdir í Þjórsá á teikniborðinu. Skúli sýndi meðal annars glæsilega teikningu sem Einar hafði látið gera af Búrfellsvirkjun, einni af þeim þremur sem hann sá fyrir sér í Þjórsá.



## Á undan samtíðinni

Ekkert varð úr virkjanaframkvæmdum Einars og félaga í Fossafélaginu á sínum tíma og lognaðist það að mestu af sökum fjárskorts. Fossafélaginu var formlega slitið árið 1951, ellefu árum eftir andlát Einars. Skúli vísaði því á bug að Einar hefði verið draumamóramaður líkt og margir hefðu haldið fram. Þvert á móti hefði hann verið á undan sinni samtíð. Því til sönnunar hefði Búrfellsvirkjun á endanum risið, auk þess sem enn væri rætt um virkjanakosti í neðri hluta Þjórsár.



## Enginn tapar í tölvunni

Skúli þekkir á eigin skinni hvernig það er að vera einu eða fleiri skrefum á undan samtíðinni. Hann var rétt í kringum tvítugt þegar hann stofnaði tölvufyrirtækið Oz með Guðjóni Má Guðjónssyni og fleirum árið 1989. Fyrirtækið var með margt í gangi fyrir síðustu aldamót, vann að þrívíðum tölvuheimi og samskiptabúnaði fyrir einkatölvur og farsíma, tækni fyrir sveimhuga á tímum upphringimótalda. Það fór í þrot ásamt öðrum þegar netbólan sprakk. Skúli og fleiri breyttu hins vegar um kúrs og seldu þeir fyrirtækið haustið 2008 til Nokia fyrir fjárhæð sem aldrei hefur verið gerð opinber. Á Viðskiptaþinginu áðurnefnda kynnti Skúli tækni og áætlanir nýsköpunarfyrirtækisins CRI, sem vinnur að þróun metanóleldsneytis fyrir óbreyttar bílvélar. Sumir þinggesta fussuðu yfir áætlunum Skúla. Hann benti mönnum hins vegar á að þetta væru áætlanir sem litu vel út í Excel-skjali. Þar hefðu enn sem komið er fáir tapað.



ÖFLUGUR TÆKJABÚNAÐUR FYRIR SKRIFSTOFUNA

intimus skjalatætarar



Skjalatætararnir frá INTIMUS eru áreiðanleg og öflug tæki sem þú getur treyst.

Tæta geisladiska í sérstakt hólf, blandast ekki við pappírinn (2x2).

Taka bréfaklemmur, hefti, plastkort og geisladiska.

Fáanlegir í mörgum stærðum, fyrir ræmu– eða bitaskurð.

OKI LITA-LASER

Með netkorti og tvíhliða prentun.



OBA er viðurkenndur söluaðili OKI á Íslandi

ACROPRINT Time for Business

STIMPILKLUKKUR



Fyrir fingrafar

Fyrir nándarkort

Einnig fáanlegar fyrir pappakort!

Líttu við á OBA.IS

Otto B. Arnar ehf.

Þú þekkir okkur af gæðunum - og lága verðinu!

OBA

SKIPHOLTI 17 – 105 REYKJAVÍK SÍMI 588 4699 FAX: 588 4696 VEFSÍÐA: WWW.OBA.IS NETFANG: OBA@OBA.IS



Ráðstefnu & fundasalir

Glæsileg veislu- og funda-aðstaða og fyrsta flokks tæknibúnaður á tveimur efstu hæðunum í hæstu byggingu Íslands við Smáratorg



Veisluturninn | Turninum | Smáratorgi | Sími: 575 7500 | www.veisluturninn.is | pantanir@veisluturninn.is

# Gott samband skiptir öllu

**Hamborgarafabrikka þeirra Simma og Jóa er vafalaust einn vinsælasti veitingastaður landsins. Margir ólíkir þættir þurfa að ganga upp til að ná þeim árangri – ekki síst gott samband við viðskiptavini.**

Hin vel útfærða markaðssetning félaganna á Fabrikkunni – sem skilaði þeim útnefningu ÍMARK sem Markaðsmenn ársins 2010 – og ljúffengir hamborgararnir hafa haldið þeim rækilega uppteknum síðan staðurinn opnaði síðastliðið vor.

### Ódýrt með mikla möguleika

„Þegar við vorum að starta Fabrikkunni var það ófrávíkjanlegt sjónarmið að fara hagkvæmustu leiðina á öllum sviðum," segir Jói. „Við blasti að okkur vantaði símkerfi sem væri ódýrt í upphafi en gæti engu að síður leyst allar okkar þarfir, og auk þess þurfti það að geta vaxið með Fabrikkunni ef til þess kæmi." Þeir Simmi leituðu ráða hjá Símanum og fundu út að heppilegasta lausnin væri að fá leigt símkerfi og fara í VIST.

### Bara gaman – líka í símanum

Á Fabrikkunni er lögð áhersla á að öll upplifun gesta sé skemmtileg og barnvæn. Simmi bendir á að þá hafi frá upphafi langað til að viðskiptavinir fengju stemmninguna beint í æð strax við að hringja. „Símtalið er oft fyrsti snertiflötur viðskiptavinarins við okkur og því vildum við að tónninn yrði gefinn þegar á þeim tímapunkti," bendir hann á. „Þetta leystum við með svarvél þar sem meðal annars er hægt að heyra veðurspá og hlusta á Michael Bolton, auk þess að fá samband við skrifstofu og borðapantanir. Okkar metnaður er að stemmningin hér inni skili sér eins og hægt er í öll samskipti og kynningarstarf sem unnið er í nafni Fabrikkunnar."

### Allir með á nótunum

Vegna vinsælda staðarins er starfsfólk í salnum oftast á þönum. Einhvern veginn þarf þó að koma því við að hægt sé að ná sambandi við þjónana án fyrirvara ef eitthvað kemur upp á sem þolir enga bið. „Það sem við þurfum er þráðlaus sími fyrir salinn. Lausnin á þessu er í rauninni einföld; við tengdum GSM síma inn í kerfið okkar í stað þess að setja upp marga senda innan staðarins."

### Það hringir stöðugt

Þeir félagar leggja áherslu á að huga þurfi vel að samskiptunum út á við. „Fabrikkan er, þvert á það sem við áttum von á, að þróast í borðapantanastað. Símhringingum í 5757575 fjölgar dag frá degi sem og pöntunum á fabrikkan@fabrikkan.is. Þessi þróun kom aðeins aftan að okkur í fyrstu og nú erum við að vinna í ferlunum okkar til að lágmarka brottfall símtala. Það er nánast hringt stöðugt allan daginn."

## Lausnir fyrir Fabrikkuna




við að greina

### Ráðgjöf

Á grundvelli greiningarinnar veittu þeir ráðgjöf um upplýsingatækni og fjarskiptalausnir. Markmiðið var, eins og ævinlega, að fyrirtækið fengi hvorki meiri né minni þjónustu en það þarfnaðist og að rekstrarhagræðið yrði sem mest.

### Sveigjanleiki

VIST gerir ráð fyrir að lausnirnar geti þróast og stækkað með fyrirtækinu. Auðvelt er að bæta við og breyta samsetningu þjónustunnar eftir því sem fyrirtækið sjálft breytist.

HARALDUR ÖRN PÓLFARI

# Öruggari með 3G

**Frá fjöllum til fjölskyldu**
Haraldur starfar sem lögfræðingur hjá Íslandsbanka og skartar því ekki Gore-Tex og gönguskóm daglega. Skyldi hann nokkuð hafa komist í sæmilega útivist undanfarin misseri? Pólfarinn hlær að spurningunni. „Nei, það er varla hægt að segja það. Ég hef eignast tvö börn á síðustu tveim árum þannig að það er í nógu öðru að snúast."

**Á toppnum í beinni**
Það vakti töluverða athygli þegar Haraldur fór fyrir 120 manna hópi á Hvannadalshnjúk sumarið 2010. Síminn nýtti þá 3G-tæknina og stóð fyrir beinni útsendingu af hæsta tindi Íslands. Hægt var að horfa á útsendinguna á netinu, sem vel á annað þúsund manns nýttu sér. Með hliðsjón af þessu má spyrja hvort Haraldur Örn noti símann mikið á fjöllum?

„Maður er allavega áhyggjulausari með hann í farteskinu og það er staðreynd að þessi tækni hefur bjargað hér mannslífum. Hér áður fyrr var maður á nálum yfir því að ættingjarnir færu að stressast ef ferðatilhögun breyttist og manni seinkaði en nú er auðvelt að ná sambandi og láta vita af sér."

**Náttúran og jarðsambandið**
Þegar áðurnefnd þrekvirki Haraldar er höfð í huga veltir maður fyrir sér hvort honum þyki nokkuð fútt í útivist hér á landi? „Jú, blessaður vertu. Það er rétt að fjöllin eru ekki tiltakanlega há en aðalatriðið í útivist er að komast úr daglegu amstri og ná jarðsambandi úti í náttúrunni – það er það sem þetta snýst um," segir toppmaðurinn Haraldur Örn.





MARÍA MARKAÐSSTJÓRI EDDU

# Með golfið í símanum

**Komin með golfbakteríuna**
María B. Johnson, markaðsstjóri Eddu útgáfu, er í ört stækkandi hópi þeirra sem nýta sér sérstök smáforrit fyrir snjallsímann til að fylgjast betur með því hvernig gengur í hennar helsta áhugamáli, sem er golfið. „Ég byrjaði að spila golf 2006 og það er fátt eins frábært og að fara á völlinn í góðra vina hópi," segir María. „Samt er það nú svo að ég næ einhvern veginn aldrei að fara nægilega oft til að bæta skorið að neinu ráði," segir hún og hlær við.

**Allt í símanum**
Það var í fyrra sem María fékk liðsauka til að halda utan um árangurinn í golfinu. „Síðastliðið sumar sótti ég mér sérstakt golfforrit í símann minn og fór í framhaldinu að prófa mig áfram með að nota símann í golfinu. Smátt og smátt komst ég upp á lagið með þá margvíslegu möguleika sem forritið býður upp á. Þannig gat ég skoðað ýmiss konar gagnlegar upplýsingar um völlinn sem ég var að spila á, gat mælt vegalengdir að holu og svo auðvitað skráð skorið mitt beint í símann. Mér finnst alger snilld að geta haldið þannig utan um árangur sumarsins."

**Allskonar fyrir alla**
En það leynist ýmislegt fleira sniðugt í golfforritinu fyrir þá sem taka sportið alvarlega, að sögn Maríu. „Fyrir gallharða golfara er svo hægt að skoða alls konar tölfræði en ég er hinsvegar meira að þessu til skemmtunar og er ekkert farin að lækka forgjöfina að ráði ennþá. Það breytir því ekki að þetta er skemmtileg viðbót við golfið, sem felur í sér margvíslegar upplýsingar og það er gaman að nýta sér tæknina sem er í boði."

SIGURÞÓR HJÁ NIKITA

# Sörfað við Sandvík

Sigurþór E. Halldórsson starfar sem vefforritari hjá Nikita Clothing. Umsvif Nikita eru heilmikil á heimsvísu og Sigurþór fer ekki varhluta af þeim hasar. En Sigurþór er líka þokkalega upptekinn utan vinnunnar – við ástundun jaðaríþrótta.

**Sörf á heimsmælikvarða**
„Jú, ég hef stundað ýmiss konar jaðarsport og þá helst brimbretti," segir Sigurþór. Jahá?! Er það sem sagt valkostur hér á Íslandi? „Já, algerlega. Hér við land eru nokkrir staðir sem bjóða upp á toppaðstæður og eru Ólafsfjörður, Þorlákshöfn og Sandvík við Grindavík meðal þeirra." Þegar Sigurþór er ekki á brimbrettinu taka við önnur áhugamál sem snúast sömuleiðis um útivist – á jaðrinum – eins og fjallahjólreiðar, snjóbretti og telemark-skíði.

**Alltaf í sambandi**
Það er alveg ljóst að Sigurþór sækir í útivist utan alfaraleiða. „Það er tvennt sem gerir það mögulegt. Annars vegar sú staðreynd að ég er alltaf í sambandi þegar á þarf að halda. Ég er með farsímann minn sem er alltaf í góðu sambandi og með langdræga 3G-netlyklinum er lítið mál að kíkja í fartölvuna og sinna því sem sinna þarf. Hins vegar eru það skilningsríkir vinnuveitendur sem vita jafnvel og ég að þegar aðstæðurnar eru upp á sitt besta er ekki hægt að bíða eftir því að skrifstofutíma ljúki – maður rýkur bara af stað og grípur augnablikið."



SÍMINN EFNIR TIL RÁÐSTEFNU

# Framtíðin er núna!

**Fimmtudaginn 10. mars nk. mun Síminn standa fyrir ráðstefnu á Hilton Reykjavík Nordica um upplýsingatækni- og samskiptalausnir, sem eru ríkur þáttur í rekstri fyrirtækja í dag. Erlendir sem innlendir fyrirlesarar munu segja frá því sem framundan er í hýsingu á fjarskipta- og upplýsingatækni og á það erindi við alla sem vilja viðhalda þekkingu sinni og fylgjast vel með nýjungum á þessu sviði.**

BROADWORKS

## Samskiptalausnir

Vöxtur í háhraða og hágæða gagnaflutningsþjónustu hefur flýtt fyrir þróun samskiptalausna frá stökum vörum yfir í leigða eða fyrirframgreidda þjónustu frá þjónustuaðilum. Meðal þess sem Ben Bunn, sérfræðingur hjá Broadsoft, mun segja frá í erindi sínu er hugbúnaðurinn Broadworks sem gerir þjónustuaðilum kleift að veita viðskiptavinum sínum úrval hýstra IP samskiptalausna eins og einkasímkerfi (sbr. VIST Símans), myndsímtöl, samþættingu á upplýsingatækni og fjarskiptum og tengingu milli farsíma- og talsímaþjónustu.

OUTSOURCERY

## Upplýsingatæknilausnir

Framkvæmdastjóri upplýsingatæknimála hjá Outsourcery, Mark Seemann, mun flytja erindi undir yfirskriftinni „Unified Communications in the Cloud" eða „Samræmd fjarskipti og skýið". Hann mun rekja sögu hýstra, samræmdra fjarskipta, hvernig farsíma- og IP símkerfaþjónustur passa inn í Unified Communications og hvernig samræmd fjarskipti virka betur í Skýinu. Þess má geta að Outsourcery vann titilinn Microsoft Worldwide Hosting Solutions Partner of the year 2010 fyrir að vera leiðandi á heimsmarkaði í þróun á Unified Communications lausnum.

MICROSOFT Á ÍSLANDI

## Úthýsing

Halldór Jörgensen, framkvæmdastjóri Microsoft á Íslandi, flytur erindi á ráðstefnunni um úthýsingu póst- og framleiðnikerfa og mikilvægi þess að fyrirtæki einbeiti sér að kjarnastarfsemi sinni. Halldór veltir upp spurningunni um hvenær fyrirtæki komi að þeim tímapunkti að þau eigi að hugsa sig alvarlega um hvort það borgi sig fyrir þau að standa í rekstri á kerfum á borð við póstkerfi, þegar slíkt er fjarri kjarnastarfsemi fyrirtækisins.

Nánari upplýsingar og skráning á siminn.is



BESTULOGIN.IS

# Næturklúbbur? Lögin við vinnuna? Afslöppun?

**Síminn og Grapewire bjóða þér Bestu lögin við öll tækifæri**

Grapewire er ungt hugbúnaðarfyrirtæki sem sérhæfir sig í tónlistartengdum lausnum. Frá stofnun þess árið 2006 hefur það rekið fjölda netverslana fyrir tónlistarmenn og útgáfufyrirtæki. Í desember 2010 urðu svo vatnaskil hjá Grapewire þegar ný tónlistarþjónusta, sérstaklega hönnuð fyrir fjarskiptafyrirtæki, var opnuð viðskiptavinum Símans undir heitinu Bestu lögin. Með aðgangi að Bestu lögunum geta viðskiptavinir Símans valið tónlist fyrir öll hugsanleg tækifæri. Fólk velur rás með tónlist, sem hentar stemmningunni hverju sinni, og sparar þannig tíma við að safna henni saman. Tónlistarrásunum er stjórnað af rúmlega þrjátíu fagaðilum, DJ-um, tónlistarunnendum og tónlistarmönnum sem gjörþekkja tónlistarsmekk og músíkþörf Íslendinga. Hverri rás er svo einfaldlega streymt um netið í símanum eða tölvunni.

Það sem gerir Bestu lögin einstök er sú staðreynd að hverri einustu rás er stýrt af fagfólki með óslökkvandi ástríðu fyrir tónlist. Tölvur koma hvergi nálægt lagavali enda er það bjargföst trú Grapewire að dagskrá þurfi að setja saman af alúð, innsæi og tilfinningu fyrir viðfangsefninu. Umfram allt þarf viðkomandi að hafa einstaka þjónustulund og njóta þess að hafa áhrif á líðan og umhverfi fólks.

# VIST ráðstefna Símans

## Upplýsingatækni- og samskiptalausnir

## Hilton Reykjavík Nordica 10. mars 2011

DAGSKRÁ

| | |
|---|---|
| 8.30 | **MÓTTAKA GESTA - MORGUNVERÐUR** |
| 9.00 | **Opnun**<br>Guðmundur Stefán Björnsson - Framkvæmdastjóri Fyrirtækjasviðs, Síminn |
| 9.15 | **Útvistun upplýsingatækni: Hvað er mikilvægt að hafa í huga?**<br>Ólafur R. Rafnsson - Ráðgjafi í upplýsingatækni, Capacent |
| 10.00 | **Framtíðin í samskiptalausnum - Microsoft Lync**<br>Guðmundur Aðalsteinsson - Viðskiptastjóri, Microsoft á Íslandi<br>Eric Heinen - Lausnaráðgjafi, Microsoft á Íslandi |
| 10.45 | **HLÉ** |
| 11.05 | **Myndfundir og samþætting samskiptalausna**<br>Hrafnkell Tulinius - Viðskiptaþróun, Sensa<br>Ómar Henningsson - Netsérfræðingur, Sensa |
| 11.40 | **Reynslusaga - T Plús**<br>Sumarliði G. Helgason - Forstöðumaður UT, T Plús og Saga fjárfestingarbanki |
| 12.10 | **HÁDEGISVERÐUR** |
| 13.10 | **Upplýsingakerfi sem neysluvara**<br>Halldór Jörgensson - Framkvæmdastjóri, Microsoft á Íslandi |
| 13.55 | **ICT - The development of hosted communications and public cloud services**<br>Ben Bunn - Senior System Engineer, Broadsoft |
| 14.30 | **HLÉ** |
| 14.45 | **Unified Communications in the Cloud**<br>Mark Seeman - CTO, Outsourcery |
| 15.30 | **Síminn á hýsingarmarkaðnum, framtíð og stefna**<br>Davíð Stefán Guðmundsson - Forstöðumaður lausna og þjónustu Fyrirtækjasviðs, Síminn |
| 15.45 | **KOKTEILL Í BOÐI SÍMANS** |
| 17.00 | **RÁÐSTEFNULOK** |

**Nánari upplýsingar og skráning á siminn.is**

Síminn

800 4000 - siminn.is

# Endurnýjað traust í landskjörstjórn

Landskjörstjórn

Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra og alþingismaður



Ástráður Haraldsson, hæstaréttarlögmaður, hefur verið gagnrýndur fyrir að taka endurkjöri í Landskjörstjórn. Það gerði hann fyrir eindregna hvatningu margra þingmanna, þar á meðal mína, og engin athugasemd var gerð við það á þingi þegar endurkjörið fór fram í byrjun vikunnar.

Ég hafði á hinn bóginn gert opinberlega við það athugasemd í fjölmiðlum þegar landskjörstjórn sagði af sér í einu lagi í kjölfar úrskurðar Hæstaréttar um ógildingu kosningarinnar til stjórnlagaþings. Það gerði ég vegna þess að ég taldi aðfinnslur Hæstaréttar ekki hafa gefið tilefni til ógildingar og að ábendingar réttarins hefðu ekki verið þess eðlis að kallaði á afsögn. Þvert á móti þótti mér rökstuðningur Hæstaréttar fyrir ógildingu mjög ósannfærandi svo ekki sé miklu sterkar að orði kveðið.

> Það gerði [Ástráður] fyrir eindregna hvatningu margra þingmanna, þar á meðal mína.

Þeir annmarkar sem Hæstiréttur taldi sig hafa fundið yrðu hins vegar lagfærðir í framtíðinni. Það breytti þó ekki þeirri staðreynd að kosningin hafði verið úrskurðuð ógild og gaf landskjörstjórn þá skýringu á afsögn sinni að þar með kynni traust manna á störfum hennar að hafa beðið hnekki.

Þetta er virðingarverð afstaða og skiljanlegt að landskjörstjórn vilji fá ótvírætt umboð þeirra sem skipa hana og þar með staðfestingu á að hún njóti trausts.

Það traust hefur hún nú fengið staðfest.

# Enn á að fara að kjósa

Icesave

Björn Dagbjartsson
fv. alþingismaður Sjálfstæðisflokksins



Mér finnst eins og almennar kosningar hafi alltaf verið á næsta leiti undanfarin tvö ár. Jæja, þetta er nú kannski ekki sanngjarnt. Kosningarnar sem nú standa til eru ekki nema þær fimmtu eða sjöttu síðan vorið 2009 og menn verða sjálfsagt að hafa dálítið fyrir lýðræðinu. En ég get alveg skilið Svisslendinga þar sem þátttakan í þjóðaratkvæðagreiðslum fer alveg niður í 10-20%.

Ég verð þó að viðurkenna að ég tók ekki þátt í tveim síðustu kosningum. Í fyrra skiptið fannst mér þetta Icesave ekki vera málefni sem þjóðin ætti að kjósa um. Það vill enginn borga hærri skatta, hvort sem honum ber að gera það eða ekki. Mér fannst það bara óumflýjanlegt, ekki síst vegna þess að sitjandi forsætisráðherra 2008 hafði beðið Breta og Hollendinga að lána okkur fyrir þessum skuldum okkar sem þjóðar og gerði þar um alþjóðlegar skuldbindingar. Mér fannst ekki hægt að ganga á bak þeirra orða. Þó fundust mér alltaf vextirnir allt of háir.

Seinni kosningarnar fannst mér alla tíð fáránlegar, tilefnið og uppleggið allt saman og lokaniðurstaðan. Það getur svo sem vel verið að það hafi verið ýmislegt við framkvæmdina að athuga. Það hefur svo sem oft skeð áður. Engum dettur þó í hug að þessi smáatriði sem fundið var að hafi haft minnstu áhrif á niðurstöðuna.

Núna ætla ég aftur á móti að taka þátt í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave. Ekki það að eðli tilefnisins hafi breyst; ég er enn innst inni á móti því að greiða hærri skatta. En ég tel mig hafa þó nokkrar góðar ástæður til að samþykkja það samkomulag sem nú liggur fyrir.

Ég held að það sé ómetanlegt á alþjóðavettvangi að geta náð samkomulagi og skilið í sátt við nágranna okkar.

Ég tel að þær upphæðir sem hér um ræðir séu smáræði miðað við það sem við skuldum í heild; svona sambærilegar við það sem við ætlum að leggja núna í Íbúðalánasjóð, Sparisjóð Keflavíkur, hvað þá Seðlabankann sjálfan.

Ég held að hin frægu hjól atvinnulífsins verði föst í handbremsu þangað til þetta mál er úr sögunni. Það er bara bull að segja að þetta mál hafi ekki skaðað okkur.

> Ég held að það sé ómetanlegt á alþjóðavettvangi að geta náð samkomulagi og skilið í sátt við nágranna okkar.

Ég fylgi þingflokki Sjálfstæðisflokksins, sem mér finnst hafa hugsað um þjóðarhag af yfirvegun í þessu máli, fyrir utan nokkra þvergirðinga.

Ég vil ekki þurfa að leggja þetta mál fyrir EFTA-dómstólinn, sem talinn er líklegastur til að hafa lögsögu. Þar á bæ hafa menn þegar tekið afstöðu.

Ég hlusta þegar lögmenn eins og Lárus Blöndal og Ragnar Hall, sem kannski mest allra í þeirri stétt hafa skoðað þetta mál bæði í fyrra og núna, telja að þó að við höfum hugsanlega lagalegan rétt muni málaferli aðeins skaða okkur.

## AF NETINU

### Rannsókn á sparisjóðum

Íslenskir sparisjóðir hafa orðið fyrir miklum skakkaföllum. Nauðsynlegt er að varpa skýru ljósi á aðdraganda og orsakir rekstrarerfiðleika íslenskra sparisjóða, sem leiddu m.a. til gjaldþrots Sparisjóðs Mýrarsýslu, SPRON og Byrs Sparisjóðs og nauðsynlegrar endurfjármögnunar Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Bolungarvíkur, Sparisjóðs Svarfdæla, Sparisjóðs Vestmannaeyja og Sparisjóðs Þórshafnar og nágrennis. [...]

Rannsóknin á ekki að einskorðast við aðdraganda hrunsins í október 2008 heldur taka einnig til tímans eftir hrun, enda eru sífellt að koma fram nýjar upplýsingar um áhrif og orsakir hrunsins hjá sparisjóðum um allt land.

eyglohardar.blog.is Eygló Harðardóttir

KUÐUNGURINN 2010

**Umhverfisviðurkenning umhverfisráðuneytisins**

Úthlutunarnefnd á vegum umhverfisráðuneytisins óskar eftir tilnefningum um fyrirtæki eða stofnun, sem vegna verka sinna og athafna á síðasta ári, er þess verðugt að hljóta umhverfisviðurkenninguna Kuðunginn fyrir árið 2010.

Óskað er eftir því að stutt greinargerð fylgi með tilnefningunni. Fyrirtæki og stofnanir geta hvort heldur sem er tilnefnt sig sjálf eða verið tilnefnd af öðrum.

Tillögur skulu berast umhverfisráðuneytinu eigi síðar en föstudaginn 25. mars n.k. merktar „Kuðungurinn", á póstfangið postur@umhverfisraduneyti.is eða með pósti í umhverfisráðuneytið, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík. Nánari upplýsingar á www.umhverfisraduneyti.is/kudungurinn.

UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

www.umhverfisraduneyti.is



**Opið hús í FB á morgun, fimmtudag, kl. 17 – 19**

**BÓKNÁM, LISTNÁM, IÐNNÁM/STARFSRÉTTINDANÁM**

**BÓKNÁM TIL STÚDENTSPRÓFS**
- Félagsfræðabraut
- Málabraut
- Náttúrufræðibraut

**STARFSRÉTTINDANÁM**
- Sjúkraliðabraut
- Sjúkraliðabrúin

**LISTNÁMSBRAUTIR**
- Myndlistarkjörsvið
- Textílhönnunarkjörsvið

**IÐNNÁM**
- Húsasmiðabraut
- Rafvirkjabraut
- Snyrtibraut

**EINS TIL TVEGGJA ÁRA STARFSNÁM**
- Grunnnám rafiðna
- Grunnnám bygginga- og mannvirkjagreina
- Handíðabraut
- Íþróttabraut

**ANNAÐ NÁM**
- Almenn námsbraut
- Almenn námsbraut - framhaldsskólapróf
- Starfsbraut
- Innflytjendabraut

**Með viðbótarnámi er hægt að ljúka stúdentsprófi af öllum brautum.**

**Öflugt félagslíf, góðir kennarar og frábær aðstaða**

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

**Fjölbrautaskólinn í Breiðholti**
Austurbergi 5, 111 Reykjavík
Sími 570 5600
fb@fb.is
**www.fb.is**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jónína Pálsdóttir**
Tungusíðu 8, Akureyri (áður húsmóðir í Holtskoti í Skagafirði),

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð, 22. febrúar síðastliðinn. Útförin fer fram frá Glaumbæjarkirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir.

**Sigurjón Ingimarsson**
**Páll Björgvin Ingimarsson** — **Halldóra Stórá**
**Brynleifur Ingimarsson** — **Hulda Ólafsdóttir**
**Erlingur Jennason**
**Oddný Matthíasdóttir**
**börn og barnabörn.**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óskar Kristinn Ólafsson**
vélfræðingur, Mörk hjúkrunarheimili, áður Steinagerði 9, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 24. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 4. mars kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Ólafur M. Óskarsson** — **Hólmfríður Pétursdóttir**
**Rúnar Óskarsson** — **María Antonsdóttir**
**Valdimar Óskar Óskarsson** — **Kristín Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dagbjört Guðmundsdóttir**
Hólmgarði 25, Reykjavík,

lést á Líknardeild Landspítalans í Kópavogi þann 20. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Jóhanna Jóhannesdóttir**
**Þóra Björt Sveinsdóttir** — **Andri Berg Haraldsson**
**Jóhannes Berg Andrason** — **Tómas Berg Andrason**
**Þorsteinn Jóhannesson** — **Ólöf Erlingsdóttir**
**Ingibjörg Sigurðardóttir** — **Guðmundur Vignir Sigurðsson**
**Steinunn S. Kristjánsdóttir**



*Yndislega dóttir mín, fósturdóttir, systir, barnabarn, móðir, tengdamóðir, amma og frænka,*

**Marsella Hrönn Eðvarðsdóttir**
hárgreiðslukona
Los Andes Chile,

lést á sjúkrahúsinu í San Felipe í Chile sunnudaginn 14. nóvember 2010. Útför hennar fór fram í Santiago fimmtudaginn 18. nóvember. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á minningarsjóð Kvennaathvarfsins. Bankanúmer 101-26-43227. Kt. 410782-0229.

**Roxanna Björg Morales** — **Magnús Þorsteinsson**
**og fjölskyldur.**


LEGSTEINAR Á AFSLÆTTI

Komdu við eða kynntu þér þjónustuna á www.shelgason.is

S:HELGASON
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is




*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**María Helga Guðmundsdóttir**
frá Flatey á Skjálfanda,

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 4. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, sonur og bróðir*

**Sigurjón Markússon**
hagfræðingur og stýrimaður
Jollaksentie 60 B 20, Helsinki, áður til heimilis á Seltjarnarnesi,

lést þriðjudaginn 22. febrúar 2011. Jarðarförin fer fram frá Dómkirkjunni, föstudaginn 4. mars, kl. 13.00.

**Elvira Markusson**
**Stefania Inga Markusson**
**Alexander Markus Markusson** — **Hjördís Sigurjónsdóttir**
**Egill Már Markússon** — **Fanney Pétursdóttir**
**Kristín Markúsdóttir, Þórður Pálsson, Örn Markússon**
**Margunn Rauset og börn**



*Mín ástkæra eiginkona, móðir, dóttir, systir, mágkona, frænka og vinur,*

**Nína Karen Jónsdóttur**
Háagerði 67 í Reykjavík,

lést fimmtudaginn 24. febrúar s.l. Útför Nínu Karenar fer fram frá Bústaðakirkju nk. föstudag 4. mars og hefst athöfnin kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast Nínu er bent á Ljósið, endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda, sími 561 3770.

**Fyrir hönd okkar allra sem Nína Karen var svo kær,**

**Karl Gunnarsson, Anna Lilja og Unnur Karen Karlsdætur.**



*Okkar elskulegi vinur, stjúpi og frændi*

**Þórólfur Valgeir Þorleifsson**
fyrrverandi flokkstjóri hjá Reykjavíkurborg, til heimilis að Blikahólum 12 í Reykjavík,

sem lést mánudaginn 21. febrúar, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 4. mars kl. 13.00.

**Ingibjörg Benónísdóttir**
**Matthildur Eiríksdóttir**
**systkinabörn og aðrir aðstandendur**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og stórfrænka*

**Kristbjörg Þórarinsdóttir**
frá Ríp

lést á líknardeild Landakotsspítala 23. febrúar. Útförin fer fram fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00 í Kópavogskirkju.

**Ævar Jóhannesson**
**Jóhannes Örn Ævarsson** — **Sif Garðarsdóttir**
**Sigríður Ævarsdóttir** — **Benedikt Guðni Líndal**
**Þórarinn Hjörtur Ævarsson** — **Barbara Ösp Ómarsdóttir**
**Ólöf Ævarsdóttir** — **Björn Bögeskov Hilmarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

# tímamót


timamot@frettabladid.is




**VELDUR STRAUMHVÖRFUM** Kristín segir þá reynslu sem sjálfboðaliðarnir öðlast bæði á Íslandi og erlendis breyta mörgum fyrir lífstíð og hafa áhrif á ákvarðanir til framtíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**ALÞJÓÐLEG UNGMENNASKIPTI:** 50 ÁRA

## Brú milli þjóða

Sjálfboðaliðasamtökin Alþjóðleg ungmennaskipti (AUS) fagna 50 ára starfsafmæli á Íslandi í ár en af því tilefni stendur til að gefa út bók með sögum sjálfboðaliða, halda listasýningu og málþing svo dæmi séu nefnd. AUS er aðili að samtökunum International Cultural Youth Exchange (ICYE) en upphaf þeirra má rekja til ársins 1949 þegar ungmennaskipti hófust á milli Þýskalands og Bandaríkjanna í kjölfar síðari heimsstyrjaldarinnar. Það var gert með það að markmiði að græða sár og stuðla að friði á milli þjóðanna.

„Samtökin, sem eru frjáls félagasamtök rekin án hagnaðarsjónarmiða af heimkomnum sjálfboðaliðum, eru nú með starfsemi í 34 löndum víðs vegar um heim og eru starfrækt með það að markmiði að gefa ungu fólki tækifæri til að kynnast menningu og samfélagi annarra þjóða. Því gefst færi á að ferðast til framandi landa í þeim tilgangi að auka þekkingu á ólíkri menningu og stuðla þannig að skilningi og friði," segir Kristín Björnsdóttir, framkvæmdastjóri samtakanna.

AUS hefur síðustu fimmtíu ár gefið Íslendingum tækifæri til að vinna sem sjálfboðaliðar erlendis ásamt því að taka á móti erlendum sjálfboðaliðum og kynna þeim íslenska siði og menningu. „Við sendum bæði til landa innan og utan Evrópu og erum meðal annars með fólk í Kenía, Gana og Nepal. Margir vinna á barna- og munaðarleysingjaheimilum og öðlast reynslu sem breytir þeim fyrir lífstíð og hefur í sumum tilfellum áhrif á ákvarðanir til framtíðar. Þá erum við með fimmtán sjálfboðaliða hér á landi sem starfa meðal annars með fólki í Ásgarði, á Sólheimum og hjá Rauða krossi Íslands. Sjálfboðaliðarnir fylla ekki ákveðin stöðugildi heldur koma sem viðbót og aðstoða við ýmislegt sem til fellur. Þeir dvelja allt frá nokkrum vikum upp í ár í móttökulandinu og koma oftast reynslunni ríkari heim."

Til að varpa ljósi á hlutverk sjálfboðaliða var ákveðið að ráðast í bókaútgáfu í tilefni afmælisins og safna saman sögum frá sjálfboðaliðum innan og utan Evrópu. „Við fengum styrk frá Evrópu unga fólksins og er von á bókinni í haust. Um svipað leyti langar okkur til að vera með listasýningu til að sýna hvað sjálfboðaliðar okkar á Íslandi hafa verið að gera en margir hafa til dæmis lært að prjóna. Eins langar okkur að setja upp ljósmyndasýningu með myndum frá sjálfboðaliðum erlendis og halda málþing þar sem þýðing sjálfboðaliða fyrir samfélagið verður rædd."


vera@frettabladid.is




*Yndisleg móðir mín*

**Guðfinna Gyða Guðmundsdóttir**
tækniteiknari Sólheimum 25, Reykjavík,

lést 21. febrúar.
Hún verður jarðsungin frá Langholtskirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 13.00.

**Helga Magnúsdóttir**



Reynir Tómas Geirsson
Yfirlæknir, fæðinga-
og kvensjúkdómalæknir
ÞAÐ GETA ALLIR GEFIÐ LÍF
Styðjum Líf og klæðumst bolnum
Allur ágóði af sölu Líf bolsins rennur til þess að bæta aðbúnað á kvennadeild LSH.
Líf bolurinn fæst á eftirtöldum stöðum:
• Hagkaupum
• World Class
• Verslunum Símans
• N1
• www.gefdulif.is
Ekki gleyma landssöfnun í beinni útsendingu föstudaginn 4. mars á Stöð 2.
Þú gefur Líf með því að gerast styrktarfélagi á www.gefdulif.is,
kaupa bolinn eða gefa til söfnunarinnar föstudaginn 4. mars.
LÍF
Styrktarfélag
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# FLOTTASTA GRÆJAN Í DAG

tilboð

**34.995,-**

~~39.995,-~~

125 bör

520 ltr/klst




**Nilfisk Háþrýstidæla**
**Frábær fyrir bílinn, bílaplanið, pallinn og gluggana!**
125 bör, 520l. / klst,
8 m slanga, túrbó byssa, sápubrúsi og **pallabursti** fylgir
5254248

NILFISK®

# VERKFÆRI
## Á LÆGRA VERÐI




**999,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Úðabrúsi**
2 ltr
5087379




**3.995,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Claber**
Bílakústur
5081645



tilboð

**14.995,-**

~~17.995,-~~

**Stigi/trappa**
2x8 þrep
Trappa 2 m.
Stigi 3,5 m.
5078860

**6.995,-**

**Hekkklippur Irka**
Rafmagns HTM 520
46 cm blað
20 mm klippigeta
5083755



**4.995,-**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

**Topplyklasett**
1/2" 21 stk 10-32mm.
5052522



**Verkfærataska**
Topex 18"
5024805

tilboð

**1.499,-**

~~2.499,-~~




Verð gilda til 14. mars

***Vörur merktar "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" er lægsta verð sem Húsasmiðjan býður á viðkomandi vörum á hverjum tíma. Húsasmiðjan leggur sig fram um að bjóða alltaf lágt verð en ábyrgist ekki að "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar" sé alltaf lægsta verð á markaðnum.**

**Afsláttur og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum " Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".**


Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Úrval getur verið misjafnt milli verslana.


Málband
5M Assist
5006400
699,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*
Segull á enda
Borvél
14.4V Powerplus
5245309
3.995,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*
tilboð
5.995,-
7.995,-
Hillurekki
Raxa Power
180x90x45 cm, 5 hillur
5803665
LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*
999,-
Hamar
Topex 450GR
5003067
Borvél
Power Plus
höggborvél 580W
5245308
2.695,-
LÆGSTA LÁGA VERÐ
HÚSASMIÐJUNNAR*
19.995,-
Worx
Fjölnotavél WX671
250W Sagar og pússar blöð
fylgja, allt í tösku
5244920
HITACHI POWER TOOLS
tilboð
15.995,-
18.995,-
Hleðsluborvél 10,8V
DS10DFL, tvær lithium
rafhlöður, hleðslutími 40
mín 22/34 Nm, Led ljós,
aðeins 1kg
5246795
16.995,-
HITACHI POWER TOOLS
Slípivél Hitachi GP10DL
10,8V lithium rafhlaða,
hraðastýring, ljós sem sýnir
ástand rafhlöðu, 40 stk.
slípisett fylgir
5247442
tilboð
6.995,-
9.998,-
Slípirokkur Hitachi
G13SS, 580W 125mm
5247394
HITACHI POWER TOOLS
Látum verkin tala!
OPIÐ TIL 21:00 Í SKÚTUVOGI ALLA DAGA
HÚSASMIÐJAN

## krossgáta



**LÁRÉTT**
2. fjörleysi, 6. hljóm, 8. gap, 9. draup, 11. tvö þúsund, 12. mont, 14. uppgerðarveiki, 16. átt, 17. fiskur, 18. tæfa, 20. samtök, 21. truflun.

**LÓÐRÉTT**
1. fita, 3. eftir hádegi, 4. hlutavelta, 5. angan, 7. naggrís, 10. í hálsi, 13. augnhár, 15. áætlun, 16. hlóðir, 19. bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. leti, 6. óm, 8. hol, 9. lak, 11. mm, 12. grobb, 14. skróp, 16. sv, 17. áll, 18. tík, 20. aa, 21. ónáð.

**LÓÐRÉTT:** 1. tólg, 3. eh, 4. tombóla, 5. ím, 7. marsvín, 10. kok, 13. brá, 15. plan, 16. stó, 19. ká.






# Hver er eiginlega þessi þjóð?

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Ég man þá tíð þegar „þjóð“ var hugtak sem aðeins var flaggað á tyllidögum; á 17. júní, yfir Evróvisjón og landsleikjum í fót- og handbolta. Mörgum þótti það hálfgerður garmur – í besta falli gamaldags, rembingslegt og útblásið; í versta falli gildishlaðið og hrokafullt. Það var eins og íslenski þjóðbúningurinn; ópraktísk flík sem fer illa en má láta sig hafa að taka fram til hátíðabrigða.

**EN NÚ** er öldin önnur. Stjórnmálamenn, forsetinn, verkalýðsleiðtogar, hagsmunasamtök, mótmælendur. Allir keppast við að taka sér orðið í munn.

**Í YFIRLÝSINGU** forseta Íslands um að hann hygðist synja lögum um Icesave staðfestingar kom orðið þjóð fyrir 12 sinnum. Á blaðamannafundi sem haldinn var í kjölfarið greip forsetinn til þess 23 sinnum (samtals rúmlega einu sinni á mínútu). RÚV tók viðtal við tvo mótmælendur sem stóðu fyrir utan Bessastaði, með íslenska fánann í hönd. Þeir reyndust hinir kátustu með niðurstöðuna og sögðu viðbrögð sín við afstöðu forsetans hafa verið að fá gæsahúð „fyrir hönd þjóðarinnar“.

**ÞÓTT** einhverjum hefði þótt það huggulegt af ókunnugu fólki að taka að sér að fá gæsahúð fyrir sig, þá átti það alls ekki við um mig. Hvernig dirfðust þau? Þau höfðu ekkert leyfi til að fá sæluhroll fyrir mína hönd.

**ÞESSI** ósiður að slengja fram orðinu þjóð, máli sínu til stuðnings, er farinn að keyra fram úr öllu hófi. Þjóðinni eru eignaðar hugsanir, orð, gjörðir og skoðanir sem fyrir tilviljun virðast alltaf fara saman við skoðanir þess sem talar. „Þjóðin vill ekki aðlögun að ESB,“ fullyrðir Jón Bjarnason blákalt í blaðaviðtali án þess að styðja ályktun sína neinum rökum. Jafn fjálglega ályktar formaður LÍÚ í gildishlaðinni yfirlýsingu: „Ég er þess fullviss að þjóðin mun aldrei samþykkja aðildarsamning sem felur í sér afsal á yfirráðum yfir fiskveiðiauðlindinni“. Og svo mætti lengi telja.

**MEÐ ÞVÍ** að nefna þjóðina í sömu hendingu og eigin skoðun þykist sá sem talar ljá málstað sínum aukið vægi. Hann málar sig sem handhafa hinnar einu réttu leiðar. En þjóðin er ekki ein rödd, ein hugmynd, ein hugsun. Hún er suðupottur ólíkra sjónarmiða. Skoðanaskipti eru hornsteinn lýðræðis. Það þurfa ekki allir að vera sammála. Enginn getur verið talsmaður heillar þjóðar – eða hlutlaus ármaður þjóðarviljans eins og Þorsteinn Pálsson orðaði það í pistli í Fréttablaðinu um helgina. Pökkum orðinu þjóð niður í kassann með þjóðbúningnum. Ráðumst í alvöru skoðanaskipti studd rökum en ekki innantómum fullyrðingum um að öll þjóðin sé manni sammála.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







# sport

sport@frettabladid.is



**FANNAR ÓLAFSSON** verður frá næstu vikurnar vegna þumalfingurbrots. Hann missir væntanlega af síðustu leikjum KR í deildarkeppninni, sem og fyrstu umferð úrslitakeppninnar.



**SIGURMARKI FAGNAÐ** Frank Lampard fagnar í gær sigurmarki sínu gegn Manchester United ásamt Didier Drogba, sem átti góða innkomu af bekknum í síðari hálfleik. NORDICPHOTOS/GETTY

# Meistararnir minntu á sig

**Chelsea vann í gær 2-1 sigur á Manchester United og kom sér þar með aftur í hóp fjögurra efstu liða deildarinnar. United er enn á toppnum en Arsenal getur nú minnkað forystu liðsins á toppnum í eitt stig. Leikurinn var góð skemmtun.**

**FÓTBOLTI** Manchester United hefði í gær getað komið sér í ansi þægilega stöðu á toppi ensku úrvalsdeildarinnar en tapaði þess í stað fyrir spræku liði Chelsea á útivelli, 2-1. Forysta United er vitanlega enn fjögur stig á toppnum en Arsenal, sem á nú leik til góða, getur minnkað forystuna í eitt stig um helgina.

Meistararnir í Chelsea hafa ekki gert neinar rósir í deildinni að undanförnu eftir frábæra byrjun á tímabilinu í haust. Þeir blákæddu voru meira að segja dottnir niður í fimmta sæti og áttu því á hættu að komast ekki í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð, sem yrði mikið áfall.

Það var því að duga eða drepast fyrir Chelsea og eftir að hafa verið undir í hálfleik sneru heimamenn leiknum sér í hag og urðu þar með aðeins annað liðið í vetur til að leggja Manchester United að velli.

Chelsea byrjaði reyndar betur í leiknum og fékk ágæt færi í upphafi leiks. En gestirnir frá Manchester sóttu í sig veðrið og það var fyllilega í takt við leikinn þegar Wayne Rooney kom þeim yfir með glæsilegu marki á 29. mínútu.

Varnarmenn Chelsea sváfu þá á verðinum. Rooney fékk boltann rétt utan vítateigs og fékk bæði pláss og tíma til athafna sig og skjóta föstu skoti neðst í markhornið nær.

Carlo Ancelotti, stjóri Chelsea, náði greinilega að telja kjark í sína menn í klefanum í hálfleik því strax á 54. mínútu voru heimamenn búnir að jafna metin. Brasilíski varnarmaðurinn David Luiz var þar að verki með góðu skoti inni í teig.

Ancelotti ákvað að stóla á þá Fernando Torres og Nicolas Anelka í fremstu víglínu í gær og er óhætt að segja að Torres hafi átt sinn besta leik fyrir Chelsea síðan hann kom frá Liverpool. En það færðist enn meiri kraftur í lið Chelsea þegar Drogba kom inn fyrir Anelka á 61. mínútu.

Þessi kraftur skilaði marki rúmum tíu mínútum fyrir leikslok þó svo að vítaspyrnan sem Martin Atkinson dómari dæmdi hafi verið umdeild. Varamaðurinn Yuri Zhirkov var varla búinn að ná til boltans inni í teig United eftir sendingu Frank Lampard þegar Chris Smalling fór ansi klaufalega í fætur Rússans og felldi hann. Lampard skoraði af öryggi úr vítinu og tryggði sigurinn.

Chelsea gaf þrátt fyrir þetta lítið eftir á lokakaflanum. Í uppbótartíma neyddist fyrirliði United, Nemanja Vidic, til að toga niður Ramires sem var að brjóta sér leið inn að marki gestanna. Fyrir það uppskar Vidic sitt annað gula spjald og þar með rautt.

Draumastaða United í hálfleik breyttist því í martröð í leikslok á meðan Chelsea fagnaði góðum og ekki síst mikilvægum sigri þar sem liðið er aftur komið í hóp efstu fjögurra liða deildarinnar. Chelsea er þrátt fyrir allt tólf stigum á eftir United og á varla möguleika á að verja titilinn en getur í það minnsta bjargað tímabilinu með góðum lokaspretti. **eirikur@frettabladid.is**

## ÚRSLIT

*Aðrir leikir á Bretlandi*

| | |
|---|---|
| **Bikarinn: Everton - Reading** | **0-1** |
| 0-1 Jack Mills (26.). Brynjar Björn Gunnarsson lék allan leikinn fyrir Reading. | |
| **B-deild: Portsmouth - Scunthorpe** | **2-0** |
| Hermann Hreiðarsson lék allan leikinn með P. | |
| **C-deild: Hartlepool - Huddersfield** | **0-1** |
| Ármann Smári Björnsson var ekki í hópnum hjá Hartlepool en Jóhannes Karl Guðjónsson lék allan leikinn fyrir Huddersfield. | |
| **C-deild: Bristol Rovers - Colchester** | **0-1** |
| Matthías Vilhjálmsson var ekki í hópnum hjá C. | |
| **Skotland: Hamilton - Hibernian** | **1-2** |
| Guðlaugur V. Pálsson lék allan leikinn fyrir Hibs. | |

Landsliðið valið:

## Sveinbjörn og Ólafur valdir

**HANDBOLTI** Guðmundur Guðmundsson hefur valið landsliðið í handbolta sem mætir Þýskalandi tvívegis, heima og utan, síðar í mánuðinum.

Ólafur Guðmundsson, FH, og Sveinbjörn Pétursson, Akureyri, eru í hópnum nú en voru ekki með á HM í Svíþjóð.

Hópurinn er þannig skipaður: Björgvin Páll Gústavsson, Hreiðar Levý Guðmundsson og Sveinbjörn Pétursson markverðir. Aðrir leikmenn eru Alexander Petersson, Arnór Atlason, Aron Pálmarsson, Ásgeir Örn Hallgrímsson, Guðjón Valur Sigurðsson, Ingimundur Ingimundarson, Kári Kristjánsson, Oddur Gretarsson, Ólafur Guðmundsson, Ólafur Stefánsson, Róbert Gunnarsson, Snorri Steinn Guðjónsson, Sverre Jakobsson, Þórir Ólafsson og Vignir Svavarsson. **- esá**

Bestun Birtingahús

Styrkur
Þol og styrkur
Tabata

World Class ICELAND

Tími fyrir líkamsrækt!



3.490

FRÁBÆRT VERÐ!

ENERGETICS MI TOP W
Æfingabolir úr teygjanlegu DRYPLUS-efni með góðri öndun. Litir: Svartur, bleikur, blár. Dömustærðir.

4.990

FRÁBÆRT VERÐ!



ENERGETICS METTE CAPRI
Æfingabuxur úr teygjanlegu DRYPLUS-efni með öndun. Dömustærðir.



9.990
(fullt verð 11.990)

WMNS STEADY VII
Æfingaskór úr leðri með góðri dempun undir tábergi. Dömustærðir.

FRÁBÆRT TILBOÐ!

INTERSPORT
www.intersport.is

# Rocky Horror slær aðsóknarmet

Leikfélagið setur nýtt met á föstudaginn þegar áhorfendafjöldinn fer í fyrsta skipti yfir fimmtán þúsund manns. Þá verður haldin lokasýning söngleiksins Rocky Horror sem hefur verið sýndur í menningarhúsinu Hofi frá því í fyrra við góðar undirtektir. Hingað til hefur Fló á skinni frá leikárinu 2007 til 2008 verið vinsælasta sýning leikfélagsins til þessa en það breytist á föstudaginn.

„Þetta er alveg æðislegt,“ segir María Sigurðardóttir, leikhússtjóri Leikfélags Akureyrar. Aðspurð segist hún ekki hafa brugðist við þessari frábæru aðsókn. „Við erum reyndar í stærra húsi núna en nei, við vorum ekki örugg um það. Þetta er mjög ánægjulegt fyrir okkur.“

Stutt er síðan haldin var áhorfendasýning á Rocky Horror sem gekk eins og í sögu. Dagblöðum, ljósum og textablöðum var dreift um salinn og tóku áhorfendur virkan þátt í því sem fram fór. „Fólkið þurfti að setja dagblað yfir hausinn í ákveðnu lagi og kveikja á ljósi í öðru lagi. Það var mikil þátttaka og mikið sungið,“ segir María.



**BAKSVIÐS Á ROCKY HORROR** Leikararnir í Rocky Horror ásamt nokkrum áhorfendum eftir áhorfendasýninguna. MYND/ÞÓRHALLUR JÓNSSON

Á meðal gesta voru fyrrverandi nemendur MH sem frumsýndu Rocky Horror fyrir tuttugu árum, þar á meðal Páll Óskar Hjálmtýsson. Eftir sýninguna kíkti hópurinn baksviðs og fór vel á með þeim og núverandi leikaraliðinu, sem samanstendur af Magnúsi Jónssyni, Eyþóri Inga Gunnlaugssyni, Bryndísi Ásmundsdóttur og Andreu Gylfadóttur meðal annarra. **- fb**

# Hönnuður sem elskar Hitler

**Tískuhönnuðurinn John Galliano hefur verið rekinn frá tískuhúsinu Dior eftir að hann sagðist elska Hitler.**

Hinn heimsfrægi breski tískuhönnuður John Galliano hefur verið rekinn frá tískuhúsinu Dior eftir að hann sagðist elska nasistaleiðtogann Hitler í myndbandi sem var gert opinbert í síðustu viku.

Myndbandið var tekið upp á kaffihúsi í París þar sem hinn fimmtugi Galliano býr. Þar ræddi hann ölvaður við aðra kaffihúsagesti og sagði við eina konu sem var í hópi með Frökkum og Ítölum: „Fólk eins og þú væri dáið. Það væri búið að senda mæður ykkar og forfeður í gasklefann.“

Galliano hafði nokkrum dögum áður verið handtekinn af lögreglunni eftir að par ákærði hann fyrir andgyðingleg ummæli á sama bar. Dómur hefur ekki verið kveðinn upp í því máli en hönnuðinum hafði verið vísað tímabundið frá störfum hjá Dior vegna þess. Hitlers-myndbandið fyllti mælinn hjá fyrirtækinu, sem hefur núna rekið hann fyrir fullt og allt.

Sidney Toledano, framkvæmdastjóri Dior, hefur fordæmt hegðun Galliano og segir að hún brjóti algjörlega í bága við þau gildi sem Christian Dior hafi staðið fyrir. Á sama tíma hefur lögfræðingur hönnuðarins vísað öllum ásökunum á bug.

Galliano hefur starfað fyrir Dior í þrettán ár og þykir hafa gert góða hluti hjá fyrirtækinu sem yfirhönnuður. Núna þarf hann að hafa sig allan við ætli hann að lagfæra orðspor sitt og koma fótunum undir sig á nýjan leik.



**Í SLÆMUM MÁLUM** Breski tískuhönnuðurinn John Galliano á tískusýningu í París í janúar. Hann hefur verið rekinn frá tískuhúsinu Dior. NORDICPHOTOS/GETTY

Leikkonan Natalie Portman, sem hlaut Óskarinn á sunnudag fyrir hlutverk sitt í Black Swan, hefur fordæmt ummælin. „Ég er í miklu uppnámi vegna myndbandsins með ummælum Johns Galliano og mér finnst þau ógeðsleg,“ sagði Portman, sem er andlit ilmvatnsins Dior Cherie. Hún hefur oft klæðst fatnaði frá Dior á rauða dreglinum en á sunnudag valdi hún hönnuð sem starfaði við Black Swan. „Í ljósi myndbandsins og sem manneskja sem er stolt af því að vera gyðingur vil ég ekki tengjast Galliano á nokkurn hátt,“ sagði hún. „Ég vona að þessi hræðilegu ummæli minni okkur á að enn þarf að berjast gegn þessum fordómum sem eru í mótsögn við allt sem er fallegt í heiminum.“

Galliano hefur verið kjörinn hönnuður ársins í Bretlandi fjórum sinnum. Tískuvikan í París hefst á föstudag og óvíst er hvaða áhrif brotthvarf hönnuðarins mun hafa á framlag Dior til hennar.

**freyr@frettabladid.is**


TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS

Hvernig varð saklaus strákur frá Kanada einn ástsælasti tónlistarmaður í heiminum í dag
JUSTIN BIEBER NEVER SAY NEVER
FRÁBÆR MYND UM LÍF JUSTIN BIEBERS, STÚTFULL AF TÓNLIST

ANTHONY HOPKINS SÝNIR STJÖRNULEIK Í ÞESSARI ÓGNVÆNLEGU SPENNUMYND
THE RITE
BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM

THE KING'S SPEECH
M.A. BESTA MYND - BESTI LEIKARI

TRUE GRIT

Frá þeim sama og færði okkur shrek
HALDIÐ YKKUR FAST...

Nýjasta hasarmynd leikstjóra DISTURBIA og framleiðandans MICHEAL BAY.
I AM NUMBER FOUR

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| JUSTIN BIEBER ótextuð | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| THE RITE | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE RITE | kl. 6 - 9:20 | VIP |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| JUSTIN BIEBER MOVIE ótextuð | kl. 6 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:10 | 16 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| JUSTIN BIEBER-3D ótextuð | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 og 10.30 | 16 |
| JÓGI BJÖRN-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| GEIMAPAR 2-3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| SANCTUM-3D | kl. 10.30 | 14 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| IPHIGÉNIE EN TAURIDE Ópera Endurflutt | kl. 6 | L |
| THE RITE | kl. 10 | 16 |
| GEIMAPARNIR 2-3D M/ ísl. Tali Sýnd á morgun | kl. 6 | L |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| FROM PRADA TO NADA | kl. 5:50 | 10 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 | L |
| ROKLAND | kl. 8 | 12 |
| KLOVN - THE MOVIE Númeruð sæti | kl. 10:10 | 14 |

WWW.SAMBIO.IS

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ FULLKOMIN GÆÐI!
THE MECHANIC MÖGNUÐ HASARSPENNUMYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF! 16 LÚXUS
How Do You Know L
BIG MOMMAS L
★★★ -H.H., MBL
BLACK SWAN ★★★★★ -H.S.S., MBL 16 LÚXUS ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS
127 HOURS 12 ★★★★★ -H.V.A., FBL ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS
THE EAGLE 16 ★★★★ -H.V.A., FBL

SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE MECHANIC | KL. 5.50 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE MECHANIC Í LÚXUS | KL. 10.30 | 16 |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.20 - 10.35 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| THE EAGLE | KL.10.10 | 16 |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| BLACK SWAN Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 | 16 |
| GULLIVER´S TRAVEL 3D | KL. 3.30 | L |
| ALFA OG OMEGA 3D | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.25 - 8 - 10.35 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 5.30 - 8 | L |
| 127 HOURS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | 12 |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| THE FIGHTER | KL. 10.30 | 14 |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| HOW DO YOU KNOW | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 5.50 - 8 | L |
| JUST GO WITH IT | KL. 10.10 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
AUKAKRÓNUR 5%

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
THE MECHANIC — BIG MOMMAS — TRUE GRIT — Just Go With It

LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| THE MECHANIC | 6, 8 og 10.10 |
| BIG MOMMAS 3 | 5.50 |
| JUST GO WITH IT | 8 og 10.25 |
| TRUE GRIT | 5.50, 8 og 10.25 |

LYFJA – Lífið heil
Náttúrulega leiðin til að léttast.
LipoSan er íslensk framleiðsla sem inniheldur kítósan, náttúrulegar trefjar unnar úr rækjuskel. Viðurkenndar rannsóknir benda til þess að trefjarnar bindi fitu, dragi úr hitaeiningafjölda og hafi auk þess góð áhrif á kólesteról.
LipoSan Ultra
20% afsláttur
Minni fita – færri hitaeiningar!
Áður: 4.990 kr. Nú: 3.989 kr.
Afsláttur gildir til 5. mars.
Lægra verð í Lyfju

BÍÓ PARADÍS

| | |
|---|---|
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, 22:40 |
| LONDON BOULEVARD (16) | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:50, 20:10, 22:30 |

CAFÉ
MUNIÐ AÐGANGSKORTIN! Allt að 37% afsláttur
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS



**ÁSTFANGIN** Peaches Geldof og Thomas Cohen eru farin að búa saman. NORDICPHOTOS/GETTY

# Peaches byrjuð að búa

Vandræðagemsinn Peaches Geldof er flutt inn með nýja kærastanum sínum. Aðeins eru þrír mánuðir síðan hún losaði sig við Íslandsvininn Eli Roth.

Peaches, sem er dóttir tónlistarmannsins Bobs Geldof, hætti með leikstjóranum Eli Roth í nóvember eftir átta mánaða samband. Skömmu síðar byrjaði hún að hitta söngvarann Thomas Cohen, úr hljómsveitinni Scum. Turtildúfurnar opinberuðu samband sitt í síðasta mánuði og nú er alvara komin í málið því þau eru byrjuð að búa.

Peaches greindi frá þessu á Twitter-síðu sinni og kveðst vera hæstánægð með ráðahaginn. „Var að flytja inn í frábæra nýja íbúð með Tom, líður vel hér," sagði Geldof hin unga.



**SNORRI HELGASON** Hitar upp fyrir Hjaltalín á tónleikaferð um Evrópu.

# Hitar upp fyrir Hjaltalín

Tónlistarmaðurinn Snorri Helgason, sem sló í gegn í Sprengjuhöllinni, hitar upp fyrir Hjaltalín á tónleikaferð sveitarinnar um Evrópu sem hefst á föstudag. „Ég hlakka mikið til. Ég fer á staði sem ég hef aldrei heimsótt áður og ég get ekki beðið eftir að spila nýju lögin mín og fá viðbrögð frá áhorfendum," segir Snorri. Hann hefur lokið upptökum á sinni annarri sólóplötu og kemur hún líklega út í sumar. Honum til aðstoðar við upptökurnar var Sindri Már Sigfússon úr hljómsveitunum Seabear og Sin Fang.

„Allt hefur áhrif, einkum við sjálf"

4. mars 2011 — Salurinn, Kópavogi

Ráðstefnustjóri: Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri Tjarnarskóla

14.30 Ráðstefnuskráning

15.00 Setning
Margrét Pála Ólafsdóttir, formaður SSSK

Ávarp
Kristín Steinsdóttir, rithöfundur

Söngur
Skólakór Ísaksskóla syngur undir stjórn Ásu Valgerðar

Að bera ábyrgð á eigin hugarfari
Jóhann Ingi Gunnarsson, sálfræðingur

Hlé

Happ í hendi
Veitingar frá Happ

ONE - allir sem einn á ögurstundu
Þyrlusveit Landhelgisgæslunnar

Gleðin ein
Hundur í óskilum

18.00 Ráðstefnulok

Skráning á ráðstefnu hjá lisbet@svth.is

samtök sjálfstæðra skóla

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MÁ BJÓÐA YKKUR MEIRI VÍSI?
Stærsti frétta- og afþreyingarvefur landsins.
vísir.is

Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!
ÞVOTTA DAGAR
ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!
ORMSSON
ÞÉR LÍÐUR BETUR MEÐ AEG
530 2800 • VERSLANIR UM LAND ALLT
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

## > Vin Diesel

„Ég er í rauninni ekkert myrkfælinn, nema þegar ég er að ganga. Það sem hræðir mig mest er sá möguleiki að ganga á vegg og sprengja vörina á mér.“

***Vin Diesel leikur mafíósann Jack DiNorscio í glæpamyndinni Find Me Guilty sem byggð er á sannri sögu um kappann. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON FYLGIST MEÐ DAUÐAKIPPUM CHARLIES SHEEN

# *Ég er á lyfjum, þau kallast Charlie Sheen!*

Charlie Sheen hefur verið daglegur gestur á síðum slúðurblaðanna síðustu vikur. Ótvíræðir hæfileikar leikarans hafa ekki fengið þá athygli sem hann telur eflaust að þeir eigi skilið heldur hefur manísk hegðun leikarans fangað athygli fjöldans.

Forsagan er svona: Charlie Sheen leikur í Two and a Half Men, sem eru vinsælustu gamanþættir Bandaríkjanna, og fær að launum tæplega tvær milljónir dala fyrir hvern þátt. Sheen komst svo ítrekað í fréttirnar eftir brjáluð partí þar sem kókaín og klámmyndaleikkonur voru í aukahlutverki, en sjálfur var Sheen að sjálfsögðu í aðalhlutverki. Honum fannst ekkert eðlilegra en þessar sódómísku veislur, en framleiðendur Two and a Half Men voru ósammála og frestuðu framleiðslu þáttanna. Sheen varð svo reiður og úthúðaði aðalframleiðanda



þáttanna í nokkrum stórkostlegum útvarpsviðtölum, framleiðandinn varð reiður og hætti framleiðslu þáttanna í kjölfarið. Þá varð Sheen ennþá reiðari, hótaði að kæra og mætti í viðtöl þar sem hann sagðist hættur að vera kókaínfíkill og heimtaði launahækkun, ef þættirnir ættu að fara á dagskrá aftur.

Ótrúleg viðtöl við Charlie Sheen birtast nú reglulega og hann fer hreinlega á kostum; segist vera með tígrisdýrablóð, kallar hina og þessa aumingja ásamt því að úthúða títtnefndum framleiðanda.

Hann hefur farið í lyfjapróf fyrir viðtölin sem sanna að blóð hans er hreint og spurður út í dópið í viðtali við sjónvarpsstöðina NBC sagði hann: „Ég er á lyfjum, þau kallast Charlie Sheen!“ Stórkostlegt! En það fyndna við þetta vesen er, að þessi viðtöl, sem nýta hvorki krafta handritshöfunda né leikstjóra, eru þúsund sinnum betra sjónvarpsefni en Two and a Half Men var nokkurn tíma.

## SJÓNVARPIÐ

**16.05 Snerting**
**16.50 Návígi** (Hulda Gunnlaugsdóttir) Viðtalsþáttur Þórhalls Gunnarssonar. (e)
**17.20 Einu sinni var...lífið** (23:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (23:42)
**18.30 Gló magnaða** (23:26)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Læknamiðstöðin** (44:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu. Meðal leikenda eru Kate Walsh, Taye Diggs, KaDee Strickland, Hector Elizondo, Tim Daly og Paul Adelstein.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Hvert stefnir Ísland?** (Umhverfis- og auðlindamál) Umræðuþáttaröð í umsjón Þórhalls Gunnarssonar, Páls Skúlasonar og Ævars Kjartanssonar.
**23.40 Landinn** (e)
**00.10 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir** (e)
**01.00 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**08.00 An American Girl: Chrissa Stands Strong**
**10.00 Artúr og Mínímóarnir**
**12.00 Liar Liar**
**14.00 An American Girl: Chrissa Stands Strong**
**16.00 Artúr og Mínímóarnir**
**18.00 Liar Liar**
**20.00 Fletch**
**22.00 Find Me Guilty**
**00.00 Go**
**02.00 Cronicle of an Escape**
**04.00 Find Me Guilty**
**06.00 Terms of Endearment**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (5:22)
**11.00 Cold Case** (7:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (18:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Eldsnöggt með Jóa Fel** (4:12)
**13.25 Gossip Girl** (5:22)
**14.10 ER** (18:22)
**15.00 iCarly** (2:45)
**15.28 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (21:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (19:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (12:23)
**20.10 Gott að borða** Sólveig Eiríksdóttir og Dorrit Moussaieff forsetafrú leitast við að vekja landsmenn til vitundar um mikilvægi heilnæms mataræðis.
**20.40 Grey's Anatomy** (15:22) Sjöunda sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle-borg.
**21.25 The Deep** Fyrri hluti hörkuspennandi framhaldsmyndar frá BBC með þeim Minnie Driver, James Nesbitt og Goran Visnjic í aðalhlutverkum. Þau leika áhöfn á kafbátnum Orpheus sem er í vísindalegum leiðangri en lenda í miklum hremmingum.
**22.55 Sex and the City** (3:8)
**23.25 Mannasiðir Gillz**
**23.55 NCIS** (3:24)
**00.40 Fringe** (4:22)
**01.25 Life on Mars** (12:17)
**02.10 Sweeney Todd: The Demon Barber of Fleet Street**
**04.05 Cold Case** (7:23)
**04.50 Grey's Anatomy** (15:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Everton - Reading** Útsending frá leik í Everton og Reading í 5. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**17.50 Everton - Reading** Útsending frá leik í Everton og Reading í 5. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**19.35 Man. City - Aston Villa** Bein útsending frá leik Manchester City og Aston Villa í 5. umferð ensku FA bikarkeppninnar.
**21.40 Spænski boltinn: Valencia - Barcelona** Útsending frá leik Valencia og Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni. Leikurinn er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3 kl. 20.55.
**23.25 Evrópudeildarmörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**00.20 Man. City - Aston Villa** Útsending frá leik Manchester City og Aston Villa í 5. umferð ensku FA bikarkeppninnar.

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Chelsea - Man. Utd**
**16.30 Wolves - Blackpool** Útsending frá leik Stoke City og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Chelsea - Man. Utd** Útsending frá leik Chelsea og Manchester United í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.25 Di Stefano** Í þessum mögnuðu þáttum er fjallað um fremstu knattspyrnumenn samtímans og að þessu sinni verður fjallað um Alfredo Di Stefano.
**21.55 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**23.10 Everton - Sunderland**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.25 Dr. Phil**
**18.10 Dyngjan** (3:12) (e)
**19.00 Judging Amy** (14:22)
**19.45 Will & Grace** (1:24) (e)
**20.10 Spjallið með Sölva** (3:16) Jón Gnarr borgarstjóri verður í ítarlegu viðtali hjá Sölva þar sem þeir munu meðal annars ganga um götur Reykjavíkur.
**20.50 Blue Bloods** (5:22) Þáttarröð frá framleiðendum Sopranos fjölskyldunnar með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagan, lögreglustjóra New York borgar.
**21.40 The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret** (3:6) Alice býður Todd í mat en óvæntur gestur setur strik í reikninginn.
**22.05 Rabbit Fall** (3:6) Vinsælir kanadískir þættir sem fjalla um lögreglukonuna Tara Wheaton sem tekur að sér löggæslu í yfirnáttúrulega smábænum Rabbit Fall. Kona er misnotuð kynferðislega og finnst látin í gildru fyrir bjarndýr.
**22.35 Jay Leno**
**23.20 CSI: Miami** (21:24) (e)
**00.10 The Cleaner** (11:13) (e)
**00.55 Will & Grace** (1:24) (e)
**01.15 Blue Bloods** (5:22) (e)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**07.25 World Golf Championship** (2:5)
**11.25 Golfing World**
**12.15 Golfing World**
**13.05 World Golf Championship** (2:5)
**17.05 Ryder Cup Official Film 1995**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (8:42)
**19.20 LPGA Highlights** (2:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (3:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (9:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (8:45)

## 2 EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (16/28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (14/24) Modern Family fjallar um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum.
**22.15 Chuck** (16/19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var ósköp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**23.00 Burn Notice** (11/16) Þriðja serían af þessum frábæru spennuþáttum þar sem hasarinn og húmorinn er linnulaus allt frá upphafi til enda. Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir útí kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**23.45 Daily Show: Global Edition**
**00.10 Falcon Crest** (16/28)
**01.00 The Doctors**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**19.00 Fróðleiksmolinn**
**Dagskrá N4 – Sjónvarp Norðurlands er endurtekið allan sólarhringinn og um helgar.**

## ÍNN

**20.00 Svavar Gestsson** Kristján Arnórsson jarðfræðingur.
**20.30 Já** Þáttur í umsjón stuðningsmanna Icesave samningsins.
**21.00 Nei** Þáttur í umsjón andstæðinga Icesave samningsins.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur hafa ótrúlega yfirsýn yfir lítil mál.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |




REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
ALLA VIRKA DAGA KL. 16
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Gott að borða

Það er komið að þriðja og síðasta þættinum með Sollu og Dorrit. Núna heimsækja þær skóla og leikskóla og matreiða holla og góða rétti með krökkunum.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Aldarspegill í útvarpi **14.03** Gullfiskurinn **15.03** Útvarpssagan: Úr Bernskunni **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Færeyjar út úr þokunni **21.10** Út um græna grundu **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Bak við stjörnurnar **23.08** Flakk **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**10.05** Whose Line Is It Anyway? **10.30** Waterloo Road **11.20** EastEnders **11.50** Dalziel and Pascoe **12.40** Dalziel and Pascoe **13.30** Deal or No Deal **14.05** Deal or No Deal **14.40** ‚Allo ‚Allo! **15.10** ‚Allo ‚Allo! **15.40** Doctor Who **16.25** Whose Line Is It Anyway? **16.50** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** ‚Allo ‚Allo! **19.00** ‚Allo ‚Allo! **19.30** Little Britain **20.00** Live at the Apollo **20.45** Life on Mars **21.35** Last of the Summer Wine **22.10** Whose Line Is It Anyway? **22.35** Whose Line Is It Anyway?

### DR 1

**12.30** Tæt på Dyrene **13.00** Vores Liv **13.30** Kender du typen **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump i det Vilde Vesten **15.15** Byggemand Bob **15.30** Skæg med bogstaver **15.55** Jeg er et dyr! **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Blekingegadebanden **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Zen **22.30** Onsdags Lotto **22.35** OBS

### NRK 1

**09.00** VM Oslo 2011 **11.00** NRK nyheter **11.05** VM Oslo 2011 **14.15** NRK nyheter **14.25** VM Oslo 2011 **14.30** VM Oslo 2011 **16.00** NRK nyheter **16.10** VM Oslo 2011 **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** VM Oslo 2011 **17.40** Distriktsnyheter **18.30** VM-kveld **19.55** Distriktsnyheter **20.40** Åse tonight **21.10** Vikinglotto **21.20** Migrapolis **22.15** Nasjonalgalleriet **22.45** Snøballkrigen **23.25** The Pacific **00.25** Svisj gull **02.00** Dansefot jukeboks m/chat **05.30** Morgennytt

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** VM-studion **11.15** Skid-VM i Oslo **13.00** VM-studion **13.15** Skid-VM i Oslo **14.15** VM-studion **14.45** Rapport **14.50** Skid-VM i Oslo **15.45** VM-studion **16.00** Dom kallar oss artister **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Borgen **21.00** The Pacific **22.00** Simma lugnt, Larry! **22.30** Gynekologen i Askim


Jóga stúdíó kynnir

# Heilunarnám



## Victor Mcwind



Victor hefur að baki 25 ár reynslu af heilun auk þess að vera lærður í mjúkvefjanuddi. Victor hefur ferðast um heiminn til að leggja mennt við heilun og býr því yfir mikilli reynslu og kunnáttu, hann hefur meðal annars lagt nám við skóla á borð við The Lung Ta Institute, Bio Sonic Institute og Cranial Sacral basic and andvenced studis. Hann heldur úti virkri starfsemi í New York borg og Woodstok þar sem hann býr.

**Frír kynningarfundur verður með Victori laugardaginn 5. mars klukkan 17.00 í Jóga stúdíó, Seljarvegi 2**

Námskeiðið byrjar 25. mars og stendur til 5. Desember

Kennt er um helgar, frá föstudegi til sunnudags. Miðað er við 11 helgar.
Að náminu loknu útskrifast nemendur með starfsleyfi sem heilarar frá McWindbodyworks.
Nánari upplýsingar um námið er að finna á www.jogastudio.is eða hjá Ágústu í síma 772-1025.

JÓGA Stúdíó

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
772-1025 - Ágústa | 695-8464 - Drífa
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com



## NÝIR OG SPENNANDI STAÐIR

Hvernig væri að fljúga út í heim og skoða framandi staði og töfrandi heimsborgir?

Skoðaðu nýja og spennandi staði og taktu þér far með einhverju af þeim 15 flugfélögum sem fljúga frá Íslandi á árinu.

**Prófaðu Dohop leitarvélina á Vísi, flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.**

dohop

vísir.is
Meiri Vísir.

Frá
Reykjavík
Til
Brottför
08.08.11
Til Baka
15.08.11
Leita





*„Félagi Charlie Sheen bætir bara í. Kennir fólki að skutla sér í óravíddir út fyrir boxið. Þvílíkur afburðaleikmaður!“*

Sölvi Tryggvason blandar sér í umræðuna um leikarann Charlie Sheen.

# Grínistinn Jon Lajoie til landsins

„Hann er rosalegur snillingur. Eitt af myndböndunum hans á Youtube er með 46 milljónir áhorfa. Þannig að það eru fleiri sammála mér,“ segir Ragnar Hlöðversson hjá Icegigg Entertainment.

Ragnar stendur fyrir komu kanadíska grínistans Jon Lajoie til landsins í Háskólabíó 12. maí. Lajoie sló fyrst í gegn með myndböndunum sínum á Youtube sem hafa notið gríðarlegra vinsælda. Hann fer í dag með hlutverk í þáttunum The League á sjónvarpsstöðinni FX Network og hefur komið fram á sjónvarpsstöðinni Comedy Central, sem er ein vinsælasta kapalsjónvarpsstöð Bandaríkjanna.

„Ég tók eftir honum fyrir tveimur árum og leist vel á myndböndin hans á Youtube,“ segir Ragnar. „Ég er búinn að vera að vinna í því að fá hann til landsins í tvö og hálft ár. Hann hefur verið mjög upptekinn við upptökur á sjónvarpsþættinum sínum en sló svo loksins til og kemur í vor.“

Ragnar segir Lajoie spenntan fyrir heimsókninni til landsins. „Hann hefur ekki komið hingað áður og er spenntur að koma og sjá landið.“ **- afb**



**FLYTUR INN GRÍNISTA** Ragnar Hlöðversson (til vinstri) hefur unnið að því að fá kanadíska grínistann Jon Lajoie til landsins síðustu ár. Vinnan er að skila sér og Lajoie kemur í maí.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Listræni kvennahópurinn Weird Girls Project frumsýndi nýtt myndband á skemmtistaðnum Bakkusi í gærkvöldi. Það var unnið með hljómsveitinni Legend, sem er samstarfsverkefni **Krumma Björgvins** og Halldórs Björnssonar. Lagið sem sveitin flytur í myndbandinu nefnist Sister og er það fyrsta sem heyrist úr herbúðum hennar. Með samstarfinu við skrítnu stúlkurnar fylgir Legend í kjölfar annarra íslenskra flytjenda sem gert hafa með þeim myndbönd að undanförnu. Má þar nefna söngkonuna Emilíönu Torrini og rokksveitina Agent Fresco.



**Guðjón Davíð Karlsson**, Gói, virðist ætla að hrista af sér þær slæmu viðtökur sem þáttur hans Hringekjan fékk því hann hefur nú fetað í fótspor Hollywoodstjörnunnar Johnnys Depp með því að tala inn á teiknimyndina Rango. Myndin fjallar um kamelljónið Rango sem lendir í hinum ýmsu ævintýrum og ljáir Depp persónunni rödd sína í ensku útgáfunni á meðan Gói sér um þá íslensku. Miðað við sýnishornið úr teiknimyndinni, sem verður frumsýnd á föstudag, gæti hún hæglega slegið í gegn á meðal íslenskra kvikmyndagesta og þar með fært bros á varir Góa á nýjan leik. **-fb**




# Sigraðu sjálfan þig!

**Helga Marin og Matti Ósvald hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir lifandi og skemmtilega fyrirlestra**



Helga Marin Bergsteinsdóttir



Matti Ósvald Stefánsson

Hafðu jákvæð áhrif á líf þitt. Finndu og nýttu styrkleika þína. Eru hindranir innra með þér? Hvernig er best að tækla neikvæðar tilfinningar? Gætir þú aukið gleðina? Ertu að nýta hugann, hæfileikana og tækifærin? Þetta og margt fleira nýtanlegt og skemmtilegt verður hluti af spennandi námskeiði sem þú mátt ekki missa af.

Maður lifandi, Borgartúni 24 | Námskeiðagjald
Fimmtud. 3. mars, kl.18:00 | **4.500 kr.**

Skráning á madurlifandi@madurlifandi.is eða í síma 585 8701

maður lifandi
Borgartúni 24
105 Reykjavík
Sími: 585 8700
www.madurlifand.is

Bestun Birtingahús

SKRÁÐU ÞIG NÚNA
á worldclass.is og í síma 55 30000

World Class ICELAND


VALGEIR GUÐJÓNSSON: MIKILL SJÓNARSVIPTIR AÐ ÞESSUM SAL

# Menningarsalur og Mjölnir víkja fyrir hóteli við höfnina

„Það hefði verið gaman að geta klárað svona eins og eitt ár. En þetta er nú svona með ævintýrin, þau eru stutt. Svo koma ný ævintýri í staðinn,“ segir tónlistarmaðurinn Valgeir Guðjónsson.

Til stendur opna hótel við Mýrargötu 2-8 vorið 2012. Valgeir og Ásta Kristrún Ragnarsdóttir, eiginkona hans, hafa rekið menningarsalinn Nema Forum í húsnæðinu frá því í fyrra. Þá hefur íþróttafélagið Mjölnir haft aðsetur í húsnæðinu síðustu ár. Til stendur að byggja hæð ofan á húsið, en 111 herbergi verða á hótelinu ásamt líkamsræktaraðstöðu, bar og veitingaaðstöðu á jarðhæð. Hótelið verður hluti af keðju Icelandair.

„Það er mikill sjónarsviptir að þessum sal,“ segir Valgeir. „Hann var svo velkomin viðbót við tónlistarflóruna. Stærðin er ákjósanleg og fólki fannst svo þægilegt að vera í þessum sal og spila þar.“

Reglulegir menningarviðburðir hafa verið í húsinu frá því að Valgeir og Ásta opnuðu Nema Forum í húsinu í fyrra. Þau vissu þó að til stæði að innrétta hótel í húsinu þegar þau hófu þar rekstur. „En það var kannski ekki reiknað með að þetta gengi svona hratt fyrir sig,“ segir hann.

Spurður hvort hann leiti nú að nýju húsnæði undir menningarsal segist Valgeir ekki vera að því. „Það var hálfgerð tilviljun að við rákumst á þennan sal,“ segir hann. „Við vorum að leita okkur að skrifstofuhúsnæði. En það er meira en að segja það að takast svona á hendur.“

Íþróttafélagið Mjölnir leitar nú að nýju húsnæði og að sögn formannsins Jóns Viðars Arnþórssonar er slatti af tómu húsnæði á svæðinu nálægt Mýrargötu. „Við erum á fullu að leita og vonumst eftir að fá svör mjög fljótlega,“ segir hann. Mjölnir er með leigusamning út ágúst og Jón segir að stefnan sé að finna húsnæði á sama svæði og íþróttafélagið er nú.

**atlifannar@frettabladid.is**







**NÝTT HÓTEL VIÐ MÝRARGÖTU**

**Valgeir Guðjónsson** og menningarsalurinn Nema Forum víkja fyrir hóteli við Mýrargötuna á næstunni ásamt **Jóni Viðari Arnþórssyni** og félögum í íþróttafélaginu Mjölni, sem hyggst þó vera áfram á svæðinu.

# Heiðra Lebowski í fimmta sinn

Fimmta árlega Big Lebowski hátíðin verður haldin 12. mars í Keiluhöllinni. Þar verður samnefndri kvikmynd Coen-bræðra frá árinu 1998 gert hátt undir höfði en myndast hefur í kringum hana dyggur aðdáendahópur víða um heim, þar á meðal hér á landi.

„Síðasta hátíð var sú fjölmennasta hingað til. Það virðist alltaf passa að það séu tíu fleiri en árið áður,“ segir Svavar Helgi Jakobsson, sem skipuleggur hátíðina ásamt Ólafi Sverri Jakobssyni. 65 manns mættu í fyrra þar sem þátttakendur horfðu á The Big Lebowski, spiluðu keilu og kepptu um besta búninginn. Hörður Guðlaugsson bar þá sigur úr býtum annað árið í röð er hann mætti í bleyju, sem er tilvísun í eina setningu í myndinni. „Ég stórefast um að það verði bætt,“ segir Svavar Helgi um búninginn. Hann vonast til að Herði verði veitt hörð keppni í ár. „Hann er búinn að vera svolítill einvaldur. Hann hlýtur að vera búinn að toppa sig.“

Ný uppákoma verður á hátíðinni í þetta sinn. Hún nefnist „Fuckin' Fascist“ þar sem keppendur kasta bolla í hausinn á hinum húðlata The Dude í gínuformi. Fjölmörg verðlaun verða veitt, meðal annars fyrir fyrstu fimm sætin í búningakeppninni, besta skorið í keilu, ásamt „Achiever“-heiðursverðlaununum. Miðar fást á Bolur.is á 2.500 kr. og þar er allt innifalið, þar á meðal Lebowski-stuttermabolur. **- fb**



**SIGURVEGARI** Sigurvegarinn frá í fyrra, Hörður Guðlaugsson, er í miðjunni. Eftirhermur persónanna Walter og The Dude eru beggja megin við hann.


TOWER
borgari
máltíð
mánaðarins
á kfc
nýbakað hamborgarabrauð
létt majónes og tómatsósa
ferskt iceberg salat
ostur
kartöfluskífa
mjúk kjúklingabringa
899
kr.
0gr. trans-fita
svoooogott™
www.kfc.is
FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



**LÖGFRÓÐUR**
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

Ókeypis lögfræðiráðgjöf
á miðvikudögum frá kl. 17:00–20:00
í Háskólanum í Reykjavík

LÖGRÉTTA

logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Egill á opnunartónleika

Sala á opnunartónleika Hörpunnar hófst í gær í Aðalstræti 2. Augljóst var að fjöldi tónlistarunnenda hafði beðið lengi eftir þessari stundu og eftirvænting var mikil. Ekki vildi betur til en svo að miðasölukerfið þoldi álagið illa og þurftu um hundrað tónlistarunnendur að bíða óratíma í röð sem lá út úr anddyri hússins. Meðal þeirra sem beið spenntur í röð var fjölmiðlamaðurinn **Egill Helgason**, annálaður tónlistarunnandi. Hann var einn þeirra heppnu sem krækti sér í miða á tónleikana. Auk opnunartónleikanna voru seldir miðar á tónleika þýska tenórsins Jonas Kaufmann.



### Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni

Nýtt andlit mun birtast á sjónvarpsskjáum landsmanna á næstunni þegar vikulegir þættir um Skólahreysti hefja göngu sína í Sjónvarpinu. Annar stjórnenda er Guðmundur Gunnarsson sem stýrði Eurovision-þáttum á dögunum en hinn stjórnandinn er **Edda Sif Pálsdóttir**, 22 ára Garðabæjarmær. Edda hefur undanfarið starfað sem skrifta á RÚV en hún á ekki langt að sækja hæfileikana. Faðir hennar er **Páll Magnússon,** útvarpsstjóri og einn besti fréttalesari landsins um langt árabil. **- sv, hdm**



### Mest lesið | VÍSIR.IS

1. Fjölskylda Hannesar: Líf hans metið einskis virði
2. Dæmdir fyrir hrottalega árás á gamlan mann með ungbarn
3. Brjóstaís gerður upptækur
4. Gunnar Rúnar var haldinn amor insanus
5. Hús Friðriks Þórs liggur undir skemmdum


FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN



**ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. VÍSIR.IS

TOYOTA

## Að bremsa eða bremsa ekki?
## Hver vill spyrja sig þeirrar spurningar?




**Í mars er ástandsskoðun á bremsum í boði þjónustuaðila Toyota - Bara lausnir**
Stoppaðu hjá einhverjum af viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota og láttu fara yfir bremsudiskana, bremsuklossana og bremsuborðana í bílnum. Það eykur umferðaröryggi og sparar þér peninga.

**20% afsláttur**
Í mars er 20% afsláttur af öllum bremsudiskum, bremsuklossum og bremsuborðum hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | 200 Kópavogi | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6600 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 577 7080 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

Today
Tomorrow
Toyota